2018-2019

Ársskýrsla Grunnskólans á Ísafirði



Grunnskólinn á Ísafirði

Ársskýrsla

2018-2019

Contents

1. INNGANGUR 4

2. ÝMSAR UPPLÝSINGAR 6

STJÓRNENDUR GRUNNSKÓLANS Á ÍSAFIRÐI 2018-2019 6
NEFNDIR RÁÐ OG TEYMI 2018-2019 6
STJÓRNENDUR OG STARFSFÓLK GRUNNSKÓLANS Á ÍSAFIRÐI 2018-2019 7
NEMENDAFJÖLDI SKÓLAÁRIÐ 2018-2019 9
FJÖLDI KENNSLUSTUNDA 10
SAMSTARF HEIMILIS OG SKÓLA 10

3. SKÝRSLUR UMSJÓNARKENNARA 1.-7. BEKKJA 11

1.BEKKUR 11
2. BEKKUR 14
3.BEKKUR 17
4.BEKKUR 18
5.BEKKUR 21
6.BEKKUR 23
7.BEKKUR 26

3. SKÝRSLUR UNGLINGASTIGS 29

SKÝRSLA DEILDARSTJÓRA UNGLINGASTIGS 29
8. BEKKUR 30
9.BEKKUR 34
10. BEKKUR 36

4. STOÐÞJÓNUSTA 42

NÁMSVER 44
ÍSLENSKA SEM ANNAÐ MÁL 45
PÓLSKA 46
SÉRKENNSLA OG ÍSAT 46
SÉRKENNSLA OG ÍSAT 47
ÞROSKAÞJÁLFAR 49
NÁMS- OG STARFSRÁÐGJÖF 49

5. SÉRGREINAR 50

HEIMILISFRÆÐI 50
DANS 52
ÍÞRÓTTIR 54
TEXTÍLMENNT 55
TÆKNIMENNT 57
PÓLSKA 59
ÝMSAR VALGREINAR 59
Hræringur 59
Slökun og hugleiðsla 59
Næringarfræði 60
Tæknilegó 60
Fab-Lab 61
Tækniráð 61

6. FAGTEYMI 62

ÍSLENSKUTEYMI 62
TEYMI UM KENNSLU Í ERLENDUM TUNGUMÁLUM 64
HEILSUTEYMI 64
VINALIÐATEYMI 64
LAUSNATEYMI 65
SNILLINGATEYMI 65
UPPLÝSINGATÆKNI 67
BYRJENDALÆSISTEYMI 67

TEYMI VERK- OG LISTGREINAKENNARA 67
7. ÝMSAR SKÝRSLUR 69
BÓKASAFN GRUNNSKÓLANS Á ÍSAFIRÐI 69
SKÓLARÁÐ 71
FJÁRHAGSÁÆTLUN SKÓLANS 71
STARFSMARKMIÐ 2018-2019 72
SAMRÆMD PRÓF 74
FORFÖLL NEMENDA 76
FORFÖLL STARFSFÓLKS 77
SAMSTARF GRUNNSKÓLANS OG LEIKSKÓLANNA 77
STARFSMANNASAMTÖL 77
AÐKEYPT ÞJÓNUSTA 78
SKRIFSTOFA GRUNNSKÓLANS Á ÍSAFIRÐI 78
8. SAMVINNA OG TENGSL VIÐ AÐILA UTAN SKÓLANS 79

1. Inngangur

Ársskýrsla Grunnskólans á Ísafirði (GÍ) kemur nú út í sextánda skipti. Sumarið 2004 var fyrstu skýrslu um skólahald GÍ skilað til Skóla- og fjölskylduskrifstofu Ísafjarðarbæjar og fræðslunefndar. Tilgangurinn með ritun hennar er að halda til haga helstu upplýsingum um starfsemi nýliðins skólaárs. Henni er dreift til stjórnar foreldrafélagsins, nemendaráðs, Skóla- og tómstundasviðs Ísafjarðarbæjar, fræðslunefndar, bókasafns skólans og stjórnenda skólans. Skýrslan liggur frammi á kaffistofu starfsfólks GÍ og er vistuð á heimasíðu skólans http://grisa.isafjordur.is
Skýrslan er sett saman með það í huga að gefa upplýsingar um allt það góða og fjölbreytta starf sem unnið hefur verið á þessu skólaári í Grunnskólanum á Ísafirði. Skólaárið var viðburðarríkt og einkenndist sem fyrr af gróskumiklu starfi. Í aðalnámskrá grunnskóla er birt viðmiðunarstundaskrá sem sýnir áætlaða tímaskiptingu og fjölda kennslustunda í tilteknum námsgreinum/árgöngum. Í GÍ leggja stjórnendur allt kapp á að uppfylla lög og reglur varðandi lágmarkstímafjölda í bekkjum. Yfirlit yfir flest það sem unnið er í bekkjum má sjá í skýrslum þeirra og sérgreinakennara og hér verður aðeins tæpt á nokkrum atriðum til viðbótar.

Nokkur stærri verkefni hafa fengið sérstaka athygli hjá okkur í vetur, þessi verkefni eiga það sameiginlegt að þau taka til vinnu í mörgum árgöngum og styðja við lýðræði í skólastarfi, bæði meðal nemenda og starfsmanna. Þar má meðal annars nefna hræring, nemendaþing, teymiskennslu og vinnuandateymi.

Grunnskólarnir á Ísafirði og Suðureyri fengu styrk frá Evrópusambandinu til að vinna samstarfsverkefni með fjórum öðrum Evrópulöndum, Grikklandi, Svíþjóð, Búlgaríu og Hollandi. Í verkefninu vinna nemendur með mannréttindayfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna og skoða hvernig ólík lífsskilyrði og viðhorf hafa áhrif á möguleika fólks til að fá notið þeirra réttinda að fullu. Markmið með verkefninu er að auka skilning og umburðarlyndi gagnvart ólíkum aðstæðum fólks. Nemendur 9.bekkjar verða þátttakendur af okkar hálfu og fjölmargir starfsmenn skólanna taka einnig þátt í verkefninu með einum eða öðrum hætti. Í verkefninu felst einnig að nemendur fara í heimsóknir á milli landanna og kynnast þar af eigin raun ólíkum aðstæðum.

Skólinn tók upp í vetur sjálfsmatsaðferðina How good is our school, sem á íslensku er nefnt Gæðagreinir. Þetta skoska matskerfi var þýtt og staðfært af starfsfólki hjá Skólaskrifstofu Skagfirðinga. Gæðaramminn er hjálpartæki, þar sem m.a. eru sett fram dæmi um gæðaviðmið og gagnlegar spurningar um skólastarf. Kjarni sjálfsmatsaðferðarinnar er að sem flestir í skólastarfinu taki þátt í samræðum um skólastarfið út frá skilgreindum viðmiðum og styðjist við samræmda einkunnagjöf. Allir starfsmenn skólans fóru á námskeið í haust og hafa þeir allir tekið þátt í sjálfsmatsvinnunni. Þessi aðferð er notuð í öllum skólum Ísafjarðarbæjar og eru þeir nú með samræmda matsáætlun til fimm ára.

Þar sem illa leit út með skíðadag var haldin íþróttahátíð í 4.-7. bekk á Torfnesi og voru óhefðbundnar íþróttagreinar í fyrirrúmi. Íþróttagreinarnar voru meðal annars froskalappaboðhlaup, skyrát, skotkeppni, sippkeppni, kóngulóarfótbolti og margt fleira. Mjög vel tókst til með íþróttahátíðina og stefnt er að því að gera þessa hátíð árlega. Einnig var leikjadegi á 1.-4.bekk breytt þannig að nú var hann sameiginlegur öllum bekkjum á Torfnesi og höfðu íþróttakennarar veg og vanda að undirbúningu hans eins og íþróttahátíðarinnar. Það var einnig mikil ánægja með þetta fyrirkomulag og verður leikjardagurinn á yngsta stiginu vonandi með þessum hætti áfram.

Í byrjun mars kom í ljós að mygla reyndist í sýnum sem tekin voru úr tveimur kennslustofum í gráa húsinu (Gaggó). Í framhaldi af því var öll sú álma rýmd og nemendum komið fyrir í ýmsum rýmum, svo sem dansstofu, námsveri, bókasafni og náttúrufræðistofu og sýni tekin úr öllum rýmum í álmunni. Vonir stóðu til að þetta ástand væri einungis í tvær til þrjár vikur meðan beðið var eftir niðurstöðum úr seinni sýnatökunni. Starfsfólkið allt og nemendur tóku þessum breytingum af einstöku æðruleysi og útsjónarsemi. Niðurstöður seinni sýnatökunnar kom svo um miðjan mars og reyndist mygla í öllum sýnunum og ljóst að ekki yrði kennt í álmunni fram til vors. Aftur urðu nokkrir flutningar til að koma nemendum betur fyrir og gekk það vel. Það voru allir tilbúnir til að láta þetta ganga en undir vor var komin mikil þreyta í mannskapinn, sérstkalega þar sem árgöngum var kennt saman. Vonandi ganga áætlanir eftir og við getum byrjað næsta skólaár með allt húsið til reiðu.

Sveinfríður Olga Veturliðadóttir, skólastjóri

2. Ýmsar upplýsingar

Stjórnendur Grunnskólans á Ísafirði 2018-2019

Skólastjóri	Sveinfríður Olga Veturliðadóttir
Aðstoðarskólastjóri	Helga S. Snorradóttir
Deildarstjóri sérkennslu	Helga Björt Möller
Deildarstjóri unglingastigs	Guðbjörg Halla Magnadóttir
Námsráðgjafi	Inga Bára Þórðardóttir
Húsvörður	Hermann Hákonarson

Nefndir ráð og teymi 2018-2019

Heimasíða	Helga S. Snorradóttir
Fulltrúar í skólaráði	Guðný Stefanía Stefánsdóttir Kristín Oddsdóttir Rannveig Halldórsdóttir
Nemendaverndarráð	Sveinfríður Olga Veturliðadóttir, skólastjóri Helga S. Snorradóttir, aðstoðarskólastjóri Guðbjörg Halla Magnadóttir, deildarstjóri Helga Björt Möller, deildarstjóri Inga Bára Þórðardóttir, námsráðgjafi Helena Hrund Jónsdóttir, skólahjúkrunarfræðingur
Skólahjúkrunarfræðingur	Helena Hrund Jónsdóttir
Trúnarðarmenn kennara	Erna Sigrún Jónsdóttir Fríða Rúnarsdóttir
Trúnaðarmaður VerkVest	Violetta Maria Duda
Trúnaðarmaður FosVest	Erna Björk Jónsdóttir
Öryggistrúnaðarmenn	Eiríkur Gísli Johansson Elva Björk Jóhannsdóttir Guðný Stefanía Stefánsdóttir
Byrjendalæsi	Ástrún Jakobsdóttir Helga Aðalsteinsdóttir Jón Heimir Hreinsson Katrín Björnsdóttir Kristín Oddsdóttir María Lárusdóttir Marzena Glodkowska Vala Friðriksdóttir

Snillingateymi	Auður Yngvadóttir Erna Sigrún Jónsdóttir Kristín Guðbjört Guðmundsdóttir
List- og verkgreinar	Bjarnveig Jakobsdóttir Fríða Rúnarsdóttir Guðlaug Jónsdóttir Ólöf Dómhildur Jóhannsdóttir Sigurrós Eva Friðþjófsdóttir
Tækniteymi	Guðbjörg Halla Magnadóttir Jón Hálfdán Pétursson
Lausnateymi	Bergljót Halldórsdóttir Guðný Stefanía Stefánsdóttir Jóhanna Ása Einarsdóttir Kristín Ólafsdóttir
Vinaliðar	Atli Freyr Rúnarsson Árni Heiðar Ívarsson
Stoðteymi	Berglind Árnadóttir Birgitta Guðbjartsdóttir Helga Björt Möller Iwona Samson Lafey Eyþórsdóttir Magnúsína L. Harðardóttir Sóley Veturliðadóttir
Heilsueflandi teymi	Katrín Sif Kristbjörnsdóttir Ríkharð Bjarni Snorrason Smári Teitsson
Innra mat	Bryndís Bjarnason Guðlaugur Valdimarsson Helga S. Snorradóttir Inga Bára Þórðardóttir Sveinfríður Olga Veturliðadóttir

Stjórnendur og starfsfólk Grunnskólans á Ísafirði 2018-2019

Við skólann störfuðu 71 starfsmenn í misstórum stöðuhlutföllum. Stjórnendur eru í 3,25 stöðugildum og kennarar eru í samtals tæplega 36 stöðugildum, þroskaþjálfar í 2 stöðugildum, stuðningsfulltrúar í 9 stöðugildum, skólaliðar í 6 stöðum og aðrir starfsmenn í 5,6 stöðugildum alls. Skólastjóri þetta skólaár var Sveinfríður Olga Veturliðadóttir og aðstoðarskólastjóri Helga S. Snorradóttir.

Agnes Kristín Aspelund	Skólaritari II
Alma Björk Sigurðardóttir	Stuðningsfulltrúi
Anna Portia Specker	Skólaliði
Arna Björk Sæmundsdóttir	Grunnskólakennari
Atli Freyr Rúnarsson	Grunnskólakennari
Auður Yngvadóttir	Kennari
Álfheiður Elín Bjarnadóttir	Stuðningsfulltrúi
Árni Heiðar Ívarsson	Íþróttakennari
Árný Einarsdóttir	Stuðningsfulltrúi
Árný Hallfríður Herbertsdóttir	Kennari
Ástrún Jakobsdóttir	Leiðbeinandi
Berglind Árnadóttir	Sérkennari
Bergljót Halldórsdóttir	Grunnskólakennari
Bergþóra Kristín Borgarsdóttir	Stuðningsfulltrúi
Birgitta Rós Guðbjartsdóttir	Þroskaþjálfi
Bjarnveig S Jakobsdóttir	Kennari
Bryndís Bjarnason	Grunnskólakennari
Carolin Ursula Kraus	Bókavörður
Chisa Joy Ohiri	Skólaliði
Edda Katrín Einarsdóttir	Stuðningsfulltrúi
Edina Beata Nemethne Batyai	Skólaliði
Eiríkur Gísli Johansson	Matráður
Elísabet Una Jónsdóttir	Aðstoðarmatráður
Elva Jóhanna Jóhannsdóttir	Stuðningsfulltrúi
Erna Björk Jónsdóttir	stuðningsfulltrúi
Erna Sigrún Jónsdóttir	Grunnskólakennari
Fanney Rósa Jónsdóttir	Skólaliði
Fríða Rúnarsdóttir	Grunnskólakennari
Guðbjörg Halla Magnadóttir	Deildarstjóri
Guðbjörg Jónsdóttir	Skólaliði
Guðlaug Jónsdóttir	Grunnskólakennari
Guðlaugur Viðar Valdimarsson	Grunnskólakennari
Guðmundur Auðun Gunnarsson	Stuðningsfulltrúi
Guðmundur Grétar Friðriksson	Stuðningsfulltrúi
Guðný Stefanía Stefánsdóttir	Grunnskólakennari
Guðríður Sigurðardóttir	Grunnskólakennari
Helga Björt Möller	Grunnskólakennari
Helga Elísabet Aðalsteinsdóttir	Grunnskólakennari
Helga Sigfríður Snorradóttir	Aðstoðarskólastjóri
Herdís Magnea Hübner	Grunnskólakennari
Hermann Alfreð Hákonarson	Húsvörður
Inga Bára Þórðardóttir	Námsráðgjafi
Iwona Maria Samson	Kennari
Jóhanna Ása Einarsdóttir	Grunnskólakennari
Jón Hálfdán Pétursson	Grunnskólakennari

Jón Heimir Hreinsson	Grunnskólakennari
Jóna Björk Brynjarsdóttir	Stuðningsfulltrúi
Karlotta Dúfa Markan	Stuðningsfulltrúi
Katrín Björnsdóttir	Grunnskólakennari
Katrín Sif Kristbjörnsdóttir	Leiðbeinandi
Kolbrún Guðjónsdóttir	Bókavörður
Kristín Berglind Oddsdóttir	Grunnskólakennari
Kristín Ólafsdóttir	Grunnskólakennari
Laufey Eyþórsdóttir	Sérkennari
Magnúsína L Harðardóttir	Grunnskólakennari
María Friðgerður Lárusdóttir	Grunnskólakennari
Marzena Glodkowska	Leiðbeinandi
Monica Mackintosh	Grunnskólakennari
Ólöf Dómhildur Jóhannsdóttir	Leiðbeinandi
Rannveig Halldórsdóttir	Bókasafnsfræðingur
Ríkharð Bjarni Snorrason	Grunnskólakennari
Sigurrós Eva Friðþjófsdóttir	Danskennari
Smári Rafn Teitsson	Kennari
Sóley Veturliðadóttir	Þroskaþjálfi
Sveinfríður Olga Veturliðadóttir	Skólastjóri
Sylwia Katarzyna Jurczuk	Grunnskólakennari
Teresa Maria Richter	Skólaliði
Unnur Björk Arnfjörð	Grunnskólakennari
Vala Friðriksdóttir	Kennari
Violetta Maria Duda	Skólaliði
Yngvi Gunnlaugsson	Leiðbeinandi
Þóra Steinunn Gunnarsdóttir	Stuðningsfulltrúi

Nokkur starfsmannavelta litaði skólastarfið á þessu ári. Tveir starfsmenn fóru í fæðingarorlof, tveir hættu eftir stuttan starfstíma, tveir lentu í veikindum sem stóðu lengur en fjórar vikur og flokkast sem langtímaveikindi. Til viðbótar við þetta voru þrír leiðbeinendur í vettvangsnámi sem og einn stuðningsfulltrúi.

Nemendafjöldi skólaárið 2018-2019

Nemendur skólans voru 374 og skiptust eftir kynjum og eins og hér sést.

Bekkir	**Drengir**	**Stúlkur**	**Alls**	**Umsjónarkennari**
1.HM	10	14	24	Helga Aðalsteinsdóttir/María Lárusdóttir
1.KV	10	15	25	Kristín Oddsdóttir
2.ÁH	9	6	15	Árný Herbertsdóttir
2.ÁJ	10	5	15	Ástrún Jakobsdóttir
2.MG	9	7	16	Marzena Glodkowska
3.AS	9	13	22	Arna Sæmundsdóttir
3. JH	13	9	22	Jón Heimir Hreinsson
4.JÁE	12	6	18	Jóhanna Ása Einarsdóttir
4. KB	12	5	17	Katrín Björnsdóttir

5.AY	11	11	22	Auður Yngvadóttir
5.SRT	8	13	21	Smári Rafn Teitsson
6.GR	16	15	31	Guðný St. Stefánsdóttir/Ríkharð Bjarnason
7.EJ	10	8	18	Erna Sigrún Jónsdóttir
7.KG	10	9	19	Kristín G.Guðmundsdóttir
8.JK	11	23	24	Jón Hálfdán Pétursson/Katrín Sif Kristbjörnsdóttir
9.BH	16	12	28	Bergljót Halldórsdóttir
10.KÓ	11	16	27	Kristín Ólafsdóttir
Samtals	187	187	374	

Fjöldi kennslustunda

Árið 2018-2019 var Grunnskólanum á Ísafirði úthlutað 910 kennslustundum á viku. Skólinn fékk úthlutað 14 stundum í viðbót frá áramótum þar sem ákveðið var að hafa tvo kennara í öllum hópum í 9. bekk. Allar kennslustundirnar voru nýttar til kennslu við skólann. Kennsla í smáskipanámi sem Fræðslumiðstöð Vestfjarða sá um var greidd sérstaklega sem og fjarnám í pólsku sem sjö nemendur lögðu stund á við Laugarlækjarskóla.

Samstarf heimilis og skóla

Grunnskólastefna Ísafjarðarbæjar hefur það að leiðarljósi að skólastarf sé samvinnuverkefni nemenda foreldra og starfsfólk skólanna. Grunnskólinn á Ísafirði leggur áherslu á að stuðla að virku samstarfi við foreldra. Gefin er út skólahandbók á hverju hausti og birt á heimasíðu skólans. Heimasíða skólans er uppfærð reglulega og allar upplýsingar og fréttir er varða skólastarfið birtast þar. Foreldrar hafa aðgang að upplýsingum um börn sín í Mentor.is. Nemendur í 1.-7. bekk fá heimavinnuáætlanir í hverri viku en á unglingastiginu er oft sendur tölvupóstur til foreldra um heimavinnu.

Í ágúst voru allir nemendur skólans boðaðir í viðtal, ásamt foreldrum,við umsjónarkennara. Í viðtalinu var farið yfir markmið sem nemendur settu sér fyrir vetrarstarfið. Á fyrstu vikum skólaársins boðuðu umsjónarkennarar til kynningafunda fyrir foreldra þar sem farið var yfir helstu markmið skólastarfsins og hvernig foreldrar geta best stutt börn sín í náminu. Jafnframt voru foreldrar boðnir í skólann á fjölmargar skemmtanir, við skil á verkefnum eða á öðrum sérstökum stundum í öllum árgöngum. Foreldrum og aðstandendum var einnig boðið á sérstakar árshátíðarsýningar.

Sérstakur kynningarfundur var haldinn í lok maí fyrir nemendur og foreldra í 9. bekk um væntanlegt starf næsta vetrar sem hefst að vanda með tveggja daga gönguferð í Hornstrandafriðlandið. Foreldrar eru ætíð hvattir til að hafa samband við kennara barna sinna um leið og áhyggjur og skólinn gerir slíkt hið sama ef einhver mál þarf að ræða sérstaklega.

Foreldrafélag skólans stóð fyrir jólaföndri í byrjun desember og tók þátt í að fá ýmsar kynningar fyrir nemendur og foreldra. Haldinn var aðalfundur þann 8.mars þar sem ný stjórn tók við, hana skipa Petra Hólmgrímsdóttir, Ólöf Dómhildur Jóhannsdóttir, Sveinbjörn Magnason, Elfa Svanhildur Hermannsdóttir, Kolbrún Fjóla Arnarsdóttir og Lea Valdís Bergsveinsdóttir. Stjórnin hefur ekki skipt með sér verkum.

3. Skýrslur umsjónarkennara 1.-7. bekkja

1.bekkur

Nemendur árgangsins voru 49. Nemendur skiptust í fjóra umsjónarhópa. Umsjónarkennarar voru: Helga Elísabet Aðalsteinsdóttir, Kristín Berglind Oddsdóttir, María Lárusdóttir og Vala Friðriksdóttir.
Kennt var í stofum á neðri hæð í gamla gagnfræðaskóla og í febrúar fluttum við í aðrar stofur vegna myglu (dansstofa/námsver, frístund/dægradvöl) . Aðrir kennarar voru: Alti Rúnarsson, Árni Heiðar Ívarsson og Jón Hálfdán Pétursson sem sáu um sund. Auður Yngvadóttir, Árni Heiðar Ívarsson, Katrín Björnsdóttir, Katrín Sif Kristbjörnsdóttir og Sylwia Katarzyna Jurczuk sáu um íþróttir. Árni Heiðar Ívarsson, María Lárusdóttir, Vala Friðriksdóttir og Katrín Sif Kristbjörnsdóttir sáu um útivist í einum hóp. Eva Friðþjófsdóttir, Kristín Berglind Oddsdóttir og María Lárusdóttir kenndu dans og hreyfingu. Kristín Berglind Oddsdóttir og María Lárusdóttir kenndu heimilisfræði. Bjarnveig Jakobsdóttir kenndi tæknimennt. Helga Elísabet Aðalsteinsdóttir kenndi myndmennt. Vala Friðriksdóttir kenndi textílmennt. Helga Elísabet Aðalsteinsdóttir, María Lárusdóttir, Ólöf Dómhildur Jóhannsdóttir og Guðlaug Jónsdóttir kenndu upplýsingatækni. Stuðningsfulltrúar voru Erna Björk Jónsdóttir í 1. HA og Jóna Björk Brynjarsdóttir. Þroskaþjálfi var Sóley Veturliðadóttir.

Í árganginum var unnið í teymiskennslu. Ingvar Sigurgeirsson kom og aðstoðaði við eftirfylgni á innleiðingu á teymiskennslu. Fyrri hluta vetrar var meira um hópablöndun en seinni hluta vetrar var minna um blöndun í hópa vegna flutninganna.

Eftirfarandi fög voru kennd: Stærðfræði 6 stundir, Byrjendalæsi 14 stundir (íslenska, samfélags- og náttúrufræði, lífsleikni), útivist 1 stund, íþróttir 2 stundir, sund 1 stund, tónmennt 1 stund, heimilisfræði 1 stund, tæknimennt 1 stund, textílmennt 1 stund, myndmennt 1 stund, upplýsingatækni 1 stund og dans/hreyfing 1 stund.
Í skólanum er kennt samkvæmt kennsluhugmyndum Byrjendalæsis og þar er íslensku-, náttúrufræði-, samfélagsfræði- og lífsleiknikennsla samþætt. Meginmarkmiðið er að börnin nái góðum árangri í lestri sem allra fyrst á skólagöngunni. Aðferðin gerir ráð fyrir því að hægt sé að mæta börnum með ólíka þekkingu og færni þar sem áherslan er á hópvinnu um leið og einstaklingsþörfum er mætt.

Íslenska
Í 1. bekk er aðaláherslan í íslensku á að kenna bókstafi og lestur. Vinnan í lestarkennslunni var mjög fjölbreytt og voru tveir bókstafir lagðir inn í hverri viku. Nemendur fengu að spreyta sig á mörgum og ólíkum verkefnum sem áttu að stuðla að færni og skilningi þegar kom að lestri og ekki hvað síst að því að hafa ánægju af því að lesa. Áhersla á heimalestur var mikil og unnu nemendur einnig hljóðsögu heima í tengslum við stafi vikunnar.

Í skrift var lögð áhersla á að nemendur héldu rétt á skriffæri og drægju rétt til stafs. Nemendur unnu skriftaræfingar, bæði frjálst og eftir forskrift, í tengslum við stafi vikunnar auk fjölda annarra skriftarverkefna. Eftir páska fengu nemendur 5-orðabók í heimavinnu.

Stærðfræði
Undirstöðuhugtök stærðfræðinnar voru áhersluatriðin í 1. bekk. Áhersla var lögð á að nemendur ynnu með og þekktu tölur frá 0 og upp í 30, plús, mínus, talnaröð, talnalestur, talnalínu og talnaskilning svo eitthvað sé nefnt. Nemendur fengu einnig þjálfun í að ræða og rökstyðja svör sín og niðurstöður og voru fjölbreytt verkefni unnin í þeim tilgangi.

Hlutbundinnni vinnu var gert nokkuð hátt undir höfði og notuðu nemendur t.a.m. kubba og talnagrindur þegar unnið var að úrlausnum.

Samfélags- og náttúrufræði
Í skólabyrjun var nemendum kynnt nánasta umhverfi skólans. Mikilvægi fjölskyldu, vina og skólafélaga var einnig tekið fyrir og það að tilheyra hópi. Í tengslum við þetta var farið í gönguferðir um skólann og nánasta umhverfi hans. Farið var í fjallgöngu upp í Stórurð. Undir vorið var svo þemaverkefni um fiska á dagskrá og í framhaldi af því var farið í heimsókn í fiskvinnsluna Íslandssögu og Klofning á Suðureyri.

Lífsleikni
Verkefni samkvæmt Uppbyggingarstefnu voru unnin. Áhersla var lögð á að nemendur temdu sér virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum.
Kynnt var fyrir nemendum áhersluatriðin í Uppbyggingarstefnunni og bekkjarsáttmáli gerður. Einnig var farið vel í hlutverk nemenda og kennara.
Kennd var litahegðun, þar eru litir tengdir við ákveðna hegðun og unnir út frá því. T.d. er rauð hegðun neikvæð en græn eftirsóknarverð. Þarna er persónan tekin út og bara horft á hegðun.

Við áttum góð samskipti við Bæjarbókasafnið og fórum í 3 heimsóknir yfir veturinn.

Tónmennt
Nemendur lærðu ýmis sönglög og þjálfuðust í að syngja þau saman. Á árshátíðinni söng fyrsti bekkur tvö lög.

Myndmennt, textílmennt, tæknimennt og upplýsingatækni. Áhersla var lögð á að þjálfa hug og hönd nemenda og örva sköpunargleði þeirra. Mjög mörg verkefni voru unnin í hverju fagi fyrir sig.

Útivist
Farið var í útivist 1 sinni í viku og var lögð áhersla á frjálsan leik og holla hreyfingu.

Sund
Árganginum var skipt upp í 4 hópa og farið var í alla helstu þætti sem koma fyrir í námskrá.

Námsgögn
Íslenska: Ýmis gæðatexti úr barnabókum lagður til grundvallar í lestrarnámi. Lestrarbókin Við lesum A og vinnubók. Léttlestrarbækur af skólavef og ýmsar lestrarbækur við hæfi nemenda. Ýmis fjölbreytt verkefni búin til af kennurum, í anda Byrjendalæsis.
Skriftarbókin Góður-betri-bestur 2A, Lestrarlandið 1+ og 2+. Einnig fengu nemendur ljósritað hefti Leikur að orðum sem var svona auka bók.

Stærðfærði: Sproti 1a,1b og fyrsti kaflinn í 2a, nemenda- og æfingabók. Ljósrituð hefti útbúin af kennurum.

Samfélags- og náttúrufræði: Komdu og skoðaðu umhverfið. Efni búið til af kennurum: Fiskaþemavinnubók.

Lífsleikni: Verkefni í anda uppbyggingarstefnunnar.

Námsmat
Íslenska: Í september var lagt fyrir orðleysu- og nefuhraðapróf frá MMS einnig voru örfáir sem tóku lesfimipróf. Lesferill- lestrarskimun fyrir 1. bekk grunnskóla sem Menntamálastofnun gefur út í október og niðurstöður hennar notaðar til að skipurleggja stuðningkennslu fyrir þá sem þurftu. Í janúar og maí var tekið lesfimipróf frá Menntamálastofnun. Við mat á hraðlestrarprófum var stuðst við miðmið um lesfimi frá MMS. Nemendur tóku lokapróf í lesskilningi sem var lagt fyrir í maí.
Nemendur tóku lokapróf í stærðfræði sem einnig var lagt fyrir í maí.

Í öðrum greinum sem umsjónarkennarar kenndu var ekkert formlegt námsmat.

Viðburðir og vettvangsferðir.
Í september var farið í fjallgöngu í Stórurð.
Nemendur tóku þátt í norræna skólahlaupinu í september. Hjúkrunarfræðingur kom í bekkina og var með fræðslu fyrir nemendur.

Í september var haldið foreldranámskeið með foreldrum nemenda í 1. bekk. Á námskeiðinu var lögð áhersla á að kynna fyrir foreldrum þær aðferðir sem notaðar eru við lestrarkennslu og þau meginatriði sem unnið er eftir í uppbyggingarstefnunni ásamt litahegðun.
Foreldraviðtöl voru í upphafi skólaársins, 23. ágúst 17. október, 29. janúar og 7. júní.
Í maí komu verðandi fyrstu bekkingar í heimsókn í eina kennslustund.

Tvær bekkjarskemmtanir voru haldnar ein fyrir áramót og önnur á vorönn í tengslum við árshátíð.
1. bekkur hitti vinabekkinn sinn á aðventunni og vorverkadeginum í maí.

Fyrri hluti maí mánaðar var að mestu leiti helgaður árshátíðarundirbúningi. Árshátíð 1.-4. bekkjar var síðan haldin með pompi og prakt og var yfirskriftin að þessu sinni Disney. Nemendur 1. bekkjar sungu tvö lög.

Á bolludag var maskaball og mættu ýmsar furðuverur í skólann. Mikill metnaður var lagður í búningana.

Í maí byrjun mættu Kiwanismenn í heimsókn og færðu nemendum reiðhjólahálma að gjöf.

Þann 24. maí tóku nemendur þátt í Vorverkadeginum. Þá unnu 1. bekkingar með 8. bekk og settu niður kartöflur og grænmeti í garði Tónlistarskólans og farið í leiki.
Íþróttadagur 1.-4. bekkjar var haldinn 16. maí á Torfnesi og tókst mjög vel.
29. maí var farið í heimsókn á Suðureyri. Íslandssaga, Klofningur og fiskverkunarhús skoðuð. Þessi ferð var frábær í alla staði og nemendur leystir út með fiskigjöf.
5. júní var farið í fjöruna við Neðsta Kaupstað sem heppnaðist mjög vel þrátt fyrir kulda.
Afhending vitnisburðar og foreldraviðtöl voru svo þann 7. júní.

Skólastarf vetrarins hjá 1. bekk gekk í heildina litið vel og samvinna kennara var mjög góð.

Helga Elísabet Aðalsteinsdóttir
Kristín Berglind Oddsdóttir
María Lárusdóttir
Vala Friðriksdóttir

2. bekkur

Nemendur árgangsins voru 46. Nemendur skiptust þannig í lok skólaársins: Árný Herbertsdóttir hafði umsjón með 15 nemendum, Ástrún Jakobsdóttir hafði umsjón með 15 nemendum og Marzena Glodkowska hafði umsjón með 16 nemendum. Herdís Hübner var fjórði kennari og sá um sérkennslu.
Aðrir kennarar voru: Atli Rúnarsson, Árni Heiðar Ívarsson, Guðný Stefanía Stefánsdóttir, Jón Hálfdán Pétursson og Ríkharð Bjarni Snorrason sáu um leikfimi og sund. Eva Friðþjófsdóttir, dans og heimilisfræði. Umsjónarkennarar sáu um upplýsingatækni. Bjarnveig Jakobsdóttir, tæknimennt, Árný Herbertsdóttir, myndmennt og Fríða Rúnarsdóttir kenndi textílmennt. Stuðningsfulltrúar voru Alma Sigurðardóttir í 2. MG, Guðmundur Grétar Friðriksson í 2. ÁH og Þóra Steinunn Gunnarsdóttir í 2. ÁJ. Sóley Veturliðadóttir var með þrjá nemendur í sérkennslu. Upphaflega var kennt í stofum 201, 202 og 203.

Eftirfarandi fög voru kennd: Stærðfræði 6 stundir, Byrjendalæsi 14 stundir (íslenska, samfélags- og náttúrufræði, lífsleikni), útivist 1 stund, íþróttir 2 stundir, sund 1 stund, tónmennt 1 stund, heimilisfræði 1 stund, tæknimennt 1 stund, textílmennt 1 stund, myndmennt 1 stund, upplýsingatækni 1 stund og dans 1 stund.
Í skólanum er kennt samkvæmt kennsluhugmyndum Byrjendalæsis og þar er íslensku-, náttúrufræði-, samfélagsfræði- og lífsleiknikennsla samþætt. Meginmarkmiðið er að börnin nái góðum árangri í lestri sem allra fyrst á skólagöngunni. Aðferðin gerir ráð fyrir því að hægt sé að mæta börnum með ólíka þekkingu og færni þar sem áherslan er á hópvinnu um leið og einstaklingsþörfum er mætt.

Stærðfræði
Námsgögn: Sproti 2A og 2B nemendabók og æfingahefti, ljósrituð vinnuhefti (Húrraheftin).
Námstilhögun: Hverjum bekk kennt fyrir sig og stuðningskennsla eins og þörf var á.
Húrraheftin, búðarleikur, Sproti (Multi á vefnum) og klukka í Ipad, voru kennd í stöðvavinnu þar sem öllum árganginum var skipt í hópa.
Heimanám, Sproti æfingabók, verkefni við hæfi hvers nemenda, um 1 bls. á viku.
Námsmat: Kannanir eftir hvern námsþátt og annapróf.

Íslenska
Námsgögn: Ýmsar lestrarbækur, ýmist valdar af kennurum eða nemendum.
Skriftarbækur; Ítalíuskrift. Ýmsar vinnubækur.
Vinnubækur. Lestarlandið 2. Litla Lesrún, Ritrún 1 og 2, Könnum kortin 1.
Námstilhögun: Unnið var samkvæmt byrjendalæsi þar sem íslenska, samfélagsfræði og náttúrufræði voru samþætt og því mismunandi námsefni. Kennarar unnu auk þessa æfingaverkefni með áherslu á skrift, lestur, lesskilning og stafsetningu. Stafirnir rifjaðir upp með ákveðinni vinnu.
Mikil áhersla var á lesturinn og nemendur látnir lesa fyrir kennara og stuðningsfulltrúa að lágmarki 3 skipti í viku. Tveir bekkir voru með lestrarstundir daglega þar sem nemendur lásu sjálfir í lestrarbókunum sínum á meðan kennari og stuðningsfulltrúi lét lesa. Nemendur unnu í misstórum hópum, ýmist í hópa- eða einstaklingsvinnu.
Heimanám. Sérstök Ítalíuskriftarbók fyrir heimavinnu, um 1 bls. á viku. Öðru hvoru fóru lesskilningsverkefni heim.
Námsmat: Prófað var í lesskilningi og kannaður hugtakaskilningur í maí ásamt skrift. Símat var yfir skólaárið og vinnubækur metnar. Fimm hraðlestrarpróf voru lögð fyrir. Markmið að vori

voru 40 (lágmark) -100 (hámark) lesin orð á mínútu. Á vorönn voru gefnar einkunnir fyrir veturinn.

Náttúrufræði
Námsgögn: Komdu og skoðaðu líkamann, Komdu og skoðaðu fjöllin, Könguló og byrjað var á Ánamaðki. Stutt fuglaþema að vori – námsefni útbúið af kennurum.
Námstilhögun: Samþætt byrjendalæsi.
Námsmat: Ekkert formlegt námsmat

Samfélagsfræði
Námsgögn: Ísland áður fyrr- fjölskyldan og – heimilið. Komdu og skoðaðu land og þjóð.
Námstilhögun: Bækurnar unnar með byrjendalæsistilhögun, kennsluáætlanir gerðar af kennurum og ýmis verkefni unnin samkvæmt þeim.
Námsmat: Ekkert formlegt námsmat.

Upplýsingatækni
Námstilhögun: nemendum var skipt í þrjá hópa. Tölvustofa, I-pad í bekkjarstofu, og ýmis verkefni gerð af kennara, unnið á bókasafni eða kennslustofu.
Nemendur lærðu að skrá sig inn í tölvurnar.
Nemendur fengu þjálfun í fingrasetningu, unnið í fingrafimi og fingraleikjum.
Nemendur notuð öpp sem þálfa forritun, lærðu að gera einfaldar teiknimyndir og notuð voru forrit sem þjálfa íslensku og stærðfræði.
Nemendur kynntust líka hvernig bókasafn virkar.
Námsmat: Ekkert formlegt námsmat.

Myndmennt
Kennt í myndmenntastofu í 4 stundir á viku í ¼ vetrar og var það hluti af hringekju í verkgreinum.
Nemendur teiknuðu og máluðu ýmis myndverk, lærðu um litahringinn, blöndun lita, heita og kalda liti og notuðu ýmiskonar liti í sömu myndirnar. Gerðu karla og gerðu leikþátt með þeim sem var tekinn upp á Ipad.
Námsmat: Færni og ástundun nemenda metin.

Tæknimennt
Kennt í smíðastofu í 2 stundir á viku í ¼ vetrar og var það hluti af hringekju í verkgreinum.
Nemendur unnu útsögunarverkefni og yfirborðsslípun og málun.
Námsmat: Færni og ástundun nemenda metin.

Textílmennt
Kennt í stofu 117 í 2 stundir á viku í ¼ vetrar og var það hluti af hringekju í verkgreinum.
Nemendur lærðu að sauma einföld spor í java, gera dúska og sauma bangsa.
Námsmat: Færni og ástundun nemenda metin.

Lífsleikni
Uppbyggingarstefnan var rauður þráður í gegnum lífsleiknina í vetur og skólastarfið í heild. Farið var yfir hlutverk nemenda og kennara, þarfirnar, skýru mörkin. Bekkjarsáttmáli gerður. Farið yfir hegðunarbílinn um það hver stjórnar manni sjálfum.
Nokkrir bekkjarfundir voru haldnir þar sem rædd voru líðan og samskipti í skólanum. Unnið var út frá skilgreiningu á litahegðun. Rætt var um einelti.

Útivist
Allar kennslustundir fóru fram utandyra og í nánasta umhverfi skólans. Stundum voru farnar lengri gönguferðir. Tímarnir fóru aðallega í gönguferðir lengri sem styttri, fjöruferðir, snjóhúsagerð og leikur í snjó, leikið á ís og svelli, vettfangsferðir í Jónsgarð, gengið á sjávarvarnargörðum og Skipagöturóló heimsóttur. Einnig var leikið á skólalóð.

Viðburðir og vettvangsferðir
7. september Fjallganga – Gengið á Hafrafellsháls.
26. september Skólahlaup
1. desember Opinn dagur
11. desember Jólasýning á Bæjarbókasafn
17. desember Aðventustund með 9. bekk
4. mars Grímuball (Maskadagurinn)
13. mars Ávaxtakarfan (Menntaskólasýning)
1. apríl Rugldagur
7. maí Árshátíð skólans
8. maí Brúðuleikrit (í sambandi við ofbeldi á börnum)
16. maí Íþróttadagur yngsta stigs á Torfnesi
22. maí Hjóladagur og fuglaskoðun, hjólað inn í skóg
24. maí Vorverkadagur, Sjúkrahústún
28. og 29. maí heimsókn á Bæjarbókasafnið- sumarlestur
4. júní Heimsókn á Melrakkasetrið og Raggagarð í Súðavík, ásamt 9. Bekk

Árgangurinn endaði skólaárið í stofu 109 og 110 sökum þess að mygla fannst í álmunni sem við vorum í og því þurfti að færa allt yngsta stigið um set. Við fluttum þ. 5. mars og gerðum eins gott úr kennslu og samvinnu og hægt var.

Árný Herbertsdóttir
Ástrún Jakobsdóttir
Marzena Glodkowska
Herdís Hübner





3.bekkur

Nemendur árgangsins voru 44 í vetur. Umsjónarkennarar voru Arna Björk Sæmundsdóttir og Jón Heimir Hreinsson. Sérkennari árgangsins var Magnúsína Laufey Harðardóttir. Hún tók nokkra nemendur í sérkennslu og var með hóp í stærðfræðihópavinnu og lestrarþjálfun. Þroskaþjálfi var Sóley Veturliðadóttir. Stuðningsfulltrúi árgangsins var Álfheiður Elín Bjarnadóttir.

Kennarar árgangsins
Guðlaug Jónsdóttir – heimilisfræði.
Jón Heimir Hreinsson – tæknimennt/smíði.
Fríða Rúnarsdóttir – textílmennt.
Ólöf Dómhildur Jóhannsdóttir og Arna Björk Sæmundsdóttir – myndmennt.
Árni Heiðar Ívarsson – sund.
Arna Björk Sæmundsdóttir og Auður Yngvadóttir – útivist.
Atli Freyr Rúnarsson, Árni Heiðar Ívarsson og Guðný Stefanía Stefánsdóttir – íþróttir.
Sigurrós Eva Friðþjófsdóttir – dans
Arna Björk Sæmundsdóttir, Guðlaug Jónsdóttir og Jón Heimir Hreinsson – upplýsingamennt.
Aðra kennslu árgangsins sáu Arna og Jón Heimir um.

Eftirtalin fög voru kennd: Byrjendalæsi (íslenska, náttúrufræði og samfélagsfræði) var samþætt í 17 stundir á viku, stærðfræði 6, íþróttir 2, útivist 1, sund 1 og dans 1 tíma. Textílmennt, myndmennt, heimilisfræði og tæknimennt voru kenndar í lotum í hringekju, 4 tíma á viku.

Kennsluhættir
Umsjónarstofur árgangsins voru nr 206 og 207 þar til að mygla fannst í skólahúsnæðinu í byrjun mars og þá fluttist árgangurinn yfir á bókasafn í eitt rými. Þar var námsaðstaðan fram að skólalokum.

Stærðfræði
Námsgögn: Sproti 3A og 3B nemendabók og æfingahefti ásamt ýmsu ítarefni frá kennurum.
Námstilhögun: Almenn bekkjarkennsla.
Námsmat: Kannanir eftir námsþætti og annar- og vorpróf.

Íslenska
Námsgögn: Ýmsar lestrarbækur ýmist valdar af kennurum eða nemendum.
Skriftarbækur; Ítalíuskrift 2B, 3A og 3B.
Ritrún 2 og 3, Tvistur og heftið Orð og setningar af Skólavefnum.
Námstilhögun: Unnið var við aðferðina byrjendalæsi þar sem íslenska, samfélagsfræði og náttúrufræði voru samþætt og því mismunandi námsefni. Nemendur unnu í misstórum hópum, ýmist í hópa- eða einstaklingsvinnu. Mikil áhersla lögð á frjálsan lestur, þar sem nemendur völdu sér sjálfir lestrarbækur. Flestir dagar hófust með hljóðlestri og síðan skipulagðri íslenskuvinnu. Áhersla var lögð á að hver og einn læsi upphátt í skólanum u.þ.b. þrisvar í viku og gekk það vel framan af vetri en eftir flutninga gekk það ekki upp.
Heimanám var einstaklingsmiðað skv. heimanámsstefnu skólans, ásamt heimalestri allan veturinn.
Námsmat: Prófað var í lesskilngi (Orðarún) og skrift á vorönn. Fimm hraðlestrarpróf voru lögð fyrir yfir veturinn. Markmið var að vori gætu 10 % nem. gætu lesið a.m.k. 55 orð á mín.

50% læsu 100 orð á mín. og 25% læsu 120 orð á mín. Á vorönn var gefið fyrir lykilhæfni í íslensku.

Íþróttir
Nemendur voru í útileikfimi í september og maí. Farið var í margskonar leiki og unnið með þol. Eftir að inn var komið var unnið áfram með þol og svo allskonar leiki, boltaleiki og fimleika. Nemendur bjuggu til sinn eigin leik sem var notaður nokkrum sinnum

Samfélagsfræði
Námsgögn: Örnefni í Skutulsfirði, (Skutulsfjörður og Kortabók), Litlu landnemarnir. Ýmis ævintýri og verkefni kennara. Námsheftið Könnum kortin.
Námsmat: Lykilhæfin metin að vori.

Náttúrufræði
Námsgögn: Komdu og skoðaðu himingeiminn, Komdu og skoðaðu kort, Komdu og skoðaðu tæknina og Komdu og skoðaðu hringrásir, Tunglið þemahefti Einnig voru unnin önnur verkefni frá kennurum.
Námstilhögun: Samþætt byrjendalæsi.
Námsmat: Lykilhæfin metin að vori.

Lífsleikni
Uppbyggingarstefnan var rauður þráður í gegnum lífsleiknina í vetur og skólastarfið í heild. Farið var yfir hlutverk nemenda og kennara, þarfirnar og skýru mörkin. Í framhaldi af því var gerður bekkjarsáttmáli sem allir gátu sætt sig við. Áhersla var lögð á þarfir og sérstöðu hvers og eins einstaklings, styrkleika og veikleika. Áfram var lögð áhersla á Litahegðun, þar sem hver hegðun hefur ákveðin lit en ekki einblýnt á nemandann, ef honum hefur mistekist.

Viðburðir og vettvangsferðir
14.sept. Fjallganga á Hnífa.
26. sept. Norræna skólahlaupið.
11. des. Heimsókn frá slökkviliðinu.
11. des. Jólasýning á Safnahúsi.
7. maí. Árshátíð skólans-nemendur sýndu leikritið Hæfileikakeppni Skósveinanna.
16. maí: Íþrótta- og leikjadagur á Torfnesi fyrir 1. – 4. bekk.
24. maí: Vorverkadagur skólans, nemendur sáðu fræjum í króknum og lögðum göngustíga.
29. maí: Sveitaferð að Hólum í Dýrafirði.
5. júní :Sumarlestur kynntur á Bókasafninu á Ísafirði.

Arna Björk Sæmundsdóttir og Jón Heimir Hreinsson.

4.bekkur

Nemendur árgangsins voru 34 í byrjun skólaárs og fækkaði um einn í nóvember, fjölgaði aftur um tvo í apríl og enduðu skólaárið 35 talsins. Nemendur skiptust þannig í lok skólaársins: 18 í 4-JÁE og 17 í 4-KB. Jóhanna Ása Einarsdóttir var umsjónarkennari í 4. JÁE og Katrín Björnsdóttir í 4. KB. Kennt var í stofum 207 og 208, framan af vetri en síðar var flutt í náttúrufræðistofuna og í stofu 115.

Aðrir kennarar voru: Atli Freyr Rúnarsson sem sá um sund og íþróttir. Guðný Stefanía Stefánsdóttir sá um íþróttir. Katrín Björnsdóttir og Árni Heiðar Ívarsson sáu um útivist, Eva Friðþjófsdóttir kenndi dans. Fríða Rúnarsdóttir kenndi handmennt. Bjarnveig Jakobsdóttir kenndi tæknimennt. Guðlaug Jónsdóttir kenndi heimilisfræði. Umsjónakennarar og Laufey Eyþórsdóttir kenndu upplýsingatækni. Stuðningsfulltrúar voru Karlotta Dúfa Markan í 4. KB og Guðmundur Auðun Gunnarsson í 4. JÁE. Sérkennarar voru Magnúsína L. Harðardóttir og Laufey Eyþórsdóttir.

Eftirfarandi fög voru kennd: Stærðfræði 6 stundir, íslenska 6 stundir, samfélagsfræði 3 stundir, náttúrufræði 3 stundir, útivist 1 stund, íþróttir 2 stundir, sund 1 stund, tónmennt 1 stund, heimilisfræði, tæknimennt og textílmennt 3 stundir á viku (hópaskipt), upplýsingatækni 1 stund, dans 1 stund, enska 1 stund og myndmennt 1 stund.

Íslenska
Í 4. bekk er aðaláherslan í íslensku á að þjálfa lestrarfærni, lesskilning, ritun og framsögu. Nemendur unnu mörg mjög fjölbreytt verkefni sem reyndu á ólíka færni s.s. ritun, heimildaöflun, ýmis úrvinnsla texta, lesa fyrir hvort annað, álykta út frá texta og sjálfsrýni ásamt fleiru. Flestir nemendur náðu í vetur að lesa sér til skemmtunar og átti kannski Snillingakeppnin þátt í því. Áhersla á heimalestur var mikil (15 mínútur 5 sinnum í viku) ásamt öðrum verkefnum.

Í skrift var lögð áhersla á að nemendur héldu rétt á skriffærum og drægju rétt til stafs. Nemendur unnu skriftaræfingar í Ítalíuskrift og Skrift 4, auk fjölda annarra ritunarverkefna.

Stærðfræði
Í vetur var lögð áhersla á að styrkja þekkingu nemenda á undirstöðu hugtökum stærðfræðinnar þannig að þeir geti rökrætt af innsæi um stærðfræðiverkefni sem tengjast eigin reynsluheimi, rökstutt niðurstöður sínar, val á lausnaleiðum og fylgt röksemdafærslu annarra. Nemendur unnu með Sprota 4a og 4b, nemendabók og æfingabók ásamt öðru efni frá kennurum. Þau fengu þannig fjölbreytta þjálfun við hæfi hvers og eins. Kubbar og talnagrindur voru alltaf til staðar fyrir nemendur.

Samfélags- og náttúrufræði
Í vetur var unnið með mikilvægi þátttöku í samfélaginu, bæði í nútíð og fortíð. Unnið var með hugtök eins og samkennd, samábyrgð, umburðarlyndi, að setja mörk og hvað við sjálf getum lagt af mörkum til að hafa góð áhrif á samfélagið sem við búum í. Ýmis verkefni voru unnin út frá bókum eins og Komdu og skoðaðu hringrásir, Komdu og skoðaðu sögu mannkyns, Hvalir og Könnum kortin ásamt ýmsum verkefnum frá kennurum. Við skoðuðum orkubúskap í víðu samhengi og bera virðingu fyrir umhverfinu.

Lífsleikni
Verkefni samkvæmt Uppbyggingarstefnu og lífsleikni voru unnin. Það var unnið með hugtök eins og samkennd, umburðarlyndi, vinátta, sjálfskoðun, fjölskyldu, skólafélaga og að tilheyra hópi. Áhersla var lögð á að nemendur temdu sér virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum. Bekkjarsáttmáli var gerður. Einnig var farið vel í hlutverk nemenda og kennara.

Tónmennt
Nemendur lærðu ýmis sönglög og um mismunandi tegundir tónlistar.

Myndmennt, handmennt, tæknimennt, heimilisfræði og upplýsingatækni

Áhersla var lögð á að þjálfa hug og hönd nemenda og örva sköpunargleði þeirra. Mjög mörg verkefni voru unnin í hverju fagi fyrir sig.

Útivist
Farið va í útivist 1 sinni í viku og var lögð áhersla á frjálsan leik og holla hreyfingu.

Sund
Nemendum var skipt í þrjá hópa í sundinu. Farið var í alla helstu þætti sem koma fyrir í námskrá.

Námsmat
Íslenska: Lesfimipróf frá Menntamálastofnun voru lögð fyrir í september, janúar og maí. Þeir sem þurftu fengu stuðningskennslu í lestri og voru metnir aukalega í október og mars til að sjá framvindu þeirra og meta hvort þyrfti að bregðast meira við en hafði verið gert. Lesskilningsprófið Orðarún var lagt fyrir 2x. Í maí var prófað í skrift, framsögn og málfræði. Við mat á hraðlestrarprófum var stuðst við viðmið um lesfimi frá MMS. Einnig var ýmis verkefnavinna nemenda metin.

Nemendur tóku lokapróf úr Sprota 4a þegar þau luku við bókina og lokapróf í maí sem miðaði við staðsetningu hvers og eins í náminu, ásamt reglulegum lotukönnunum yfir veturinn.

Í öðrum greinum sem umsjónarkennarar kenndu var ekkert formlegt námsmat.

Viðburðir og vettvangsferðir
Í september var farið í fjallgöngu upp í Naustahvilft fyrir ofan flugvöllinn og var það mjög skemmtilegt.
Nemendur tóku þátt í Norræna skólahlaupinu í september.
Í lok september fóru nemendur að horfa á óperuuppsetningu á Gilitrutt í Edinborgarhúsinu.
Hjúkrunarfræðingur kom tvisvar í bekkina og var með fræðslu fyrir nemendur.
Foreldraviðtöl voru í upphafi skólaársins, í október og í janúar.
Á þessu skólaári tóku nemendur í fyrsta skipti þátt í vinaliðaverkefninu, sex nemendur (þrír úr hverjum bekk) voru vinaliðar fyrri hluta skólaársins og aðrir sex seinni hlutann.
Í nóvember tókum við þátt í Snillingakeppninni og komst 4. KB í úrslit þar sem hann keppti við 7. EJ.
Á bolludag var maskaball og mættu ýmsar furðuverur í skólann. Mikill metnaður var lagður í búningana.
13. mars fórum við að sjá Ávaxtakörfuna í uppsetningu leiklistarvals MÍ í Edinborgarhúsinu.
28. mars tókum við þátt í íþróttahátíð GÍ ásamt 5., 6. og 7. bekk, hún var haldin í Íþróttahúsinu á Torfnesi og keppt var í ýmsum óhefðbundnum greinum.
Árshátíðin var 7. maí þemað í ár var Disney og sýndi 4. bekkur leikrit um Aladdín.
Þann 16. maí tóku nemendur þátt í Leikjadegi fyrir yngsta stig. Farið var í alls konar leiki á Torfnesi þar sem áherslan var á að hafa gaman.
Á vorverkadaginn þann 24. maí unnu 4. bekkingar í að hreinsa Jónsgarð í samstarfi við garðyrkjufræðing Ísafjarðarbæjar.
Við heimsóttum slökkviliðið 3. júní þar sem nemendur fengu að prófa að máta sig í öll tæki slökkviliðsins og fara á rúntinn.
Afhending vitnisburðar var þann 7. júní.

Skólastarf vetrarins hjá 4. bekk gekk vel og samvinna kennara var mjög góð.





Jóhanna Ása Einarsdóttir
Katrín Björnsdóttir

5.bekkur

Nemendur árgangsins voru 43 í vetur. Umsjónarkennarar voru Auður Yngvadóttir og Smári Rafn Teitsson. Berglind Árnadóttir var með sérkennsluhópa í stærðfræði og tók nemendur í lestur. Þroskaþjálfi var Sóley Veturliðadóttir.

Kennarar árgangsins
Atli Freyr Rúnarsson – sund
Árni Heiðar Ívarsson – íþróttir
Bjarnveig S. Jakobsdóttir – smíðar
Ólöf Dómhildur Jóhannsdóttir– upplýsinga- og tæknimennt og myndmennt
Fríða Rúnarsdóttir – textílmennt
Guðlaug Jónsdóttir – heimilisfræði
Guðlaugur Viðar Valdimarsson – samfélagsfræði
Unnur Björk Arnfjörð – enska
Auður Yngvadóttir – umsjón, náttúrufræði upplýsinga- og tæknimennt, tónmennt og íþróttir
Smári Rafn Teitsson – umsjón, náttúrufræði, samfélagsfræði, enska, tónmennt og skák

Eftirtalin fög voru kennd: Íslenska 7 stundir á viku, stærðfræði 6, samfélagsfræði 3, náttúrufræði 3, enska 2, lífsleikni 2, upplýsingatækni 1, íþróttir 2 og sund 1. Textílmennt, heimilisfræði, myndmennt og tæknimennt voru kenndar í lotum í hringekju, 3 tíma á viku í 13 vikur hvert fag. Hræringur eru 3 tímar á viku og þar eru kennd mismunandi fög.

Kennsluhættir
Umsjónarstofur árgangsins voru stofur 116 og 117. Auk þess var Berglind í stofu 105 og í litlu herbergi á móti Smára stofu með minni hópa. Bekkirnir fengu iPad í október og hafa nemendur verið að vinna í þeim í vetur. Spjaldtölvurnar voru alltaf geymdar í þar til gerðum skáp í

skólastofu og sáu nemendur um að hlaða þær og sækja uppfærslur ef þeir gátu. Kennarar stjórnuðu notkun þeirra að öllu leyti og finnst vel hafa tekist til með notkun þeirra.

Stærðfræði
Námsgögn: Stika 1A og 1B nemendabók og æfingahefti, ýmis ljósrit og kennslumyndir á Skólavefnum.
Námstilhögun: Kennt var í þrem hópum (Auður, Smári, Berglind) þar til í mars þegar loka þurfti hluta skólans vegna myglu. Eftir það var kennt í hvorri bekkjardeild fyrir sig.
Námsmat: Lotukannanir eftir hvern kafla.
Síðasta lotukönnun var úr 6. kafla í Stiku 1B.

Íslenska
Námsgögn: Orðspor 1 – lesbók og vinnubók, Málrækt 1, Vanda málið, Ljóðspor, Blákápa, Skrift 3, 4, 5 og 6, lesskilningsverkefni (m.a. svokölluðu Litabækurnar á Skólavefnum) og hlustunaræfingar auk ýmissa ljósritaðra verkefna (m.a. fallbeygingarverkefni Smára Rafns).
Námstilhögun: Kennt var í bekkjardeildum í umsjónarstofum. Áhersla var lögð á lestur og lesskilning, m.a. með reglulegum lesskilningsverkefnum og yndislestri. Lærð voru tvö ljóð utanbókar yfir skólaárið. Ekkert heimanám var í vetur skv. heimanámsstefnu skólans, utan heimalesturs, nema sérstaklega væri um það beðið.
Námsmat: Könnun var í maí þar sem prófað var úr öllum þáttum en auk þess voru tvær fallbeygingarkannanir á haustönn. Þrjú hraðlestrarpróf voru lögð fyrir yfir veturinn, lesskilningspróf og framsagnarpróf.

Samfélagsfræði
Kennarar: Guðlaugur Viðar Valdimarsson og Smári Rafn Teitsson.
Námsgögn: *Ísland – veröld til að njóta* (landafræði) og *Víkingaöldin* (saga).
Námstilhögun: Landafræðihlutinn var tekinn á haustönn og söguhlutinn á vorönn. Í landafræði unnu nemendur mestmegnis verkefni í vinnubók. Ennfremur notuðu nemendur upplýsingar á netinu.
Námsmat: Vinna og vinnubækur nemenda voru metnar til einkunnar ásamt verkefnum af ýmsu tagi, bæði hópverkefni og einstaklingsverkefni.

Náttúrufræði
Námsgögn: Auðvitað 1, Komdu og skoðaðu Hringrásir og Lífríkið í sjó og ýmis myndbönd.
Námstilhögun: Kennslan var með hefðbundnum hætti. Eðlisfræðin (Auðvitað 1) var tekin á haustönn og fram í mars, eftir það var farið í Komdu og skoðaðu Hringrásir og Lífríkið í sjó.
Námsmat: Kannað var tvívegis úr Auðvitað 1, auk þess var vinnuástundun metin.

Enska
Námsefni: Speak Out og Work Out, Málfræðihefti A.
Námsmat: Könnu á vorönn, kaflapróf úr málfræðiheftinu og vinnubók metin.

Upplýsingatækni
Kennt var í tölvuveri skólans.
Nemendur fengu þjálfun í fingrasetningu, á ritvinnsluforrit og vélabúnað tölvunnar auk ýmissa forrita. Reynt var eftir mætti að samþætta upplýsingatæknina við aðrar námsgreinar, þannig að tölvuvinnslan nýttist sem best til verkefnagerða í öðrum námsgreinum.
Námsmat: Upplýsingatækni - tölvufærni og ástundun nemenda metin.

Lífsleikni
Uppbyggingarstefnan var rauður þráður í gegnum lífsleiknina í vetur og skólastarfið í heild. Farið var yfir hlutverk nemenda og kennara, þarfirnar og skýru mörkin. Í framhaldi af því var gerður bekkjarsáttmáli sem allir gátu sætt sig við og skrifað undir. Samskipti skipuðu stóran sess þar sem unnið var markvisst að því að byggja upp sjálfstraust og efla nemendur í félagsfærni og samskiptahæfni.Vinaliðaverkefnið gekk með ágætum.

september	Fjallganga – Gengið upp með fossinum við Buná.
september	Haustfundur með foreldrum
nóvember	Námskeið með Elísabetu Lorange
janúar	Sólarkaffi
apríl	Skíða- og útivistardagur í Tungudal
apríl	Árshátíð skólans – nemendur sýndu Disney-leikrit
maí	Heimsókn á Bæjarbókasafnið
maí	Gengið yfir Hnífa
júní	Heimsókn í Náttúrugripasafnið í Bolungarvík



Auður Yngvadóttir og Smári Rafn Teitsson

6.bekkur

Nemendur árgangsins voru 31, 15 stúlkur og 16 piltar. Umsjónarkennarar voru Guðný Stefanía Stefánsdóttir og Ríkharð Bjarni Snorrason. Sérkennarar árgangsins voru Iwona Maria Samson og Magnúsína Laufey Harðardóttir. Guðmundur Auðunn Gunnarsson, Edda Katrín Einarsdóttir og Bergþóra Kristín Borgarsdóttir voru stuðningsfulltrúar. Þroskaþjálfi var Sóley Veturliðadóttir.

Kennarar árgangsins
Ólöf Dómhildur Jóhannsdóttir - myndmennt
Guðlaug Jónsdóttir – heimilisfræði
Fríða Rúnarsdóttir – textílmennt
Ríkharð Bjarni Snorrason og Edda Katrín Einarsdóttir/Sylwia Katarzyna Jurczuk– enska
Árni Heiðar Ívarsson og Ríkharð Bjarni Snorrason - íþróttir
Jón Hálfdán Pétursson – sund

Guðríður Sigurðardóttir og Kristín Guðbjört Guðmundsdóttir– danska
Bjarnveig Jakobsdóttir- tæknimennt
Guðlaugur Viðar Valdimarsson – samfélagsfræði
Iwona Maria Samson og Magnúsína Laufey Harðardóttir - sérkennsla
Guðný Stefanía Stefánsdóttir og Ríkharð Bjarni Snorrason – íslenska, stærðfræði, lífsleikni, náttúrufræði og upplýsingatækni.

Eftirtalin fög voru kennd: Íslenska 7 stundir á viku, stærðfræði 6, samfélagsfræði 3, myndmennt 2, náttúrufræði 3, enska 2, lífsleikni 1, íþróttir 2, sund 1, danska 1 og upplýsingatækni 1. Textílmennt, tæknimennt og heimilisfræði voru kenndar í lotum í hringekju, 3 tíma á viku hver lota. Auk þess var boðið upp á val/hræring í 3 stundir á viku og komu hinir ýmsu kennarar að þeirri kennslu.

Kennsluhættir
Umsjónarstofa 6. GR var stofa nr. 110 en var svo í dansstofan seinni part vetrar. Ipad notaður meira en í 5. bekk og nemendur farnir að venjast því vel.
Stærðfræði:
Námsgögn: Stika 2a og 2b nemendabók og æfingahefti, ásamt ýmsu ítarefni frá kennurum. Nemendur voru markvisst hvattir til sjálfstæðra vinnubragða, sýna þrautseigju og að halda áfram á sínum hraða.
Námsmat: Kannanir eftir hvern kafla.

Íslenska
Námsgögn: Orðspor 2 vinnubók og lesbók, skriftarbækur miðaðar við hæfni hvers nemanda, Málrækt 2, Mál í mótun lesbók, æfingar á Skólavefnum (gagnvirkt efni), og Söguskinna. Litabækurnar af Skólavefnum voru notaðar til þess að þjálfa lesskilning. Smellur var einnig notaður til að þjálfa lesskilning
Námstilhögun: Við lögðum áherslu heimalestur og var hann hluti af lokaeinkunn. Lærð voru þrjú ljóð yfir skólaárið og þeir sem lærðu þau á tilskildum tíma og kom það vel út.
Námsmat: Eitt próf í lok vorannar þar sem prófað var í málfræði, ritun, stafsetningu, heimalestur, lesskilningur, framsögupróf og lesfimi. Þrjú hraðlestrarpróf voru lögð fyrir yfir veturinn hjá öllum í samræmi við lesfimiáætlun Menntamálastofnunar. Markmið var að ná að lesa að minnsta kosti 105 orð á mínútu að vori.

Samfélagsfræði:
Námsgögn: *Sögueyjan 1* og *Norðurlönd* (lesbók og vinnubók).
Námstilhögun: Söguhlutinn var tekinn á haustönn og landafræðin á vorönn. Lögð var áhersla á frumkvæði og sjálfstæð vinnubrögð nemenda. Verkefni af ýmsum toga voru unnin, bæði einstaklingsverkefni og hópaverkefni. Valdir kaflar voru lesnir í Sögueyjunni. Í verkefnabókinni um Norðurlöndin voru ekki öll verkefnin tekin, valið voru verkefni sem líkleg voru til þess að vekja áhuga nemenda. Spjaldtölvur voru notaðar í upplýsingaleit á netinu, sérstaklega í landafræðihlutanum. Áhersla var þá lögð á sjálfstæða úrvinnslu nemenda á þeim upplýsingum sem aflað var og góða framsetningu.
Námsmat: Verkefnaskil af ýmsu tagi. Nokkur kaflapróf fóru fram.
Náttúrufræði:
Námsgögn: Auðvitað 2 og Líf á landi.
Námstilhögun: Verkefnavinna úr efni bókanna. Áhersla á plánetunar í Auðvitað og almennt um umhverfið í Líf á landi.
Námsmat: Vinna, verkefni um náttúruhamfarir og plánetur og próf úr Líf á landi á vorönn.

Enska
Námsefni: Action lesbók, Basic Oxford Dictionary (BOPD) og vinnubók ásamt myndböndum.
Námsmat: Glósubók og ýmis verkefni metin til einkunna.

Danska
Dönskukennari í 6. Bekk var Guðríður Sigurðardóttir.
Í vetur fengu nemendur 6. Bekks að kynnast dönskunáminu eina kennslustund á viku. Farið var í léttar æfingar og leiki

Námsgögn að mestu ýmis verkefni frá kennurum auk þess sem byrjað var á námsbókunum Start lesbók og vinnubók.

Guðríður Sigurðardóttir

Upplýsingatækni
Kennt var í tölvuveri skólans.
Nemendur fengu þjálfun í fingrasetningu og á ritvinnsluforrit. Áhersla lögð á að kenna nemendum á iPad og nýta hann til verkefnavinnu í gegnum nokkur algeng forrit s.s. Keynote, Popplet, Nearpod og fleiri forrit. Reynt var eftir mætti að samþætta upplýsingatæknina við aðrar námsgreinar, þannig að tölvuvinnslan nýttist sem best til verkefnagerða í öðrum námsgreinum.
Námsmat: Upplýsingatækni - tölvufærni og ástundun nemenda metin.

Lífsleikni
Uppbyggingarstefnan var rauður þráður í gegnum lífsleiknina í vetur og skólastarfið í heild. Farið var yfir hlutverk nemenda og kennara, þarfirnar, skýru mörkin og lífsgildin. Í framhaldi af því var gerður bekkjarsáttmáli sem allir gátu sætt sig við og skrifað undir. Áhersla var lögð á þarfir og sérstöðu hvers og eins einstaklings, styrkleika og veikleika. Samskipti skipuðu stóran sess þar sem unnið var markvisst að því að byggja upp sjálfstraust og efla nemendur í félagsfærni og samskiptahæfni. Bekkjarfundir voru reglulega þar sem hópurinn þjappaði sér saman og ræddi saman um líðan sína í skólanum, hvað gengi vel og hvað hægt væri að bæta. Vinnubókin Ertu? var notið í lífsleikni í vetur.

Viðburðir og vettvangsferðir:

September 2018	Fjallganga á Sandfell
	Norræna skólahlaupið
Október 2018	Foreldrum boðið í fyrirlestur
Nóvember 2018	Hrekkjavaka í skólanum
Desember 2018	Opið hús
	Litlu jólin
Mars 2019	Maskadagur – maskaball
Apríl 2019	Snillingakeppnin
Maí	Árshátíð skólans – Disney
	Vorverkadagur – gróðursetning í Tunguskógi
	Íþróttadagur

Hjóladagur – hjólað út í Hnífsdal
Hreyfivika UMFÍ

Guðný Stefanía Stefánsdóttir og Ríkharð Bjarni Snorrason

7.bekkur

Nemendur árgangsins voru 37. Umsjónarkennarar voru Erna Sigrún Jónsdóttir og Kristín Guðbjört Guðmundsdóttir. Eftir páska tók Yngvi Páll Gunnlaugsson við umsjón 7.KG.

Kennarar árgangsins
Erna Sigrún Jónsdóttir– íslenska, stærðfræði, samfélagsfræði, náttúrufræði, upplýsingatækni, heimilisfræði og lífsleikni.
Kristín Guðbjört Guðmundsdóttir/Yngvi Gunnlaugsson - íslenska, stærðfræði, samfélagsfræði, náttúrufræði, upplýsingatækni, lífsleikni.
Fríða Rúnarsdóttir – textílmennt
Ólöf Dómhildur Jóhannsdóttir - myndmennt
Bjarnveig S.Jakobsdóttir – smíðar og hönnun
Kristín Ólafsdóttir – danska
Guðríður Sigurðardóttir - danska
Sylwia Jurczuk– enska
Árni Heiðar Ívarsson – íþróttir og sund.
Helga Björt Möller – íslenska sem annað mál
Berglind Árnadóttir – sérkennsla
Sóley Veturliðadóttir – þroskaþjálfi
Birgitta Guðbjartsdóttir-þroskaþjálfi
Aðra kennslu árgangsins sáu umsjónarkennarar um.

Eftirtalin fög voru kennd: Íslenska 6 stundir á viku, stærðfræði 6 stundir á viku, samfélagsfræði 3 stundir á viku, náttúrufræði 3 stundir á viku, enska 2 stundir á viku, lífsleikni 1 stund á viku, íþróttir 2 stundir á viku, sund 1 stund á viku, upplýsingatækni 1 stund á viku og danska 3 stundir á viku. Textílmennt, myndmennt, heimilisfræði og smíðar og hönnun voru kenndar í lotum í hringekju, 4 tíma á viku, 7 vikur hvert fag. Valtímar – Hræringur var í 3 stundir á viku og ýmsir kennarar sinntu þeirri kennslu.

Kennsluhættir
Kennt var í tveimur bekkjum í tveimur bekkjarstofum. Notast var við fjölbreytta kennsluhætti þar sem hópvinna og snjalltæki voru mikið nýtt.

Stærðfræði
Námsgögn: Stika 3A og 3B nemendabók, æfingahefti 3A og 3B, ásamt ýmsu ítarefni frá kennurum.
Námstilhögun: Kennt í bekkjunum. Nemendur fengu í upphafi vetraráætlun hvert fyrir sig og sinn námshraða. Gerð var tilraun til að skipta árganginum upp í tvo stærðfræðihópa þar sem sérkennari var í öðrum hópnum. Tilraunin gekk ágætlega en ákveðið var að snúa til bekkjarkennslu á ný eftir páska.
Námsmat: Lotupróf að loknum hverjum kafla.

Íslenska
Námsgögn: Málrækt 3, Málfræðibókin mín 1, Ljóðspor, Orðspor 3 lesbók og vinnubók, Töfraskinna, Litabækur-lesskilningsverkefni, Mál er miðill. Ýmsar lestrarbækur og ítarefni. Einnig var unnið með ritun. Ljóðið Lofsöngur, var lært utanbókar og nemendur gerðu kjörbókarritgerð að vori.
Námstilhögun: Mikil áhersla var lögð á lesskilning og ritun. Nemendur unnu ýmist í hópum eða í einstaklingsverkefnum.
Formlegt heimanám var í vetur í íslensku utan heimalesturs sem fólst í málfræðiverkefnum fyrri hluta veturs og lesskilningsverkefnum seinni hluta veturs ásamt bókrýni.
Nemendur tóku þátt í Siljunni-myndbandakeppni í mars. Einnig tóku nemendur þátt í Stóru upplestrarkeppninni.
Námsmat: Prófað var í íslensku á vorönn. Þrjú hraðlestrarpróf voru lögð fyrir yfir veturinn og tvö lesskilningspróf. Einnig var prófað í stafsetningu og málfræði. Heimalestur gilti til lokaeinkunnar í íslensku ásamt bókrýni.

Samfélagsfræði
Námsgögn: Evrópa lesbók og vinnubók, Kortabók fyrir grunnskóla og Frá Róm til Þingvalla. Nokkrar smábækur um trúarbrögð.
Námstilhögun: Söguhlutinn tók helming vetrarins og landafræði helming, þar sem áhersla var lögð á hópavinnu og verkefni. Í lok maí var haldin kynning fyrir foreldra á hópvinnu nemenda um drauma Evrópuferðina.
Námsmat: Vinna og verkefni nemenda voru metnar til einkunnar ásamt hópverkefnum.

Náttúrufræði
Námsgögn: Auðvitað 3, Maðurinn hugur og heilsa og ýmis myndbönd.
Námstilhögun: Kennslan var með hefðbundnum hætti. Eðlisfræðin (Auðvitað 3) var tekin á vorönn og lífvísindin (Maðurinn hugur og heilsa) voru kennd á haustönn.
Námsmat: Verkefni og kaflapróf úr hvorum þætti fyrir sig og vinnubækur metnar. Lokapróf var úr Manninun að vori.

Danska
Dönskukennari í 7. bekk voru Guðríður Sigurðardóttir og Kristín Ólafsdóttir
Þrjár kennslustundir á viku.
Gestakennari Annemette Eriksen. Áhersla lögð á talaða mál

Námsgögn Start og Smart les-og vinnubók ásamt hlustunarverkefnum.
Hringekja.

Samantekt
Á haustönn unnu nemendur með gestakennara þar sem áhersla var lögð á talað mál Síðan unnið í kennslubókinni Start að henni lokinni var byrjað á Smart. Undir vor unnu nemendur ýmis verkefni úti. Nemendur horfðu á ýmsar danskar kvikmyndir
Útiverkefni: Forsetningarganga
Einnig var spjaldtölvan óspart notuð sem orðabók.

Guðríður Sigurðardóttir og Kristín Ólafsdóttir

Enska
Námsefni: Action lesbók og vinnubók.
Námsmat: Próf á vorönn og vinna yfir veturinn metin til lokaeinkunnar.

Upplýsingatækni
Kennt var í tölvuveri skólans. Farið var skipulega í fingrasetningu og ritvinnslu í Word og verkefni þeim tengd unnin í kennslustundum. I-padar voru mikið notaðir í öllum greinum.
Námsmat: Símat, þar sem vinnusemi, ástundun og verkefni voru metin.

Lífsleikni
Áhersla var lögð á almenn samskipti fólks sérstöðu hvers og eins einstaklings, styrkleika og veikleika, sjálfsmynd nemenda og lífsgildi. Mikil áhersla lögð á samskipti, bæði barnanna á milli og annarra. Haldnir voru bekkjafundir og unnið með bókina Ertu? og Hugrúnu,
Samskipti skipuðu stóran sess þar sem unnið var markvisst að því að byggja upp sjálfstraust og efla nemendur í félagsfærni og samskiptahæfni.

Uppbyggingarstefna
Hlutverkin okkar og bekkjarsáttmálinn voru rifjuð upp og endurbætt.
Einnig var farið vel í hvað eru góðar venjur og slæmar venjur, og í sambandi við það hvað er að vera góður vinur og slæmur vinur.
Viðburðir og vettvangsferðir auk hefðbundinna viðburða skólans:

Viðburðir og vettvangsferðir

23. 8	Skólasetning og foreldraviðtöl
27.-31.8	Skólabúðirnar að Reykjum
20.-21.9	Samræmd próf í íslensku og stærðfræði
24.9	Þorgrímur Þráinsson með erindi á sal
26.9	Ólympíuhlaup ÍSÍ
11.10	Sigga Dögg með kynfræðslu
16.10	Stóra upplestrarkeppnin sett á degi íslenskrar tungu
17.10	Foreldraviðtöl
18.-19.10	Vetrarfrí
1.-15.11	Jól í skókassa
1. 12	Opið hús
14.12	Tarzan leikur í Torfnesi
20. 12	Litlu jólin
1.1.	Lestrarátak Ævars vísindamanns
11.1	Bekkjarhittingur á vegum foreldra
29.1	Foreldraviðtöl
3.2	Dagur stærðfræðinnar
14.-15.2	Vetrarfrí
28.2	Bekkjakeppni Stóru upplestrarkeppninnar
4.3	Bolludagur-grímuball
7.3	Skólakeppni Stóru upplestrarkeppninnar
19. 3	Lokahátíð Stóru upplestrarkeppninnar
28.3	Litla íþróttahátíðin í Torfnesi fyrir 4.-7.bekk
2. 4	Skíðadagur í Tungudal
9.5	Árshátíð skólans – Disney þema
23.5	Leikskólahittingur
24. 5	Vorverkadagur, unnið í Gróanda

28.5 Íþróttadagur á Torfnesi
29.5 Kynning fyrir foreldra á verkefnum um Evrópu
4. 6 Hjólaferð út í Hnífsdal



Erna Sigrún Jónsdóttir

3. Skýrslur unglingastigs

Skýrsla deildarstjóra unglingastigs

Í unglingadeild voru í kringum 90 nemendur. Einhverjar breytingar urðu í öllum árgöngum, nemendur fluttu í burt og aðrir fluttu í bæinn. Í öllum árgöngum er einn bekkur. Í 8. bekk voru tveir kennarar í öllum fögum en í 9. og 10. bekk hófum við veturinn með tvo kennara í íslensku og stærðfræði en einn í öðrum fögum. Um áramót komu þrír nýjir nemendur í 9. bekk og var þá fjölgað kennurum þannig að tveir kennarar voru í öllum fögum.
Nemendur á unglingastigi taka ákveðinn fjölda valtíma á viku. Í 8. bekk eru það 5 tímar á viku en 7 tímar í 9. og 10. bekk. Valgreinar sem allir árgangar gátu sótt í vetur voru: aðstoð í Dægradvöl, dans, fab-lab, fata/bútasaumur, gerðu það sjálfur (DIY), hárgreiðslu, heimilisfræði, ljósmyndun, næringarfræði, prjón/hönnun, skák, skólahreysti, myndmennt, trésmíði, tæknilegó og tækniráð. 9. og 10. bekkur gátu valið frönsku, skák og námsaðstoð til viðbótar. Nemendur í 10. bekk gátu einnig valið fornám ökunáms og smáskipanám sem kennt var í Fræðslumiðstöð Vestfjarða. Nemendur gátu einnig fengið metið sem val nám í tónlistarskóla og skipulagðar æfingar með íþróttafélögum.
Í byrjun september voru kosnir fulltrúar nemenda í stjórn nemendaráðs. Úr hverjum árgangi eru kosnir tveir drengir og tvær stúlkur. 8. bekkur: Agnes Þóra Snorradóttir, Brynja Dís Höskuldsdóttir, Daði Hrafn Þorvarðarsona og Daði Snær Benediktsson (hætti um áramót). 9. bekkur: Halla María Ólafsdóttir, Oliwia Godlewska og Sigrún Aðalheiður Aradóttir (enginn drengur gaf kost á sér). 10. bekkur: Sigríður Svala Hafliðadóttir og Rósbjörg Edda Rúnarsdóttir (enginn drengur gaf kost á sér)
Stjórn nemendaráðs fundar á mánudögum kl. 20:00. Eva María Einarsdóttir forstöðumaður félagsmiðstöðvarinnar Djúpsins aðstoðar nemendur við að skipuleggja starfið.
Íþróttahátíðin í Bolungarvík var haldin þann 25. október. Á Íþróttahátíðinni keppa unglingastigsnemendur af öllum Vestfjörðum í fjölbreyttum íþróttagreinum og fagna svo

samverunni með dansleik um kvöldið. Allir sem hafa áhuga á því að taka þátt fá að keppa í blönduðum liðum og hefur það fyrirkomulag vakið mikla ánægju.
30 nóvember var haldin hátíð á unglingastigi til að fagna fullveldi Íslands. Nemendur í leiklistavali sýndu verkið: Tjaldið eftir Hallgrím Helgason í leikstjórn Ólafar Dómhildar Jóhannsdóttur.
Grunnskólinn á Ísafirði keppti í Skólahreysti 21. mars. Fyrir hönd G.Í. kepptu Magnús Örn Guðnason, Kári Eydal, Bríet Sigurðardóttir og Hrefna Dís Pálsdóttir. Varamenn voru þau Solveig Amalía Atladóttir og Helgi Ingimar Þórðarson. Atli Freyr Rúnarsson sá um valgreinina Skólahreysti í vetur. Lið Gí vann sinn riðil í undankeppninni og kepptu í úrslitakeppninni í Laugardalshöllinni þann 8. maí. Þá urðu breytingar á liðinu vegna meiðsla, Helgi Ingimar keppti í stað Magnúsar og Stefán Freyr Jónsson kom inn sem varamaður.
Böll eru haldin reglulega yfir veturinn. Sum eru á vegum fjáröflunarnefndar 10. bekkjar en önnur á vegum félagsmiðstöðvar. Helstu böllin eru Busaball, deshátíðin, Rósaball, Samfés, og lokaball. Þar að auki fer alltaf hópur suður til að fylgjast með úrslitakeppni söngvakeppni Samfés sem heitir Samfestingurinn. Böllin er ýmist haldin í félagsmiðstöð eða í sal skólans en yfirleitt er lokaballið á nýjum stað. Í ár var það haldið í Edinborgarhúsinu. Að venju er 7. bekkingum boðið á lokaballið ásamt nemendum úr nágrannaskólum.
Skólanum var slitið í Ísafjarðarkirkju þann 7. júní.
Á skólaslitum flytur skólastjóri ávarp og einnig fulltrúar útskriftarnema. Veittar eru viðurkenningar fyrir námsárangur og að lokum eru nemendur 10. bekkjar útskrifaðir.
Jóhanna Ýr Barðadóttir og Stefán Freyr Jónsson nemendur í 9. bekk voru kynnar á athöfninni..
Nemendur í smáskipanámi fengu prófskírteini sitt frá Fræðslumiðstöð Vestfjarða. Það voru: Daði Rafn Ómarsson, Gylfi Hallvarðsson, Hilmar Tryggvi Kristjánsson og Sveinbjörn Orri Heimisson.
Viðurkenningu Rotary klúbbsins á Ísafirði fyrir ástundun og framfarir fengu Anna Marý Jónasdóttir í 8. bekk, Halla María Ólafsdóttir í 9. bekk og Rósbjörg Edda Rúnarsdóttir í 10. bekk.
Kvenfélagið Hlíf gaf viðurkenningar fyrir verk og listgreinar. Tungumálaver Reykjavíkur fyrir pólsku. Danska Menntamálaráðuneytið gaf viðurkenningu fyrir dönsku og Ísfirðingarfélagið í Reykjavík gaf gjöf til minningar um Hannibal Valdimarsson. Þessi viðurkenning er veitt nemanda í 10. bekk fyrir lofsverða ástundun, framfarir í námi og virka þátttöku í félagsstarfi, Crossfit-Ísafjörður gaf viðurkenningar fyrir góða ástundun og námsárangur í íþróttum. Aðrar viðurkenningar eru frá Grunnskólanum á Ísafirði.
Eftirtaldir hlutu viðurkenningar: Guðlaug Rós Jóhannsdóttir fyrir textílmennt. Jelena Rós Valsdóttir fyrir myndmennt, Sædís Mjöll Steinþórsdóttir fyrir heimilisfræði. Sigurður Bjarni Kristinsson og Sædís Mjöll Steinþórsdóttir fyrir íþróttir. Jelena Rós Valsdóttir fyrir dönsku, íslensku, stærðfræði, og samfélagsfræði. Robert Michal Palkowski fyrir pólsku. Signý Stefánsdóttir fyrir leiklist. Viðurkenningu Ísfirðingafélagsins fengu Guðlaug Rós Jóhannsdóttir og Rósbjörg Edda Rúnarsdóttir. Sérstaka viðurkenningu fyrir störf í þágu skólans fengu Daði Rafn Ómarsson og Sveinbjörn Orri Heimisson.
Guðbjörg Halla Magnadóttir

8. bekkur

Nemendur árgangsins voru 35 við upphaf skólaárs en 34 við skólalok. Fyrir áramót var bekkurinn í einni stofu en eftir áramót var bekknum skipt í tvær stofur. Umsjónarkennarar voru Jón Hálfdán Pétursson og Katrín Sif Kristbjörnsdóttir.

Kennarar árgangsins eftir námsgreinum
Danska – Guðríður Sigurðardóttir og Kristín Ólafsdóttir
Enska – Bergljót Halldórsdóttir, Edda Katrín Einarsdóttir (til október 2018) og Sylwia Katarzyna Jurczuk (frá nóvember 2018)
Íslenska – Guðlaugur Viðar Valdimarsson og Katrín Sif Kristbjörnsdóttir
Íslenska sem annað mál – Helga Björt Möller
Íþróttir – Atli Freyr Rúnarsson og Jón Hálfdán Pétursson
Lífsleikni – Jón Hálfdán Pétursson og Katrín Sif Kristbjörnsdóttir
Náttúrufræði – Jón Hálfdán Pétursson og Katrín Sif Kristbjörnsdóttir
Samfélagsfræði – Bergljót Halldórsdóttir Guðlaugur Viðar Valdimarsson
Stærðfræði – Jón Hálfdán Pétursson og Katrín Sif Kristbjörnsdóttir
Sund – Atli Freyr Rúnarsson og Jón Hálfdán Pétursson
Upplýsingatækni – Laufey Eyþórsdóttir
Þroskaþjálfar: Birgitta Rós Guðbjartsdóttir og Sóley Veturliðadóttir.
Stuðningsfulltrúar: Edda Katrín Einarsdóttir og Guðmundur Auðunn Gunnarsson.

Eftirtalin fög voru kennd: Íslenska 6 stundir á viku, stærðfræði 6, samfélagsfræði 3, náttúrufræði 3, enska 4, lífsleikni 1, íþróttir 2, sund 2, danska 4, og upplýsingatækni 1 stund. Nemendur fóru einnig í hinar ýmsu valgreinar og ýmsir kennarar sinntu þeirri kennslu.

Kennsluhættir
Í upphafi skólaárs var bekkjarstofan nr. 218. Um áramótin var ákeðið að skipta bekknum upp í tvær stofur svo við fluttum okkur yfir í stofur nr. 211 og 213. Einnig höfðu nokkrir nemendur aðgang að námsveri í stærðfræði, íslensku og íslensku sem annað mál. Nemendur fengu afnot af spjaldtölvum sem voru notaðar í verkefnavinnu og til upplýsingaöflunar í vetur líkt og fyrri ár.

Stærðfræði
Námsgögn: Skali 1a og 1b, Almenn stærðfræði I.
Námstilhögun: Kennt í bekknum, stundum skipt upp í tvo hópa.
Námsmat: Kaflapróf, verkefni og lokapróf.
Kennarar: Jón Hálfdán Pétursson og Katrín Sif Kristbjörnsdóttir.

Íslenska
Námsgögn: Kveikjur lesbók og verkefnabók, Málið í mark – fallorð, Egils saga, Drakúla, Milljón holur og ýmsar lestrarbækur að eigin vali.
Námstilhögun: Áhersla var lögð á orðaforða, málfræði og ritun. Nemendur unnu aðallega í einstaklingsverkefnum.
Námsmat: Lesfimipróf, lesskilningspróf, málfræðipróf, verkefni og lokapróf.
Kennarar: Guðlaugur Viðar Valdimarsson og Katrín Sif Kristbjörnsdóttir.

Samfélagsfræði
Námsgögn: Sögueyjan 3, Um víða veröld – jörðin, Jón Sigurðsson og hugmyndir 19.aldar. Ýmis fræðslumyndbönd og fleira ítarefni.
Námstilhögun: Lestur og verkefnavinna úr bókum, ásamt ýmsum öðrum verkefnum og hópavinnu.
Námsmat: Vinna og verkefni nemenda voru metnar til einkunnar ásamt hópverkefnum.
Kennari: Bergljót Halldórsdóttir, Guðlaugur Viðar Valdimarsson og Katrín Sif Kristbjörnsdóttir.

Kennslustundir á viku: Kennt var í einum hópi á haustönn en í tveimur hópum´eftir áramót, 3 tíma í viku.

Kennsluefni: *Um víða veröld- Jörðin* (haust)), *Sögueyjan 3* (vor).

Haust:
Nemendur lásu og unnu margvísleg verkefni í tengslum við innri gerð jarðar og hópverkefni unnið,um þætti sem móta yfirborð jarðar, skoðuð voru mismunandi gerðir landakorta, lesið var um lofthjúp jarðar og lítillega var farið í gróðurfar jarðar.
Valin verkefni í kennslubókinni voru unnin og nemendur unnu nokkur hópverkefni í tengslum við efnið.

Vor:
Valdir kaflar í *Sögueyjunni* lesnir (kafli 2, 3, 4 - um kvenréttindi og ungmennafélögin og kafli 6). Verkefni í tengslum við efni bókarinnar voru unnin, bæði hefðbundnar efnisspurningar úr efninu og hópverkefni, ennfremur öfluðu nemendur upplýsingar um tiltekin efni bókarinnar á netinu og skiluðu úrlausnum sínum til kennara.. Myndefni í tengslum við efnið var skoðað jafnhliða.

Námsmat: símat – verkefnaskil jafnt einstaklings sem hópverkefni metin auk verkefna unnin í vinnubók, metið til loka námsmats.

Náttúrufræði
Námsgögn: Lífheimurinn og Eðlisfræði 1.
Lífheimurinn: Farið yfir hvern kafla á glærum og sjálfspróf unnin. Kaflapróf í lok hvers kafla, hópverkefni og ritgerð.
Eðlisfræði: Farið yfir fyrstu þrjá kaflana á glærum og sjálfspróf unnin. Kaflapróf í lok hvers kafla. Þrjár verklegar æfingar: 1) Stöðurafmagn með blöðrum, 2) Staumrás með ljósaperu og 3) Að tengja kló.
Námsmat: Kaflapróf, hópverkefni og heimildaritgerð.
Kennarar: Jón Hálfdán Pétursson og Katrín Sif Kristbjörnsdóttir.

Enska
Námsefni: Spotlight 8 lesbók og vinnubók.
Námsmat: Lokapróf og vinna yfir veturinn metin til lokaeinkunnar.
Kennarar: Bergljót Halldórsdóttir, Edda Katrín Einarsdóttir og Sylwia Katarzyna Jurczuk.

Danska
Dönskukennarar í 8. bekk: Guðríður Sigurðardóttir og Kristín Ólafsdóttir,
Fjórar kennslustund á viku.
Gestakennari Annemette Eriksen. Áhersla lögð á talaða mál

Námsgögn: Smart og Tak lesbók og vinnubók. Hringekja
Å nej sagan lesin og verkefni unnin með henni..
Nemendur horfðu á, Det var en dreng og Af banen.
Þemaverkefni: Konfirmationen
Allir nemendur unnu með og nýttu sér spjaldtölvur í náminu.

Samantekt:

Á haustönn unnu nemendur með gestakennara þar sem áhersla var lögð á talað mál og Smil les og vinnubók
Á vorönn : Þemaverkefni: Konfirmationen. Í Konfirmationen voru skilin munnleg á rafrænu formi.
Þá var byrjað á Tak lesbók og vinnubók 1. kafli unninn.
Útiverkefni: Lýsingar og nafnorðaganga
Einnig var spjaldtölvan óspart notuð sem orðabók.
Guðríður Sigurðardóttir og Kristín Ólafsdóttir

Upplýsingatækni
Námsefni: Microsoft Office forritin og efni útbúið að kennara
Nemendur fengu eina kennslustund á viku allan veturinn. Að hausti ræddu kennari og nemendur um hvaða hæfni væri nauðsynleg nemendum í námi og fyrir framtíðina almennt. Nemendur hafa mikið notað snjalltæki til að læra en töldu sig skorta grunnhæfni í notkun tölva, t.d. að kunna á Office forritin, skipuleggja skrárnar sínar, að setja upp ritgerðir, sækja heimildir á netið, tölvupóstsamskipti, umgengni við samfélagsmiðla og þá menningu sem tilheyrir tölvusamskiptum á fullorðinsaldri. Einnig vildu nemendur læra að klippa til myndbönd, myndvinnslu og að vinna með hljóð. Kennari útbjó síðan kennsluáætlun í samstarfi við umsjónarkennara árgangsins til að tryggja að öll mikilvægustu grunnatriði væru með í kennslunni, út frá þeirri hæfni sem nemendur þurftu á að halda í námi sínu. Nemendur voru sáttir við að fá að taka þátt í mótun náms síns. Kennslan tók mun lengri tíma en oft áður, þó tókst að fara yfir alla grunnþekkingu sem hafði verið skilgreind sem forgangsatriði.
Laufey Eyþórsdóttir

Lífsleikni
Áhersla var lögð á almenn samskipti, styrkleika og veikleika, sjálfsmynd nemenda, jákvæðni, umburðarlyndi og virðingu. Haldnir voru bekkjafundir. Nemendu lærðu spilavist.
Kennari. Jón Hálfdán Pétursson og Katrín Sif Kristbjörnsdóttir.

Sund
Nemendum var skipt í tvo hópa í sundi. Farið var yfir alla þætti aðalnámskrár og námsefni 8. og 9.bekkjar en bekkurinn var 2x í sundi á viku.
Kennari: Atli Freyr Rúnarsson og Jón Hálfdán Pétursson.

Íþróttir
Útiíþróttir út septembe rmánuð og í maímánuði.
Námsmat: Ástundun og virkni.
Kennarar: Atli Freyr Rúnarsson og Jón Hálfdán Pétursson

Viðburðir og vettvangsferðir

23. ágúst	Skólasetning og foreldraviðtöl
5. september	Fjallganga að Nónvatni
19. september	Haustfundur
24. september	Þorgrímur Þráinsson með erindi á sal
26. september	Ólympíuhlaup ÍSÍ
11. október	Sigga Dögg kynfræðingur með erindi á sal
17. október	Foreldraviðtöl
18-19. október	Vetrarfrí
24. október	Skáld í skólum
25. október	Íþróttahátíðin í Bolungarvík

7-9. nóvember	Elísabet Lorange með sjálfsstyrkingarnámskeið
16. nóvember	Sævar stjörnufræðingur með fræðslu í bekk
30. nóvember	Opinn dagur
7. desember	Lögregluþjónarnir Hlynur og Gylfi með fræðslu
20. desember	Litlu jólin
4. janúar	Flutningar um skólastofu
17. janúar	Margrét Jónsdóttir Njarðvík með erindi á sal
14-15. febrúar	Vetrarfrí
2. apríl	Skíðadagur í Tungudal
7. maí	Árshátíðarratleikur með foreldrum
24. maí	Vorverkadagur, setja niður kartöflur með Diddu og 1. bekk í garði Tónlistarskólans.
27. maí	Foreldrafundur – Niðurstöður frá Rannsóknum og greiningu
28. maí	Íþróttadagur
29. maí – 3. júní	Prófadagar
4. júní	Hjólaferð inn í Tunguskóg
5. júní	Rútuferð á Hrafnseyri og Dynjanda



Jón Hálfdán Pétursson og Katrín Sif Kristbjörnsdóttir

9.bekkur

Íslenska

Nemendur eru 28 og var þeim kennt í einum hópi.

Kennarar: Bergljót Halldórsdóttir og Guðlaugur Viðar Valdimarsson.

Leiklesin var bókin *Rómeó og Júlía* eftir áramót og *Laxdæla saga* lesin í framhaldinu. Úr fyrri bókinni skiluðu nemendur lokaverkefni. Úr *Laxdælu* voru verkefni af ýmsu tagi unnin jafnt og þétt ásamt lokaverkefni. Nemendur völdu sér bók að eigin vali og skiluðu lestrarverkefni.

Horft var á kvikmynd sem gerð var eftir *Rómeó og Júlíu.*

Í málfræði var unnið með sagnorð og stuðst við bókina *Málið í mark* og *Málfinn.*

Margvísleg ritunarverkefni voru unnin. Helst var stuðst við bókina *Neistar*. Meðal annars spreyttu nemendur sig á því að skrifa handrit að leikþætti. Ennfremur voru ritunarverkefni í tengslum við persónusköpun og sjónarhorn.

Nemendur hafa spjaldtölvur til afnota og eiga að nýta sér orðabækur, upplýsingasíður og leiðréttingarforrit á netinu. Sumir nota gagnvirka vefi í spjaldtölvum til að æfa sig í málfræði.

Samræmt próf í íslensku voru í mars og tvívegis könnun í lesfimi og lesskilningi.

Vinna nemenda var metin jafnt og þétt yfir veturinn, kannanir af og til og lokapróf að vori.

Einkunnir gefnar í bókstöfum.

Samfélagsfræði
Kennarar: Bergljót Halldórsdóttir og Unnur Björk Arnfjörð (frá áramótum)

Kennsluefni: Frá því um haustið og fram í febrúar var Um víða veröld – heimsálfur lesinn og unnin verkefni.

Í febrúar var skipt yfir í sögu og lesbókinni Styrjaldir og kreppa notuð sem grunnur. Nemendur byrjuðu á því að kynna sér afdrif Titanic og gerðu verkefni tengd því. Í framhaldinu var fyrri heimsstyrjöldin skoðuð, orsakir hennar og afleiðingar, kreppan og seinni heimstyrjöldin. Nemendur unnu þematengd verkefni að eigin vali til að dýpka skilning sinn á viðfangsefninu. Flestir tóku efni tengda heimstyrjöldinni síðari.

Danska
Dönskukennari í 9. bekk var, Kristín Ólafsdóttir. Unnur Björk Arnfjörð (frá áramótum)
Fjórar kennslustundir á viku.
Gestakennari Annemette Eriksen. Áhersla lögð á talaða mál

Námsgögn . Dejlige Danmark les og vinnubók.Tak lesbók og vinnubók. Ýmis verkefni voru unnin í spjaldtölvu í tengslum við kaflana.
Lesnar voru bækurnar Blodhævn, og Nye tricks og unnin verkefni.

Þemaverkefni : Danmerkur þema. Gönguferð um Ísafjörð, samvinnuverkefni dönsku og ensku Hringekjuverkefni þar sem unnin voru blönduð verkefni.
Stuttmyndir ýmis val verkefni og stuttar auglýsingar.

Samantekt
Á haustönn unnu nemendur með gestakennara þar sem áhersla var lögð á talað mál og Dejlige Danmark
Á vorönn var byrjað á Tak les og vinnubók.
Mörg skemmtileg verkefni voru unnin í dönsku í spjaldtölvu
Myndaverkefni var unnið sem útiverkefni.
Einnig var spjaldtölvan óspart notuð sem orðabók.

Kristín Ólafsdóttir og Unnur Björk Arnfjörð

Bergljót Halldórsdóttir umsjónarkennari fór í veikindaleyfi frá mánaðarmótum apríl/maí til skólaloka og því vantar samantekt frá umsjónarkennara.

10. bekkur

Nemendur í árganginum voru 27. Umsjónarkennari var Kristín Ólafsdóttir, stuðningsfulltrúi var Árný Einarsdóttir. Þroskaþjálfi var Birgitta Rós Guðbjartsdóttir

Eftirtaldar valgreinar voru kenndar: Íslenska sem annað mál, aðstoð við dægradvöl, hárgreiðsla, leiklist, ljósmyndun, myndmennt, næringarfræði, prjón og hönnun, skák, Fablab, fornám ökunáms, heimanám, heimilisfræði, líkamsrækt og þjálfun, smáskipanám, skák, skólahreysti, trésmíði, tækniráð, franska.

Nemendur geta einnig fengið tónlistarnám og íþróttaþjálfun metið sem valgrein.

Inntak og áherslurLögð var áhersla á hópinn í heild og reynt að efla samstöðu innan árgangsins. Góð samskipti, fordómaleysi og víðsýni voru í forgrunni.

Auk þess var í lífsleikni unnið með bekkjarsáttmálann, samskipti kynjanna, framtíðarplön og markmiðsetningu í tengslum við þau.
Hjúkrunarfræðingur var með fræðslu fyrir nemendur.

Viðburðir og vettvangsferðir

23. ágúst, nemendur mæta í skólann ásamt foreldrum eða forráðamönnum, hver og einn spjallar við sinn umsjónarkennara og setur sér markmið til að vinna að fyrir komandi önn.

3. september hóf danskur gestakennari störf við skólann og var hér fram til jóla.

4. - 5. september var farið í haustferð, siglt til Hesteyrar og gengið yfir til Aðalvíkur, gist þar eina nótt. Nemendur voru í tjöldum en fullorðnir fengu inni í sumarhúsi. Gangan tók 5-6 tíma. Við komuna í Aðalvíkur var tjaldað og grillað um kvöldið. Auk umsjónarkennara voru þær Helga Björt og Árný Einars fulltrúar GÍ, fulltrúar foreldra voru þau Álfheiður, Ólafur auk gestgjafans Jóhanns Birkis. Allir skemmtu sér vel og komu glaðir og kátir til baka.



20. september fyrsta ball vetrarins var haldið og gekk það ljómandi vel. Hópurinn var mjög samtaka í undirbúningi og frágangi svo að til fyrirmyndar var.

26. september var Norræna skólahlaupið.

Vikuna 6. – 12.október fóru seks nemendum úr 10. bekk í vinabæjarheimsókn í Kaufering, ásamt kennurunum Bryndísi Bjarnason og Jóni Hálfdáni Péturssyni. Einn nemandi frá Þingeyri var einnig með í för.

11. október kom kynfræðingurinn Sigga Dögg í heimsókn

17. október var foreldradagur.

25. október var Íþróttahátíðin í Bolungarvík haldin.

1. nóvember var haldið mjög vel heppnað hrekkjavökuball.

8. nóvember var dagur eineltis og var honum gerð góð skil.

1.des var að venju opinn dagur í skólanum, foreldrar og aðrir hvattir sérstaklega til að kíkja í heimsókn í skólann, þó svo að skólinn sé alltaf opinn og foreldrar velkomnir að koma í heimsókn hvenær sem er.

19. desember var skólinn skreyttur hátt og lágt.

20. desember voru litlujólin, árgangurinn gerði sér glaðan dag í bekkjarstofu auk þess sem dansað var kringum jólatréð, ásamt fleirum, hvíta anddyrinu.

Dansæfingar fyrir þorrablót undir stjórn Evu Friðþjófsdóttur stóðu yfir allan janúar.

Þorrablótið var frábært og hápunktur viðburða ársins. Það var haldið 25. janúar á sal skólans. Hver og einn kom með sitt trog á blótið, fyrir sig og sína. Flutt voru skemmtiatriði á vegum foreldra og starfsfólks. Foreldrar stjórnuðu fjöldasöng og sáu um veislustjórn. Að loknu borðhaldi var salurinn rýmdur og dansað af hjartans lyst. Benni Sig. og félagar spiluðu á ballinu. Allir skemmtu sér vel og var það mál manna að þetta þorrablót hefði tekist einstaklega vel eins og alltaf er eftir hvert ball. Dans- og söngæfingar fyrir þorrablótið höfðu gengið vel og skiluðu sér á ballinu.



31. janúar kom Stella Hjaltadóttir námsráðgjafi í MÍ í heimsókn. Hún kynnti skólann fyrir nemendum 10. bekkjar, sagði m.a. frá þeim námsleiðum sem í boði eru, hvaða kröfur eru gerðar til nemenda og fór í grófum dráttum yfir hefðir og venjur hvað félagslíf í MÍ varðar.

8. febrúar var þriðja ball vetrarins haldið og tókst með ágætum eins og hin tvö á undan.

14. og 15. febrúar var vetrarfrí.

4. mars var maskaball hjá yngri nemendum og þeir nemendur á unglingastigi sem mættu í búningum í skólann voru velkomnir að taka þátt í grímuböllunum. Þátttaka unglinganna þótti takast einstaklega vel og hvetjandi fyrir þau yngri.

5. mars var starfsdagur kennara og voru nemendur að venju í fríi þann dag.

20. og 21. mars var haldið skyndihjálparnámskeið á vegum Rauðakrossins, árganginum var skipt í tvennt og mætti sitt hvor helmingurinn á námskeiðið hvorn daginn fyrir sig. Námskeiðið fór fram í Fræðslumiðstöð Vestfjarða.

10. og 11. apríl stóð til að halda áshátíð skólans, en vegna myglu sem upp kom í hluta skólahúsnæðisins, sem leiddi til lokunar þess, var ákveðið að fresta árshátíðinni fram yfir páskana og halda hana að þessu sinni með breyttu sniði að loknum páskum.

Páskafríið hófst 15.apríl og lauk því 22. apríl.

25. apríl sumardaginn fyrsta var að venju frí í skólanum.

30. apríl var fjórða ballið haldið.

Dagana 29. apríl – 3. maí voru þýskir gestir hjá 10. bekk, þar voru á ferð nemendur og kennarar frá Kaufering sem voru að endurgjalda heimsókn Ísfirðinga frá því í október. Gestirnir gistu í heimahúsum.

5. maí héldu 10. bekkingar mjög vel lukkað fjáröflunarbingó í félagsheimilinu í Hnífsdal. Höfðu hin ýmsu fyrirtæki og einstaklingar tekið vel á móti nemendum og gefið vinninga í bingóið.

21. – 24. maí var vorferðalag árgangsins. Ferðin í ár var að Bakkaflöt í Skagafirði. Þar var farið í flúðasiglingu, litabolta, þrautabraut, klettaklifur, farið á hestbak og í sund á Hofsósi. Nemendur stóðu sig mjög vel og voru sér og sínum til sóma. Fararstjórar voru Álfheiður Elín Bjarnadóttir, Ólafur Halldórsson, auk kennaranna Kristínar Ólafsdóttur og Helgu Bjartar Möller, stuðningsfulltrúi var Árný Einarsdóttir.



4. og 5.júní fóru nemendur í starfskynningu í hin ýmsu fyrirtæki bæjarins

Lokaballið var haldið í Edinborg 3. júní. Mæting á ballið var mjög góð, mikið dansað, salurinn einstaklega fallega skreyttur og allir sáttir.



Fjáröflun

Mikil fjáröflun var í gangi allan veturinn. Í upphafi vetrar tók hópur nemenda að sér að skipuleggja vinnuna og halda utan um fjáröflunina. Hittist hópurinn vikulega og fór yfir málin.

Meðal þess sem gert var má nefna: Seldar voru peysur með GÍ-merki, vöfflubakstur á foreldradögum, dansleikir, kaffimeðlæti á kennarastofu og bingó.

Skólaslit voru föstudaginn 7. júní við fallega athöfn í Ísafjarðarkirkju þar sem tveir fulltrúar nemenda héldu fína tölu og kvöddu skólann fyrir hönd árgangs 2003.

Kristín Ólafsdóttir umsjónarkennari.

Íslenska

6 stundir á viku. Kennarar: Bergljót Halldórsdóttir og Guðlaugur Viðar Valdimarsson. Nemendur voru 27.

Grunnbók námsins var *Logar*. Byrjað var á fyrsta kaflanum þar sem læsi og ritun er viðfangsefnið. Í tengslum við efni þeirra kafla sem lesnir voru var farið í málfræði, orðaforða og bókmenntahugtök og ýmislegt fleira.

Við lásum Strákinn í röndóttu náttfötunum á haustönn og ýmis verkefni voru unnin úr henni auk þess sem horft var á kvikmyndina.

Eftir áramót las bekkurinn saman *Korkusaga* og ýmis verkefni unnin í tengslum við bókina. Í mars var hafist handa við lestur á *Gísla sögu Súrssonar*. Lokaverkefni var unnið upp úr bókinni. Ekki var farið í Haukadal að þessu sinni.

Nemendur lásu einnig bækur að eigin vali allan veturinn.

Málfræði var tekin fyrir jafnt og þétt á haustönn og í stuttum lotum á vorönn. Notast var við bókina Málið í mark, óbeygjanleg orð, Málfinn - og efni víðar að.

Ennfremur aukaverkefni frá kennara.

Vinna nemenda var metin jafnt og þétt yfir veturinn, einstaklingsverkefni og hópaverkefni. Lokapróf var tekið í júní.

Þjóðfélagsfræði 10. bekkur
Kennari: Kristín Ólafsdóttir
Kennsluefni: Á ferð um samfélagið og Frelsi og velferð
Námsmat: Verkefni (hópverkefni og einstaklingsverkefni) nemenda voru metin til lokaeinkunnar.
Á haustönn var unnið með bókina Á ferð um samfélagið, unnið var með valda kafla:

- Kafli 1- Hvað er samfélag
- Kafli 2 - Sinn er siður
- Kafli 3 - Félagsmótun
- Kafli 5 - Fjölskyldan
- Kafli 6 - Gaman saman
- Kafli 11- Alþjóðasamfélagið og mannréttindi.

Kaflarnir lesnir unnin skrifleg verkefni tengd hverjum kafla auk margra hópverkefna þar sem nemendur unnu með þema hinna ýmsu kafla kynntu sér málefni og sögu og kynntu fyrir bekknum. Svo dæmi séu tekin:

- ✓ Hugtakið samfélag var rædd út frá ýmsum sjónarhornum og verkefni unnin. Stutt hópverkefni voru unnin í tengslum við félagsmótun og félagsmótunaraðila.

- ✓ Nemendur unnu meðal annars hópverkefni um staðalímyndir karla og kvenna í auglýsingum og kvikmyndum, hvort að munur væri á tíðni frétta um íþróttaiðkun karla og kvenna, hvort kynbundinn munur væri á viðmælendum eða álitsgjöfum í fjölmiðlum.

- ✓ Alþjóðasamfélagið og mannréttindi voru krufin til mergjar og stutt hópverkefni unnin í tengslum við þann málaflokk.

Á vorönn var unnið með bókina Frelsi og Velferð. Unnið með valda kafla:

- Friður á jörð
- Kalda stríðið
- Kalda stríðið – Alheimsdeila
- Kalda stríðið – Endalok kalda stríðsins
- Deilur í Mið-Austurlöndum
- Deilur Ísraels og Palestínumanna
- Mið og Austurlönd í köldu stríði
- Barist gegn vestrænum áhrifum

Kaflarnir lesnir unnin skrifleg verkefni tengd hverjum kafla auk margra hópverkefna þar sem nemendur unnu með þemu hinna ýmsu kafla, kynntu sér málefni og sögu og kynntu fyrir bekknum. Tvær stuttar ritgerðir voru skrifaðar.
Auk margra þematengdra kynninga, sem nemendur unnu í hópum og kynntu fyrir bekknum var smáforritið Nearpod mikið notað við kennsluna jafnt á haustönn sem á vorönn.

Lokaverkefni vetrarins var ritun Heimildaritgerðar, viðfangefni að eigin vali.

- ✓ Nemendum var kynnt uppsetning heimildaritgerða og í framhaldinu fengu nemendur að velja sér samfélagslegt viðgangsefni til þess að skrifa um.

Stærðfræði 10. bekkur –6 kennslustundir á viku
Kennarar: Bryndís Bjarnason og Jón Hálfdán Pétursson.
Árgangnum var kennt í einum hóp og voru tveir kennarar með hópinn 4 tíma á viku, annars einn kennari. Fimm nemendur voru með aðlagað námsefni.
Námsefni: Skali 3A og 3B, nemendahefti og æfingahefti. Einnig var stuðst við 8 – 10 bækurnar og Almenna stærðfræði, þau hefti sem hentuðu hverju sinni. Google classroom var mikið notað við verkefni og verkefnaskil.
Áhersla var lögð á sjálfstæð vinnubrögð og var unnið eftir áætlunum sem voru settar vikulega í Mentor. Viðfangsefni voru margvísleg og var stærðfræðibókunum fylgt nokkuð vel. Nemendur unnu hópverkefni í fjármálum þar sem þeir settu upp fjárhagsáætlun fyrir fjölskyldu og þurftu að taka allan kostnað inn í rekstur heimilisins. Í tengslum við þetta verkefni fengu nemendur fjármálafræðslu í bönkum Ísafjarðarbæjar. Einnig voru unnin stór verkefni um einslögun og íþróttir þar sem nemendur þurftu að sýna kunnáttu í stærðfræði við vinnslu verkefnanna. Nemendur horfðu á myndina Undraheimur stærðfræðinnar.
Námsmatið var símat sem byggðist á kalfaprófum í lok hvers kalfa, hópverkefnum, einstaklingsverkefnum og lokaprófi að vori

Danska
Dönskukennari í 10 bekk var Kristín Ólafsdóttir.
Fjórar kennslustundir á viku.
Gestakennari Annemette Eriksen. Áhersla lögð á talaða mál

Námsgögn: Smil les-og vinnubók. Hringekjuverkefni með ýmsum verkefnum frá kennurum. Koldt blod, (tvær bækur), sem hóparnir lásu og unnu verkefni úr, einnig sagan Undskyld og unnin verkefni í tengslum við hana. Sagnapróf – óreglulegar sagnir samt. 13 próf.
Spjaldtölva nú sem áður mikið notuð jafnt í verkefnavinnu sem upplýsingaleit. Netorðabókin Islex var mikið notuð.

Samantekt:
Á haustönn unnu nemendur með gestakennara þar sem áhersla var lögð á talað mál Á haustönn var Smil og Hringekja. Þemaverkefnið Idræt.
Á vorönn Smil, sagnapróf og ýmis verkefni í spjaldtölvu
Ýmsar danskar kvikmyndir.
oldt blod og Spor i sneen / Min mund er lukket lesin og verkefni unnin úr bókinni.

Eins og fram kemur hér að ofan þá voru unnin þemaverkefni og hringekjuverkefni á hverju stigi, einnig hefur verið mikið unnið með spjaldtölvur, hefur sú vinna leitt það af sér að minna er um hefðbundna les-og vinnubókavinnu sem okkur finnst skila betri árangri.

Í dönskunni var unnið með einstaklings miðað nám og í hverjum árgangi voru nokkur mismunandi verkefni í gangi og miðaðist námsmat við það.

Góð og jákvæð vinna er í dönskukennarahópnum.

Kristín Ólafsdóttir

4. Stoðþjónusta

Í upphafi skólaárs var starf deildarstjóra sérkennslu 50% stöðugildi á móti almennri sérkennslu en við áramót var það hækkað í 75% stöðugildi á móti almennri sérkennslu. Helga Björt sinnti því starfi annað árið í röð. Deildarstjóri sérkennslu er með yfirsýn um úthlutun sérkennslu í skólanum, heldur utan um stoðteymi skólans, er kennurum ráðgefandi og er ásamt skólastjóra tengiliður við skóla- og félagsþjónustu og barnavernd í málefnum barna sem þurfa á slíkri þjónustu að halda.

Stoðþjónustunni var sinnt á fjölbreyttan hátt í skólanum. Í yngri bekkjum var lögð áhersla á að sinna stuðningi inni í bekk t.d. þegar stuðningsfulltrúar aðstoða nemendur með leiðsögn kennara. Sérkennarar og þroskaþjálfar vinna líka með yngri börnum, ýmist inni í bekk eða í litlum rýmum eða námsveri, einslega eða í litlum hópum. Á miðstigi er svipað fyrirkomulag en þar býðst nemendum líka að koma í námsver og sækja þar þjónustu sérkennara eða þroskaþjálfa. Á unglingastigi fór stoðþjónustan að mestu fram í námsveri. Í fjölmennum bekkjum sem þó náðu ekki þeim fjölda að vera skipt í tvo bekki var yfirleitt tvímannað og sinntu fagkennarar þá sérkennslunni.

Vegna myglu sem kom upp í húsakynnum skólans í mars breyttist sérkennslan talsvert og ekki var lengur hægt að nýta flest sérkennslurými skólans. Má þar nefna námsver, litlar stofur í gamla skólanum og fleira. Sérkennarar færðu sérkennsluna því inn í bekki (sem líka þurftu í mörgum tilfellum að færast á milli rýma), í önnur rými, á ganga eða skrifstofur. Í sumum tilfellum þurfti að fækka í sérkennsluhópum vegna aðstöðuleysis og er það sameiginleg upplifun þeirra sem sinntu stoðþjónustunni að þessar húsnæðisbreytingar hafi haft neikvæð áhrif á þá nemendur sem þurfa að slíkri þjónustu að halda. Erfiðara var að fá næði fyrir sérkennslu og trufluðust nemendur talsvert vegna þrengsla. Þetta mátti t.d. greina í framförum að vori í lestri hjá yngri bekkjum og kom fram í vorskýrslum sérkennara og þroskaþjálfa.

Yfir veturinn störfuðu 2 þroskaþjálfar í tveimur stöðugildum og 6 sérkennarar störfuðu í samtals 4,67% stöðugildum. 12 stöðugildi stuðningsfulltrúa voru við skólann. Auk þess var boðið upp á talþjálfun í 3 stundir á viku. Fastir tímar í stundatöflu sérkennara og þroskaþjálfa voru 171 stund á viku og sinntu stuðningsfulltrúar stuðningi í 474 kennslustundum á viku yfir skólaárið. Í stoðteymið bættist við nýr sérkennari þennan veturinn og nýr þroskaþjálfi.

Auk formlegra sérkennslutíma sérkennara og þroskaþjálfa var einnig boðið upp á sérkennslu í nokkrum verkgreinum á unglingastigi, heimilisfræði, myndmennt og textílmennt, með það að markmiði að létta álagi af nemendum í bóklegum greinum og efla félagsþroska þeirra. 8 kennslustundir á viku fóru í slíka vinnu. Ekki er því lýsandi að telja einungis tíma sem úthlutað er til sérkennslu þegar umfang stoðþjónustunnar er metið.

Nokkrum nemendum á unglingastigi var boðið upp á vinnustaðatengt nám í Vesturafli, í Nettó og í mötuneyti GÍ. Þá fengu þeir þjálfun í að starfa á viðkomandi stað en þó með stuðningi þar sem stuðningsfulltrúi fylgdi þeim alltaf í vinnustaðanámið.

33 börn voru í reglulegum, einkatímum hjá þroskaþjálfum skólans yfir veturinn. Allt frá því að hitta þroskaþjálfa einu sinni í viku upp í fimm skipti á viku. Í einstaka tilfellum var tveimur eða þremur börnum boðið saman í tímana. Megináhersla í tímunum var að þjálfa félagsfærni og samskipti, þó var nokkuð um grunnfærni þjálfun t.d. í talnaskilningi, lestri eða tjáningu. Tímar þroskaþjálfa voru ýmist í stofu þroskaþjálfa eða í námsveri. Þroskaþjálfi kom einnig inn í bekki

og fylgdist með skipulagi í kringum nokkra af sínum nemendum og var í samstarfi við kennara varðandi áherslur í námi og kennslu.

Íslenska sem annað mál heyrir undir stoðþjónustu skólans og er boðið upp á slíka tíma á unglingastigi en þá hafa nemendur með önnur móðurmál en íslensku val um að sleppa dönsku og fá í staðinn viðbótarkennslu í íslensku. Þetta nýtir hluti tvítyngdra nemenda skólans sér. Eins var nokkrum nemendum yngra og miðstigs sem eru nýfluttir til landsins boðið upp á sértíma í íslensku sem annað mál. Útfærsla þeirra tíma var mismunandi eftir nemendum og þörfum þeirra. Ákveðnir sérkennarar sem hafa sérhæft sig í kennslu íslensku sem annars máls sinntu þeirri kennslu að mestu.

Um 23% nemenda skólans eru með einhverskonar greiningar sálfræðinga eða talmeinfræðings, allt frá nokkuð léttvægum frávikum til mikilla frávika. Þessi börn þurfa mismikla þjónustu og svo eru nokkur börn í skólanum sem ekki hafa skýra greiningu en þurfa engu að síður á talsverðri stoðþjónustu að halda.

Um 31% nemenda skólans njóta einhverskonar stoðþjónustu en erfitt er að fullyrða nákvæmlega um þá tölu. Sumir nemendur fá aukin stuðning í lestri tímabundið, í sumum tilfellum þarf að funda ört í ákveðinn tíma vegna líðan nemenda en í öðrum tilfellum fá nemendur fasta sérkennslu eða annan stuðning allan veturinn.

Um 76 eða 20% nemenda skólans eiga annað eða báða foreldra af erlendum uppruna. Sumir þessara nemenda eru fæddir á Íslandi og eiga íslensku sem móðurmál en aðrir eru tiltölulega nýfluttir til landsins, þurfa stuðning í íslenskunni og allt þar á milli.

Samstarfsteymi eru um 40 nemendur í skólanum og skiptist umsjón þeirra milli sérkennara, þroskaþjálfa og skólastjórnenda. Teymin funda misoft, allt frá tveimur fundum á vetri til þess að funda einu sinni í mánuði.

Sérkennari lagði greinandi próf fyrir nemendur vegna vísbendinga um lestrar- eða stærðfræðivanda. Sumir nemendur fóru í fleiri en eitt próf en unnið var eftir skimunaráætlun Ísafjarðarbæjar. Samkvæmt henni eru læsispróf lögð fyrir nemendur í 1. og 2.bekk, skimað með Logos og Talnalykli í 3. og 6.bekk, skimað með Logos að vori í 8.bekk, skimað fyrir þunglyndi að hausti í 9.bekk og þar er einnig lagður fyrir stafsetningarhluti GRP 14. Samræmd könnunarpróf eru svo notuð til að meta stöðu nemenda í 4.,7., og 9.bekk.

Í samræmdu könnunarprófunum sem haldin voru í september fyrir 4. og 7. bekk og í mars fyrir 9. bekk var sótt um undanþágur almennt eða í ákveðinni námsgrein fyrir 10 nemendur og stuðningsúrræði fyrir 23 nemendur. Hægt er að sækja um undanþágu frá prófunum fyrir nemendur með þroskaskerðingar, alvarlega námserfiðleika og í sumum tilfellum nemendur af erlendum uppruna sem hafa ekki náð góðum tökum á íslenskunni. Stuðningsúrræði geta verið í formi lestrarstuðnings eða lengds próftíma. Fyrirlögn prófanna gekk vel þetta árið.

Beiðnir um sérfræðiþjónustu sem fóru fyrir nemendaverndarráð yfir skólaárið voru 22 talsins, í 18 tilfellum var óskað eftir þjónustu skólasálfræðings en í fjórum tilfellum var óskað eftir þjónustu talmeinafræðings.

Skólasálfræðingarnir Sólveig Norðfjörð og Wilhelm Norðfjörð komu reglulega í skólann yfir veturinn, yfirleitt tvo daga í senn. Sólveig kom 7 lotur en Wilhelm kom 9 lotur yfir veturinn.

Bára Gylfadóttir sálfræðingur og atferlisfræðingur hitti deildarstjóra sérkennslu og nokkra kennara í ráðgjöf í eitt skipti yfir veturinn í febrúar og skilaði skýrslu um heimsókn sína.

Talmeinafræðingur skólans Dagný Annasdóttir kom í skólann í 9 lotur yfir skólaárið.

Röskun á flugsamgöngum olli ekki mikilli truflun á komu sérfræðinga í vetur og mun minna en á síðasta skólaári.

Gögn vegna athugana og greininga bárust frá sérfræðingum fyrir 59 nemendur. Þar af 19 skýrslur frá sálfræðingum á vegum skólaþjónustu Ísafjarðarbæjar auk greingargerðum vegna ráðgjafar, 4 skýrslur komu frá Greiningarstöð eða Þroska- og hegðunarstöð, 4 frá utanaðkomandi sálfræðingum, 7 skýrslur með SIS mati, og 8 skýrslur frá talmeinafræðingi. 15 logos greiningar voru gerðar á nemendum skólans utan logos skimunar sem gerð er í 3. bekk.

Við lok skólaárs eru 3 vísanir til sálfræðings og ein vísun til talmeinafræðings sem ekki er byrjað að vinna að og verða þær í forgangi næsta haust. 3 mál sem hafa þegar verið í vinnslu sálfræðinga munu halda áfram næsta vetur.

Nemendaverndarráð skólans sem samanstendur af stjórnendum skóla, skólahjúkrunarfræðingi, náms- og starfsráðgjafa, fulltrúa skólaskrifstofu og fulltrúa barnaverndar fundað mánaðarlega yfir veturinn varðandi málefni barna og fara vísanir til talmeinafræðings og sálfræðings í gegnum nemendaverndarráð.

Talsvert samstarf var við Heilbrigðisstofnun Vestfjarða í gegnum svokallað Barnageðteymi sem sinnir þjónustu við börn með geðraskanir og við félagsþjónustu Ísafjarðarbæjar vegna barna með fjölþættan vanda. Skólahjúkrunarfræðingur Helena Hrund Jónsdóttir var tengiliður við Barnageðteymið. Í vetur varð sú breyting á teyminu að Sveinfríður Olga skólastjóri fór út úr teyminu en Helga Björt deildarstjóri sérkennslu fór inn í það fyrir hönd stjórnenda skólans.

Elísabet Lorange, listmeðferðarfræðingur kom í skólann tvær vikur yfir veturinn og vann með ákveðnum bekkjum varðandi samskipti og liðan.

Samstarf var við Félagsþjónustu Ísafjarðarbæjar um móttöku og skólagöngu nemanda sem dvaldi tímabundið á Ísafirði og kom í skólann í 3 vikur að hausti og 3 vikur að vori.

Stoðteymi skólans sem samanstendur af sérkennurum, þroskaþjálfum og öðrum sem bera ábyrgð á sérkennslu fundaði mánaðarlega yfir veturinn. Á hverjum fundi var yfir ýmis mál tengd sérkennslu og stuðningi. Starfsmenn deildu upplýsingum um kennsluaðferðir, námsgögn og símenntun.

Námsver

Vinna í námsveri var framan af með svipuðum hætti þetta skólaárið eins og árið þar á undan. 3 sérkennarar kenndu hluta af sinni kennslu þar og einn stuðningsfulltrúi. Námsverið var vel nýtt í kennslustundum og var skráð kennsla þar í 28 kennslustundir á viku þar sem 1-3 fulltrúar úr stoðteyminu unnu með nemendum. Samtals voru það 51 kennslustund ef tími hjá hverjum kennara/þroskaþjálfa er talinn með. Unnið var með nemendur af öllum stigum í námsveri en mest unglinga.

Snemma í mars urðu þó þær breytingar á að upp kom mygla í elsta hluta skólans og hætta varð notkun á mörgum kennslustofum skólans. Þá var brugðið á það ráð að kenna í öllum mögulegum rýmum skólans, m.a. námsveri sem varð um tíma umsjónarstofa annars bekkjar og síðar 1. bekkjar. Þar með færðist öll sérkennsla þaðan út, fram á ganga eða inn í bekki. Olli það mikilli truflun á sérkennslu og í mörgum tilfellum þurfti að fækka í hópum eða gera aðrar skipulagsbreytingar.

Föst nýting námsverst fram að breytingum á húsnæði vegna myglu:

Íslenska sem annað mál í 10. bekk, 4 kst. á viku, kennari Helga Björt
Íslenska sem annað mál í 9. bekk, 4 kst á viku, kennari Iwona
Íslenska sem annað mál í 8. bekk, (samnýtt m. 7. bekk), 4 kst á viku, kennari Helga Björt
Íslenska sem annað mál í 7. bekk (samnýtt m. 6. bekk), 5-7 kst á viku, kennari Magnúsína
Íslenska sem annað mál í 5. bekk, 4 kst á viku, kennari Iwona
Íslenska sem annað má í 3. bekk, 3 kst á viku, kennari Iwona og Magnúsína
Málörvunarhópar 6 kst á viku (hætti um áramót), kennari Helga Björt
Stærðfræði í 9. bekk, 2 kst á viku, kennari Iwona
Sérkennsluhópur í 3. bekk, 4 kst á viku, kennari Magnúsína
Tímar hjá þroskaþjálfa (ýmsir bekkir), 14 kst, þroskaþjálfi Birgitta

Utan fastra tíma í stundatöflu námsvers fór þar fram vinna lítilla hópa með stuðningsfulltrúa og tímabundin kennsla sérkennara, kennara eða þroskaþjálfa með einstaka nemendum. Ákveðnir nemendur á unglingastigi fengu að sinna námi sínu í námsveri vegna sérstakra aðstæðna og gátu þá leitað til þess kennara sem þar var að kenna hverju sinni.

Íslenska sem annað mál

Kennsla í íslensku sem öðru máli var fjölbreytt og yfirgripsmikil þetta skólaárið á má segja að vægi hennar sé alltaf að aukast í skólanum þar sem reglulega koma inn nemendur sem eru nýfluttir til Íslands og eru að byrja að læra íslensku.

Boðið var upp á nám í íslensku sem annað mál sem valkost í stað dönsku í 8.-10. bekk ef nemendur áttu annað móðurmál en íslensku. Nokkrir nemendur nýttu sér þann valkost eða sex í 10. bekk, þrír í 9. bekk og einn nemandi í 8. bekk.

Nokkrum nemendum skólans sem eru nýfluttir til landsins var boðið upp á íslensku sem annars máls tíma í 3. - 7. bekk.

Fjölbreyttar leiðir voru notaðar í kennslu íslensku sem annars máls svið skólann. Vegna þess hve bakgrunnur nemenda sem leggja stund á þá námsgrein er ólíkur var kennslan mjög einstaklingsmiðuð. Námsmarkmiðin voru allt frá því að kenna latneska stafrófið og hljóðalestur íslensks máls, byrjunarorðaforða og þjálfun í að geta tjáð sig í einföldum setningum í að þekkja íslensk orðatiltæki, skilja tvíræðni og flókin íslensk orð.

Mikil áhersla er lögð á tjáningu og leikni í notkun íslenskunnar og voru notaðar fjölbreyttar aðferðir í kennslu íslensku sem annars máls. Lego based theory, sögug, ýmsar bækur frá MMS og fleira var notað við kennsluna. Á unglingastigi var mikil áhersla lögð á stuðning við orðaforða í samfélagsfræði og náttúrufræði, unnið með lesskilning og skilgreiningar hugtaka, unnið var að gerð hlaðvarps þáttar og fleira. Á yngra og miðstigi var meiri áhersla lögð á talað mál, grunnorðaforða og setningagerð.

Pólska

Boðið var upp á fjarnám í pólsku fyrir nemendur í 9. og 10. bekk sem eiga pólsku að móðurmáli. Fjarnámið er á vegum Tungumálavers sem staðsett er í Laugarlækjarskóla í Reykjavík. 7 nemendur nýtt sér það og sinntu náminu utan skóla. Þeir fengu aðhald og stuðning frá kennurum í íslensku sem annað mál og tóku próf í pólsku tvisvar yfir veturinn á skólatíma.

Sérkennsla og ÍSAT

Magnúsína Laufey Harðardóttir

3. bekkur

Kennari: Magnúsína Laufey Harðardóttir
Námsefni: Léttlestrarbækur, PALS, K-PALS, ýmis orðaspjöld og orðalistar, Leggðu við hlustir, Lestrarspilið, Ég á… hver á…, Sprotabækurnar, ýmis hjálpargögn í stærðfræði, CAT-kassinn, fjársjóðskistan, Verum vinir, ásamt ýmsu efni frá kennara.
Námstilhögun: Árgangurinn var með 12 kennslustundir á viku sem skiptust á milli stærðfræði, lesturs og félagsfærni. Fjöldi kennslustunda fyrir hvert fag var mismunandi yfir veturinn. Einnig var það breytilegt yfir veturinn hvaða krakkar voru í þessum tímum.
Í stærðfræði unnum við í litlum hópum sama efni og verið var að vinna með í árganginum. Einn nemandi var þó með sérefni.
Í lestri var ýmist unnið í litlum hópum eða einstaklingslega. Nokkrir krakkar komu hluta af vetri í PALS lestur einu sinni í viku. Nokkrir krakkar voru hluta af vetri í K-PALS þjálfun þrisvar sinnum í viku. Nokkrir krakkar komu einstaklingslega að lesa og vinna stutt verkefni eins oft og hægt var.
Félagsfærniþjáfun fengu tveir nemendur hluta af vetri í sitt hvoru lagi. Annar nemandinn var einn í tímunum en hinn var með öðrum krakka, sem ekki þurfti félagsfærniþjálfun, til að hjálpa honum að tala um efnið.
Eftir að árgangurinn þurfti að flytja sig vegna myglunnar breyttist tilhögun sérkennslunnar að hluta til vegna aðstæðna. Þegar líða tók á þá fórum við að fá afdrep í sumum tímum og nýttum okkur það vel.

4. bekkur - stærðfræði

Kennari: Magnúsína Laufey Harðardóttir
Námsefni: Sproti 4a og 4b, húrrahefti ásamt ýmsum hjálpargögnum fyrir stærðfræði.
Námstilhögun: Árgangurinn var með þrjár kennslustundir á viku í stærðfræði þar sem unnið var í litlum hóp. Það var mismunandi hvaða nemendur voru í hópnum en það var mat kennara hverju sinni. Unnið var með efnið í Sprotabókunum ásamt því að um tíma var unnið sérstaklega með orðadæmi í Húrraheftum.
Einnig var yndisnesti einu sinni í viku þar sem þrír nemendur með íslensku sem annað mál komu saman og hlustuðu á bókalestur kennara með það að markmiði að efla orðaforða. Reglan í þessum tímum var að stoppa við öll orð sem nemendur vildu ræða um hvort sem var til að fá skýringu á orðinu eða bara ræða hvað það er skrýtið orð. Það var mikið talað í þessum tímum bæði um bókina sem var verið að lesa og um bara allt mögulegt sem upp kom.
Eftir að árgangurinn flutti sig vegna myglunnar voru við það heppin að hafa oftast stofu til að vinna í en við lentum þó stundum í því að þurfa að vinna við borð frammi á gangi.

Sérkennsla

6. bekkur - Lestur

Kennari: Magnúsína Laufey Harðardóttir
Námsefni: Lestrarbækur, ýmis orðaspjöld, orðalistar, Lestrarspilið, PALS, lesfimiæfingar, Ég á…hver á…, ásamt ýmsu efni frá kennara.

Námstilhögun: Unnið var í litlum hóp sem samanstóð af 3 – 5 nemendum. Markmiðið var að efla lestraröryggi og lesfimi. Við hittumst fjórum sinnum í viku þar sem við lásum og unnum ýmis lestrar verkefni.
Það var eins með þennan hóp og aðra að það fór að þrengja að okkur með afdrep eftir að ýmsir þurftu að flytja sig vegna myglunnar. Við fundum þó út úr því og vorum á mismunandi stöðum eftir dögum.

Sérkennsla - ÍSAT
Kennari: Magnúsína Laufey Harðardóttir
Námsefni: Verkefnamappan Tölum saman, Orðagull, Orðasjóður – Námsefni til málörvunar, vinnuheftin Ég vil læra íslensku, ýmsar lestrarbækur, Legó, Fallorðaspilið, Stafaspilastokkur, sagnorðaspilið, Junior Alias, Jeepers peepers, Íslenskuspilið, ýmsa spilastokka til málörvunar, Samhljóðar í himingeimnum, efni frá kennara sótt af ýmsum vefsíðum.
Námstilhögun: Unnið var ýmist einstaklingslega eða í tveggja manna hóp. Mismunandi var hvort viðkomandi var með tvær kennslustundir á viku eða fimm til sjö. Unnið var sérstaklega með ýmis orð og orðhópa, mikið var spilað af alls kyns málörvunarspilum. Í tímunum var mikið talað og ef upp kom umræðuefni um hvað sem er var það gripið á lofti. Þegar skorti íslensk orð í umræðum var gripið til þess að gúggla myndir til að finna rétta orðið og ef allt var komið í þrot var google translate notað. Einnig var mikið lesið og unnin lesskilningsverkefni úr stuttum textum.

Magnúsína Laufey Harðardóttir

Sérkennsla og ÍSAT

Sérkennsla
6. bekkur, 7 nemendur, 11 kennslustundir á viku.
Kennari: Iwona Maria Samson
Tímafjöldi var 11 kennslustundir á viku og nemendur sem þörfnuðust sérstakrar aðstoðar í íslensku og stærðfræði. Höfuðáhersla lögð á að nemendur fylgi námsáætlunum árgangsins nema einn nemandi var með aðlagað efni i stærðfræði og í íslensku. Unnið var í með litla hópa i aukastofu eða i námsveri en inni í bekk eftir að árgangurinn flutti sig vegna myglunnar. Vinna gekk mjög vel og mjög góð samvinna var við umsjónarkennara.
Námsefni:

- Málrækt 2
- Mál í mótun lesbók
- Orðspor 2 vinnubók og lesbók
- Söguskinna
- Aðlagað námsefni í stærðfræði frá sérkennara
- Stika 2a og 2b nemendabók og æfingahefti

Námsmat: Nemendur tóku sama próf og árgangurinn, nema nemandi með aðlagað efni i stærðfræði sem tók próf úr því efni námsefni sem hann hefur lokið.
Sérkennsla
8. bekkur, 3 nemendur, 4 kennslustundir á viku.
Kennari: Iwona Maria Samson
3x á viku stærðfræði, 2 nemendur með sama efni og árgangurinn og einn nemandi með aðlagað efni.
1x á viku undirbúnings vinna fyrir samfélagsfræði tíma. Kennslubækur og aðlagað efni – samfélagsfræði – 8. bekkur.

Nemendurnir voru mjög áhugasamir og sýndu mikinn áhuga á námsefni og góð samvinna var við umsjónarkennara og við kennara i samfélagsfræði.
Námsefni:

- Skali Skali 1a og 1b
- Almenn stærðfræði I
- Aðalagað námsefni i stærðfræði frá sérkennara
- Sögueyjan 3
- Um víða veröld - jörðin

Námsmat: Nemendur tóku sama próf og árgangurinn nema einn nemandi sem var með aðlagað efni i stærðfræði tók próf úr því efni sem hann hefur lokið.

Sérkennsla

9. bekkur, 3 nemendur, 2 kennslustundir á viku
Kennari: Iwona Maria Samson
2x á viku stærðfræði, tveir nemendur með aðlagað efni.
Vinna gekk vel og góð samvinna var við umsjónarkennara og við kennara í stærðfræði.
Námsefni:

- Aðlagað námsefni

Námsmat: Nemendur tóku próf úr því námsefni sem þau hafa lokið.

Íslenska sem annað tungumál - ÍSAT

3. bekkur, 1 nemandi, 3 kennslustundir á viku
Kennari: Iwona Maria Samson
Mikil áhersla var lögð á orðaforða, lestur, lesskilnings og skrift.
Námsefni:

- Við lesum lestrarbók og vinnubók A,
- Við lesum lestrarbók og vinnubók B,
- náms- leiki, til dæmis Lærum og leikum með hljóðin, Georgs leikir, Leikur að orðum,
- ýmis verkefni frá https://paxel123.com/is/ og frá sérkennara.

5. bekkur, 1 nemandi, 2 kennslustundir á viku
Kennari: Iwona Maria Samson
Mikil áhersla var lögð á orðaforða, lestur, lesskilnings og skrift.

- Námsefni:
- Við lesum lestrarbók og vinnubók A,
- Við lesum lestrarbók og vinnubók B,
- náms- leiki, til dæmis Lærum og leikum með hljóðin, Georgs leikir, Leikur að orðum,
- ýmis verkefni frá https://paxel123.com/is/ og frá sérkennara.

9. bekkur, 4 nemendur, 5 kennslustundir á viku
Námsefni:

- Græna bókin ásamt vinnubók
- Léttlestrarbækur
- Náms-spil, þjálfunarforrit eins og til dæmis Kahoot og Quizlet,
- Efni á RÚV.is
- Æfingarhefti (nn og n æfingar, y, i og ey æfingar og stofn orða).
- Kennslubækur og aðlagað efni – samfélagsfræði og náttúrufræði – 9. bekkur.
- Málfræðibókin mín (valin verkefni).
- Málið i mark (valin verkefni).
- Lærum gott mál (valin verkefni)
- Ýmis verkefni frá sérkennara

Það var lesið, spurt og spjallað. Mikil áhersla var lögð á lestur og lesskilnings. Mest var unnið með orðaforða sem tengist daglegu lífi nemenda með áherslu á að auka sjálfstraust til að tjá sig á íslensku.
Undirbúnings vinna fyrir samfélagsfræði og náttúrufræði tíma - mjög góð samvinna var við kennara í náttúrufræði og í samfélagsfræði.
Nemendurnir voru mjög áhugasamir og sýndu mikinn áhuga á námsefni og verkefnum. Þau vildu alltaf koma í ÍSAT – tíma og tóku miklum framförum nema einn nemandi var látinn að hætta í ÍSAT eftir áramót vegna þess að hann tók sjaldnast þátt í tímanum og sýndi samnemendum takmarkaða tillitssemi. Hann fékk i staðinn tíma í að klára verkefni i öðru.
Námsmat: ÍSAT - Vinna yfir veturinn og lokapróf (málfræði og lesskilningur) metin til lokaeinkunnar.
Samfélagsfræði og náttúrufræði - nemendur tóku sama próf og árgangurinn.

Iwona Maria Samson

Þroskaþjálfar

Birgitta Rós Guðbjartsdóttir
Sóley Veturliðadóttir

Í vetur hafa 32 nemendur komið til þroskaþjálfa í einstaklingstíma eða verið tveir eða þrír saman. Hver tími er 40 mínútur. Fjöldi nemenda hefur verið breytilegur í vetur. Að meðaltali var fjöldinn þessi:

Sjö sinnum í viku	=	1 nemandi
Fimm sinnum í viku	=	1 nemandi
Þrisvar sinnum í viku	=	3 nemendur
Tvisvar sinnum í viku	=	10 nemendur
Einu sinni í viku	=	17 nemendur

Yngsta sig	=	13 nemendur
Miðstig	=	10 nemendur
Unglingastig	=	9 nemendur

Strákar	=	23
Stelpur	=	9

Þroskaþjálfar komu að málum 18 nemenda með því að halda utan um teymi þeim tengd. Í vetur voru það 48 fundir. Þarna er nokkur skörun því að ekki komu allir þessir 18 í tíma hjá þroskaþjálfum og þroskaþjálfar sátu ekki í teymum allra þeirra 32 nemenda sem komu í tíma. Þroskaþjálfar hafa einnig setið fundi vegna annarra nemenda.
Áhersluatriði þroskaþjálfa eru félagsfærni, vinafærni, hlutbundin stærðfræði og almennur skilningur á umhverfinu. Meðal námefnis er: 101 leið til kenna félagsfærni, Fjársjóðsleitin, Verum vinir, Hvað get ég gert bækurnar, Ráð fyrir kvíðna krakka, CAT kassinn, félagsfærnisögur, K-Pals, ýmis spil og hlutir í nánasta umhverfi.

Sóley Veturliðadóttir

Náms- og starfsráðgjöf

Skólaárið 2018 til 2019 var starfandi náms- og starfsráðgjafi við grunnskólann í 60% starfshlutfalli. Viðtöl Í upphafi skólaárs voru tekin stutt viðtöl við nemendur í 9. og 10. bekk.

Rætt var um áhuga á framhaldsnámi, líðan í skólanum og óútkljáð vandamál, ef einhver, sem upp hafa komið á skólagöngunni. Yfir veturinn voru síðan tekin viðtöl við nemendur á öllum skólastigum vegna hegðunarvanda, vanlíðunar, lítilla framfara í námi eða samskiptaörðugleika. Auk þessa var unnið með hópum úr 5. bekk vegna samskiptavanda, kvíða og vanlíðunar. Viðtöl við kennara fóru nær öll óformlega fram á þeirra vinnusvæði eða þar sem næði fékkst til að ræða einslega saman. Rætt var við foreldra eða þeim sendur tölvupóstur með upplýsingum þegar tilefni þótti til. Önnur störf. Náms- og starfsráðgjafi sat nemendaverndarráðsfundi og fundi Heilbrigðisstofnunar Ísafjarðarbæjar með Barna- og unglingageðdeild, auk þess að vera hluti af innra mats teymi grunnskólans. Námsráðgjafi hélt utan um tengslakannanir sem gerðar voru innan allra bekkjardeilda frá 1. upp í 10. bekk og hefur unnið önnur þau störf sem til hafa fallið og stuðla að betri skólagöngu barna í grunnskólanum.

Inga Bára Þórðardóttir, náms- og starfsráðgjafi

5. Sérgreinar

Heimilisfræði

1.bekkur

Í vetur voru nemendur í 1. bekk 49. Þeim var skipt upp í 4 hópa og fékk hver hópur 2 kennslustundir á viku hálfan veturinn. Stuðst var við kennslubókina Gott og gaman en einnig var notað annað eldra efni við kennsluna. Helstu þættir sem farið var inn á voru almenn heimilisstörf, hvernig börnin geta hjálpað til á heimilum, hvernig við eigum að ganga snyrtilega um og einnig persónulegt hreinlæti. Kynnt voru helstu áhöld, fæðuhringurinn skoðaður og rætt heilmikið um mun á hollum og óhollum mat. Í framhaldi af því var fjallað um tannheilsu og afleiðingar lélegs mataræðis. Nemendur fengu að æfa sig í notkun hnífa og nokkurra einfaldra áhalda. Þau fengu einnig svolítið að kynnast bakstri. Helstu markmið sem unnið var út frá voru að nemendur myndu kynnast einföldum áhöldum í eldhúsi og tileinka sér gildi hollrar næringar. Einnig að nemendur tileinkuðu sér jákvæða hegðun í sambandi við umhverfið og lærðu jákvæð samskipti við borðhald. Ekkert formlegt námsmat.

2.bekkur

Í vetur voru 45 börn í 2. bekk. Þeim var skipt upp í 4 hópa í hringekju. Nemendur fengu 2 samfelldar kennslustundir tvisvar í viku á tímabilinu. Bókin Heimilisfræði 2 var notuð í vetur. Megin áherslur í kennslunni voru svipaðar og í 1. bekk en verkleg kennsla þó mikið aukin. Mikil áhersla var lögð á hreinlæti. Nemendur lærðu að vaska upp og ganga frá og fengu heilmikla þjálfun í því. Farið var betur í fæðuhringinn og nemendur fengu að spreita sig á ýmsum einföldum réttum. Helstu markmið kennslunnar voru þjálfun í samvinnu og samskiptum, vinnubrögðum, meðferð áhalda, áhersla á hollustu og heilbrigði og umhverfisfræðsla. Nemendur fengu lokaeinkunn fyrir hæfni á námssviði í formi bókstafs að vori, auk þess fengu þeir einkunnir í formi tákna fyrir metanleg markmið.

3.bekkur
Í vetur voru 44 nemendur í 3. bekk. Þeim var skipt upp í 4 hópa í hringekju. Nemendur fengu 2 samfelldar kennslustundir tvisvar í viku á tímabilinu. Bókin Heimilisfræði 3 var notuð í vetur. Helstu markmið kennslunnar voru þau að nemendur þjálfuðust í samvinnu, samskiptum, sjálfstæðum vinnubrögðum, notkun eldhúsáhalda og leikni í heimilisstörfum. Lögð var áhersla á tengsl hollustu og heilbrigðis, mikilvægi hreinlætis og komið var inn á þætti sem falla undir umhverfisvernd. Nemendur fengu lokaeinkunn fyrir hæfni á námssviði í formi bókstafs að vori, auk þess fengu þeir einkunnir í formi tákna fyrir metanleg markmið.

4. bekkur
Í vetur voru 35 nemendur í 4. bekk. Þeim var skipt upp í 3 hópa í hringekju. Nemendur fengu samtals 3 kennslustundir á viku, 2 í verklegri kennslu og eina í bóklegri. Bókin Heimilisfræði 4 var notuð í vetur. Helstu markmið kennslunnar voru þau að nemendur fengju áframhaldandi þjálfun í meðferð áhalda og tækja. Í lok tímabilsins áttu þau að geta matreitt einfalda rétti og bakað eftir einföldum uppskriftum. Nemendur fengu kynningu og nokkra þjálfun í sambandi við helstu hugtök í næringarfræði og tengsl hollustu og heilbrigðis. Þeir áttu að tileinka sér þekkingu varðandi slysahættu á heimilum og helsu bjargir í þeim efnum. Komið var inn á mikilvægi hreinlætis og lögð áhersla á snyrtimennsku jafnt í eldhúsinu sem persónulegt hreinlæti. Umhverfismálum var gert nokkuð hátt undir höfði, flokkun og þess háttar. Nemendur fengu lokaeinkunn fyrir hæfni á námssviði í formi bókstafs að vori, auk þess fengu þeir einkunnir í formi tákna fyrir metanleg markmið.

5. bekkur
Í vetur voru 43 nemendur í 5. bekk. Þeim var skipt upp í 4 hópa í hringekju. Nemendur fengu 2 samfelldar kennslustundir tvisvar í viku á tímabilinu. Samhliða verklegri kennslu fengu nemendur einnig bóklega fræðslu. Bókin Gott og gagnlegt 1 var notuð við kennsluna. Helstu markmið kennslunnar voru þau að auka leikni nemenda í meðferð áhalda í eldhúsi og þjálfa þau markvisst í matreiðslu, bakstri og góðum vinnubrögðum. Nemendur fengu fræðslu um hvernig varast mætti þær hættur sem geta verið á heimilum. Lögð var áhersla á fræðslu um hollustu og heilbrigði auk umræðunnar um nauðsyn hreinlætis við matreiðslustörf. Þó nokkur áhersla var lögð á umhverfisvernd og endurvinnslu. Einnig að halda vinnusvæðum, áhöldum og tækjum hreinum, temja sér góða borðsiði og taka þátt í ánægjulegum samskiptum við borðhald. Nemendur fengu lokaeinkunn fyrir hæfni á námssviði í formi bókstafs að vori, auk þess fengu þeir einkunnir í formi tákna fyrir metanleg markmið.

6.bekkur
Í vetur voru 31 nemendur í 6.bekk. Þeim var skipt upp í 3 hópa í hringekju. Nemendur fengu samtals 3 kennslustundir á viku, 2 í verklegri kennslu og eina í bóklegri. Bókin Gott og gagnlegt 2 var notuð við kennsluna. Helstu markmið kennslunnar voru þau að auka þekkingu á helstu næringarefnum og hlutverkum þeirra með áherslu á kjöt- og fiskflokk. Einnig var áhersla á að nemendur gerðu sér grein fyrir því að rétt fæðuval og góðar matarvenjur hafa mikla þýðingu fyrir góða heilsu. Unnið var með markmið um jákvætt viðhorf til umhverfisverndar. Nemendum voru kynntar helstu þvottaleiðbeiningar á fatnaði, einnig almennt um hreinlæti - að halda vinnusvæðum, áhöldum og tækjum hreinum, temja sér góða borðsiði og taka þátt í ánægjulegum samskiptum við borðhald. Nemendur fengu lokaeinkunn fyrir hæfni á námssviði í formi bókstafs að vori, auk þess fengu þeir einkunnir í formi tákna fyrir metanleg markmið.

7.bekkur
Í vetur voru 37 nemendur í 7.bekk. Þeim var skipt upp í 4 hópa í hringekju. Nemendur fengu 2x2 kennslustundir á viku á tímabilinu. Bókin Gott og gagnlegt 3 var notuð við kennsluna.
Helstu markmið kennslunnar í 7.bekk voru þau að nemendur gerðu sér grein fyrir því að hæfileg næring er ein meginforsenda fyrir andlegu og líkamlegu heilbrigði. Einnig að nemendur gætu matreitt og framreitt einfaldar máltíðir eftir greinargóðum uppskriftum og leiðbeiningum. Áhersla var á góð vinnubrögð og góðar vinnustellingar. Áfram var unnið með umhverfismennt. Nemendur tóku upp matreiðsluþátt. Nemendur fengu lokaeinkunn fyrir hæfni á námssviði í formi bókstafs að vori, auk þess fengu þeir einkunnir í formi tákna fyrir metanleg markmið.

5.-6. og 7.bekkur – val á miðstigi, hræringur
Í vetur voru 47 nemendur í hræringi í heimilisfræði. Valið kallast Matur og menning. Nemendur bökuðu og matreiddu rétti frá ýmsum löndum og fræddust lítillega legu landanna, matarmenningu þeirra o.fl. Ekkert fomlegt námsmat var í hræringi.

8. -9.og 10. bekkur - val á unglingastigi
Í vetur voru nemendur í heimilisfræðivali á unglingastigi 44. Þeim var skipt niður í 4 hópa, 2 hópar fyrir áramót og 2 eftir áramót. Hver hópur mætti einu sinni í viku í áttatíu mínútur. Nokkrum sinnum voru tímarnir lengri sem kom til vegna þess að verkefnin voru misjafnlega flókin og tímafrek. Umfram tíminn, sem samsvaraði einu skipti, var svo klipinn af í lokin þannig að síðasta vikan datt út. Valið þennan veturinn kallaðist Heilsuefling og hollur matur.
Kennslan var að mestu leiti verkleg. Mikil áhersla var lögð á góða næringu og voru flestar uppskriftir sem unnið var með hollar og næringarmiklar. Nemendur fengu litlar glærukynningar um ýmsa þætti í næringarfræðinni. Verkleg kennsla var í öllum tímum en auk markmiða um hollustu og heilbrigða lífshætti voru önnur markmið eins og þau að nemendur yrðu sjálfbjarga þegar kæmi að bakstri og matreiðslu, kynnu að þrífa í kringum sig og fengju tækifæri til þess að þjálfa eigin sköpunarhæfni. Nemendur útbjuggu litla smáréttaveislu og buðu nokkrum starfsmönnum. Samkvæmt hefðinni bökuðu hausthópar piparkökuhús og vorhópar útbjuggu köku skreytta með sykurmassa.
Auk þessara fjögurra unglingahópa voru tveir litlir hópar allan veturinn sem fengu sérkennslu í heimilisfræði. Þetta voru nemendur sem stóðu að einhverju leyti höllum fæti í námi. Í öðrum hópnum voru 5 nemendur úr 10.bekk og 3 úr 9.bekk. Í hinum voru 2 nemendur úr 8.bekk, 4 úr 7.bekk og 1 úr 6.bekk (sjá nánar vorskýrslu um sérkennslu í heimilisfræði).

Erna Sigrún Jónsdóttir
Guðlaug Jónsdóttir
Kristín Oddsdóttir
María Lárusdóttir
Sigurrós Eva Friðþjófsdóttir

Dans

1.bekkur
Í vetur voru 49 nemendur í 1. bekk. Þeim var skipt í fjóra hópa sem voru einu sinni í viku hálft skólaárið. Nemendur lærðu almennar dansreglur, að bjóða upp, taka upp hald, grunnspor í dansi, hliðar saman hliðar, hæll, tá, fram og aftur, barnadansa, tvo latin dansa, línudans, leik- og tískudansa. Farið var í hlustun á takt í tónlist.
Helstu markmið voru að nemendur gætu hreyft sig frjálslega við mismunandi tónlist og kæmu fram við hvort annað af virðingu. Ég mæli með að nemendur fái heilt skólaár í dansi. Ekki var foreldrum sérstaklega boðið á danssýningu vegna breyttra aðstæðna í tengslum við myglu.

2. bekkur
Í vetur voru 46 nemendur í 2. bekk. Þau skiptust í þrjá hópa sem voru einu sinni í viku allt skólaárið. Rifjaðir voru upp dansar, hald og almennar kurteisisreglur frá fyrra skólaári. Einnig var farið betur í hlustun á tónlist og kennt hvaða tónlist er notuð við mismunandi dansa. Horft var á keppni í dansi á Youtube. Nemendum var kennt að tengja saman spor í dansi, bætt við danssporum í þeim samkvæmisdönsum sem nemendur höfðu þegar lært, og kenndir aðrir samkvæmisdansar ásamt línudansi og tískudansi, leikdönsum og farið var í Just dance.
Helstu markmið voru að nemendur gætu hreyft sig frjálslega við mismunandi tónlist og að nemendur kæmu fram við hvort annað að virðingu. Vegna breyttra aðstæðna í tengslum við myglu var foreldrum ekki boðið sérstaklega í danstíma.

3. bekkur
Í vetur voru 44 nemendur í 3. bekk. Þau skiptust í tvo hópa sem voru einu sinni í viku allt skólaárið. Farið var yfir dansa frá fyrra skólaári. Þau lærðu þrjá af gömlu dönsunum og tvo samkvæmisdansa og tískudansa. Einnig var haldið áfram með hlustun á takt í tónlistinni og æfingar gerðar, áhersla var lögð á sköpun og nemendur fóru líka í Just dance. Helstu markmið voru að nemendur gætu hreyft sig frjálslega við mismunandi tónlist og kynnist hvernig er hægt að nýta sér mismunandi hreyfingar og stíla í sköpun. Einnig var lögð áhersla á að nemendur komi fram við hvort annað af virðingu. Danssýning féll niður vegna breyttra aðstæðna í tengslum við myglu.

4. bekkur
Í vetur voru 42 nemendur voru í 4. bekk. Þeim var skipt í tvo hópa sem voru einu sinni í viku allt skólaárið. Farið var yfir dansana frá fyrra skólaári og haldið áfram að bæta við sporum. Að auki lærðu nemendur hip hop dans, að nýta sér netið (Youtube) við kennslu í dansi og að sækja sér hugmyndir af netinu. Áhersla var lögð á sköpun og nemendum var skipt upp í hópa sem unnu saman. Nemendur unnu að verkefni sem fólst í því að skapa dans fyrir leikskólanemendur og kenna þeim síðan. Verkefnið gekk vel og leikskólanemendur voru mjög ánægðir með framtakið. Reiknað er með að þetta verkefni sé komið til að vera fyrir 4. bekk. Helstu markmið voru að nemendur gætu hreyft sig frjálslega við mismunandi tónlist, gætu sett saman stutta dansa og kæmu fram við hvort annað af virðingu. Nemendur sýndu dans á árshátíð skólans. Danssýning var ekki í lok vetrar breyttra aðstæðna í tengslum við myglu.

5. 6 og 7. bekkur
Í vetur voru 31 nemendur í 5. - 7. bekk. Þeim var skipt upp í 4 hópa sem voru einu sinni í viku, 9 vikur í senn, svokallaður hræringur.
Nemendur lærðu Hip hop, Street og tískudansa ásamt nokkrum Breakdance sporum.
Nemendur lærðu hvernig hægt er að nota hreyfingar úr daglegu lífi til að búa til dansa og einnig hvernig er hægt að segja sögu með dansi.

8 -10. bekkur Val
Í vetur voru 8 nemendur í vali. Kennt var einu sinn í viku allt skólaárið.
Kennt var dans úr bíómyndinni Step up revolution, hip hop, street dansar og sköpun.

10. bekkur
Nemendur í 10. bekk fengu 10 tíma upprifjun í gömlu dönsunum og fleiri sporum og dönsum var bætt við. Foreldrum 10. bekkjar stóð til boða örnámskeið til að rifja upp dansana. Námskeiðið endaði svo með Þorrablóti þar sem nemendur dönsuðu við hvort annað og sína gesti.

Nemendur í 2, 3, 5, 6, bekk fengu kennslu og þjálfun með dansatriði fyrir árshátíð.

Einnig var verðandi 1. bekk boðið í danstíma.

Sigurrós Eva Friðþjófsdóttir

Íþróttir

Íþróttir 1.-4. bekkur

Kennslan var með hefðbundnu móti, útileikfimi að hausti, innileikfimi frá október til maí og útileikfimi að vori. Kennslan gekk vel, var fjölbreytt og engin teljandi vandræði urðu. Sparkvöllur við lóð grunnskólans var mikið notaður við útikennslu.
Á hverju ári fara nemendur 1. bekkjar í hreyfiþroskapróf. Í því prófi er ýmislegt tekið fyrir m.a að hoppa, kasta, raða eldspýtum og grípa prik.
Viðfangsefni vetrarins voru fjölbreytt: Boltaleikir, leikir, fimleikar, frjálsar íþróttir, badminton, blak, samvinnuleikir, hugtakaleikir, þol og styrktaræfingar ásamt öðru sem tilgreint er í aðalnámsskrá grunnskóla.
1.-4. bekkur tekur þátt í Norræna skólahlaupinu sem er í september ár hvert .Í maí var haldinn íþrótta og leikjadagur á Torfnesi frá 8:30 – 10:30 og heppnaðist hann vel.

Kennarar: Atli Freyr Rúnarsson, Árni Heiðar Ívarsson, Guðný Stefanía Stefánsdóttir,Jón Hálfdán Pétursson, Katrín Kristbjörnsdóttir, Katrín Björnsdóttir og Ríkharð Bjarni Snorrason.

Íþróttir 5.-10. bekkur:

Kennslan var með hefðbundnu móti, útileikfimi að hausti, innileikfimi frá október til maí og útileikfimi að vori. Aðstaða til íþróttakennslu er mjög góð bæði til úti- og innikennslu á Torfnesi. Farið var yfir fjölbreytt svið í viðfangsefnum vetrarins boltaleiki, fimleika, frjálsar, samvinnuleiki auk þess sem meiri áhersla er lögð á þol- og styrktaræfingar hjá þessum aldurshóp. Þennan vetur var boðið upp á valtímabil sem gekk mjög vel. Einnig var boðið upp á kynningar frá íþróttafélögum innan HSV eins og körfubolta og glímu. 10 bekkur var með 3 íþróttatíma þennan vetur þar sem þau hafa lokið 10 sundstigi. Námsmat fer fram með símati auk prófi í þolgreinum og virkni.

Á hverju skólaári eru ýmsir viðburðir sem eru fastir liðir og má þar nefna Norræna skólahlaupið sem haldið er í september og Íþróttahátíðin í Bolungarvík þar sem keppt er í hinum ýmsu greinum. Í ár var skólunum blandað í lið og heppnaðist það mjög vel. Haldinn var leikjadagur á Torfnesi fyrir 5.-9.bekk þar sem nemendur prófa fjölbreyttar íþróttagreinar eins og boðhlaup og bogfimi. Gekk þessi dagur mjög vel og var mikil virkni hjá öllum stigum .

Við sendum keppendur í Skólahreysti og fór undankeppnin fram á höfuðborgarsvæðinu. Það voru fjögur lið af Vestfjörðum sem tóku þátt í undankeppninni og sigraði Grunnskólinn á Ísafirði undankeppnina. Úrslitakeppnin fór fram í Laugardalshöll og gekk skólanum ágætlega.

Kennarar: Atli Freyr Rúnarsson, Árni Heiðar Ívarsson, Guðný Stefanía Stefánsdóttir, Jón Hálfdán Pétursson, Auður Yngvadóttir og Ríkharð Bjarni Snorrason.

Sund 1.-4. bekkur:

Unnið var með grunnþætti helstu sundaðferða, bringusund, skriðsund, baksund, handa og fótatök æfð, leikir, köfun, grunnþættir björgunar, flot, stunga og annað tilkallandi. Mun meiri áhersla er á tækni og ánægju heldur en hraða og keppni. Töluverðar framfarir nást í sundkennslu á þessum árum og því mikilvægt að börnin mæti vel og ekki sé mikið að falla

niður kennsla, því einungis er um að ræða einn tíma á viku. Lögð er áhersla á öruggt og gott umhverfi þar sem öryggi og gleði barnsins er í fyrirrúmi.
Froskalappir eru mjög þýðingamikið kennslutæki hjá þessum aldurshóp og var staðan á þeim góð þetta árið. Tekin var ákvörðun að sundkennsla sé til 1.Júní en þá hefst sumaropnun fyrir almenning.

Kennarar: Atli Freyr Rúnarsson, Árni Heiðar Ívarsson og Jón Hálfdán Pétursson.

Sund 5.-9. bekkur:
Áframhaldandi kennsla með grunnþætti sundkennslunnar, en gerðar meiri kröfur eftir því sem ofar dregur. Áfram lögð áhersla á öryggi barna og unglinga og verið að höfða til þess að þau fari í sund í frítíma sínum og hafi ánægju af því að vera í vatni. Tímatökur og aðrir færniþættir sem tilgreindir eru í aðalnámsskrá hafðir til hliðsjónar við námsmat. 5. og 9. bekkur fara í fatasund á hverju vori og er mikil spenna fyrir þá tíma. Þá gefst þeim tækifæri til að synda í níðþungum fötum.

Kennarar: Atli Freyr Rúnarsson, Árni Heiðar Ívarsson og Jón Hálfdán Pétursson.

Í vetur var boðið upp á val í fimleikum og skólahreysti í hræringi. Krakkarnir fengu kynningu á grunninum í fimleikum og eftir því sem leið á var farið í flóknari æfingar. Gekk það mjög vel og krakkarnir áhugasamir. Kennt var tvöfaldan tíma í hverri viku í 9 viku í senn.





Textílmennt

1.bekkur
Í vetur voru nemendur í 1. bekk 49. Þeim var skipt upp í 4 hópa og fékk hver hópur 2 kennslustundir á viku hálfan veturinn. Námgögn voru meðal annars skæri, nálar, útsaumsjavi, perlur, perlugarn, pappi, filtefni og perlur. Námið byggðist af ýmsum skemmtilegum verkefnum. Þær kennsluaðferðir sem helst voru notaðar voru innlagnir, sýnikennsla, verklegar æfingar og umræður, ásamt sjálfstæðum vinnubrögðum. Ekkert formlegt námsmat var í 1. bekk.

2.bekkur
Nemendur í 2.bekk lærðu ýmiss útsaumsspor sem saumuð voru í lítill dúk úr java. Vel gekk með verkefnið.

3. bekkur
Nemendur í 3.bekk saumðu krumma í útlínur á kartoni þar sem þeir voru búnir að gata. Fylltu svo inn í með öðrum litum. Einnig gerðu nemendur draumafangara úr pappadiskum, garni og

perlum. Aukaverkefni voru síðan lyklakippur og ýmislegt föndur. Vel gekk að vinna þessi verkefni.

4. bekkur
Nemendur í 4.bekk drógu upp mynd á léreft og lituðu. Settu svo nafnið sitt og bekkinn líka og úr þessu varð handavinnupoki sem nemendur munu nota næstu árin undir handavinnuna sína í textílmennt. Einnig lærðu nemendur að fitja upp og lærðu að prjóna garðaprjón. Svo voru prjónuð föt á bangsa úr flísefni sem nemendur saumuðu síðan eftir að hafa æft sig að sauma eftir línum í blöð fyrst. Sumir gerðu fleiri en eina flík á bangsann. Ekki náðu allir að læra að prjóna.

5. bekkur
5. bekkingar prjóna orm þar sem þeir nota þekkingu síðasta vetrar þar sem þeir lærðu að prjóna garðaprjón, en nú bætist einnig við brugðin lykkja (hjá þeim sem réðu við það). Þetta verkefni gekk vel hjá langflestum. Næsta verkefni var saumuð flíshúfa sem allir voru hæstánægðir með. Þriðja verkefnið var svo bútasaumspúði með flettisaum.

6. bekkur
Nemendur í 6. bekk sauma út í mjög grófan java þar sem notuð voru útsaumssporin: augnsaumur, fléttusaumur og krosssaumur. Þegar því er lokið sauma nemendur útsaumsstykkið á gallaefni sem er nýtt úr gömlum gallabuxum. Einnig læra nemendur að hekla og hanna eigið verkefni og voru ýmsar hugmyndir; hekla buddu, utan um síma, spilastokk eða það sem þeim datt í hug. Ekki náðu allir að læra að hekla.

7. bekkur
7. bekkingar sauma frjálsan útsaum í filtefni og búa svo til myndaramma úr því. Næsta verkefni eru náttbuxur og síðasta verkefnið er að stensla nafnið sitt á stuttermabol sem nemendur fá hjá kennara. Nafnið eru nemendur búnir að vinna í tölvum í tölvuveri og hefur verið samvinna þar milli textílmenntakennara og tölvukennara. Aukaverkefni var snyrtibudda/pennaveski með crazyquilt aðferð.

8. – 10. bekkur fatasaumur

Nemendur völdu verkefni í samráði við kennara. Þar má nefna; leggings, bolir, kjólar, buxur ofl.

8.-10. bekkur prjónaval
Nemendur völdu prjónaverkefni í samráði við kennara, flestir prjónuðu eða hekluðu borðtuskur. Þó voru einhverjir nemendur sem prjónuðu ungbarnahúfu, púðaver og lopasokka.

Samantekt
Yfir heildina litið hefur kennslan gengið mjög vel og nemendur tilbúnir í að vinna verkefnin sín. Langflestir eru mjög áhugasamir og spenntir að gera verkefnin.

Fríða Rúnarsdóttir

Tæknimennt

1.bekkur

Í vetur voru nemendur í 1. bekk 49. Þeim var skipt upp í 4 hópa og fékk hver hópur 2 kennslustundir á viku hálfan veturinn. Námsgögn voru þau tól og tæki sem henta nemendum í 1. bekk og höfðum til umráða í smíðastofunni. Stuðst var við efni af vefnum og ýmsar bækur hafðar til hliðsjónar við gerð námsefnis. Í grunninn byggðist námið upp af skylduverkefnum, en þegar nemendur kláruðu þau verkefni fengu þeir að vinna frjáls aukaverkefni. Verkefnin sem unnin voru voru skórinn minn þar sem nemendur bjuggu til stykki til þess að æfa sig að reima, sjálfsmynd sem var söguð út í platta og hringekja, stöðvar í smíðastofu með frjálsum verkefnum úr afgangsefni með það að markmiði að skapa og æfa sig í notkun ýmissa verkfæra. Þær kennsluaðferðir sem helst voru notaðar voru innlagnir, sýnikennsla, verklegar æfingar og umræður, ásamt sjálfstæðum vinnubrögðum. Ekkert formlegt námsmat var í 1. bekk.

2.bekkur

Í vetur voru 46 börn í 2. bekk. Þeim var skipt upp í 4 hópa í hringekju. Nemendur fengu 2 samfelldar kennslustundir tvisvar í viku á tímabilinu. Námsgögn voru þau tól og tæki sem henta nemendum í 2. bekk og höfðum til umráða í smíðastofunni. Stuðst var við efni af vefnum og ýmsar bækur hafðar til hliðsjónar við gerð námsefnis. Í grunninn byggðist námið upp af skylduverkefnum, en þegar nemendur kláruðu þau verkefni fengu þeir að vinna frjáls aukaverkefni. Verkefnin sem unnin voru voru reglustika, milluspil, bátur og fingrabrúða úr gipsi. Einnig fengu nemendur að nýta afgangsefni í frjáls verkefni með það að markmiði að skapa og æfa sig í notkun ýmissa verkfæra. Þær kennsluaðferðir sem helst voru notaðar voru innlagnir, sýnikennsla, verklegar æfingar og umræður, ásamt sjálfstæðum vinnubrögðum. Nemendur fengu lokaeinkunn fyrir hæfni á námssviði í formi bókstafs að vori, auk þess fengu þeir einkunnir í formi tákna fyrir metanleg markmið.

3.bekkur Kennari. Jón Heimir Hreinsson

Í vetur voru 44 nemendur í 3. bekk. Var þeim skipt niður í fjóra hópa og fékk hver hópur
2 x 80 mínútur á viku í tæknimennt í 9 vikur. Verkefnin senm nemendur unnu var útsagaður lykill til að geyma lyklakippur og útbjuggu nemendur líka hringlaga plötu til að vefa víkingaband sem notað var til að hengja upp lykilinn. Einnig gerðu nemendur þrívíða sviðsmynd á platta sem umhverfðist um fígúru sem þeir bjuggu til úr gipsi. Til uppfyllingar fengu nemendur svo einnig að vinna úr litlum afskurðarkubbum og afgöngum , þ.e. líma saman og mála að eigin vild.

4. bekkur

Í vetur voru 35 nemendur í 4. bekk. Þeim var skipt upp í 3 hópa í hringekju. Hver hópur fékk 3 kennslustundir á viku á tímabilinu, 2 samfelldar kennslustundir og eina staka á tímabilinu. Námsgögn voru þau tól og tæki sem henta nemendum í 4. bekk og höfðum til umráða í smíðastofunni. Stuðst var við efni af vefnum og ýmsar bækur hafðar til hliðsjónar við gerð námsefnis. Í grunninn byggðist námið upp af skylduverkefnum, en þegar nemendur kláruðu þau verkefni fengu þeir að vinna frjáls aukaverkefni. Verkefnin sem unnin voru voru snagi og stutt mynd sem unnin var í forritinu Stop motion. Nemendur unnu í hópum og nýttu sér endurvinnanlegt efni og afgangsbúta í vinnslu á sögusviði og persónum. Einnig fengu nemendur að nýta afgangsefni í frjáls verkefni með það að markmiði að skapa og æfa sig í notkun ýmissa verkfæra. Þær kennsluaðferðir sem helst voru notaðar voru innlagnir, sýnikennsla, verklegar æfingar og umræður, ásamt sjálfstæðum vinnubrögðum. Nemendur fengu lokaeinkunn fyrir hæfni á námssviði í formi bókstafs að vori, auk þess fengu þeir einkunnir í formi tákna fyrir metanleg markmið.

5. bekkur
Í vetur voru 43 nemendur í 5. bekk. Þeim var skipt upp í 4 hópa í hringekju. Nemendur fengu 2 samfelldar kennslustundir tvisvar í viku á tímabilinu. Námsgögn voru þau tól og tæki sem henta nemendum í 5. bekk og höfðum til umráða í smíðastofunni. Stuðst var við efni af vefnum og ýmsar bækur hafðar til hliðsjónar við gerð námsefnis. Í grunninn byggðist námið upp af skylduverkefnum, en þegar nemendur kláruðu þau verkefni fengu þeir að vinna frjáls aukaverkefni. Verkefnin sem unnin voru voru snjallsímastandur og frjálst verkefni með það að markmiði að læra og æfa að skipuleggja sig í vinnu. Einnig fengu nemendur að nýta afgangsefni í frjáls verkefni með það að markmiði að skapa og æfa sig í notkun ýmissa verkfæra. Þær kennsluaðferðir sem helst voru notaðar voru innlagnir, sýnikennsla, verklegar æfingar og umræður, ásamt sjálfstæðum vinnubrögðum. Nemendur fengu lokaeinkunn fyrir hæfni á námssviði í formi bókstafs að vori, auk þess fengu þeir einkunnir í formi tákna fyrir metanleg markmið.

6.bekkur
Í vetur voru 31 nemendur í 6.bekk. Þeim var skipt upp í 3 hópa í hringekju. Hver hópur fékk 3 kennslustundir á viku á tímabilinu, 2 samfelldar kennslustundir og eina staka á tímabilinu. Námsgögn voru þau tól og tæki sem henta nemendum í 6. bekk og höfðum til umráða í smíðastofunni. Stuðst var við efni af vefnum og ýmsar bækur hafðar til hliðsjónar við gerð námsefnis. Í grunninn byggðist námið upp af skylduverkefnum, en þegar nemendur kláruðu þau verkefni fengu þeir að vinna frjáls aukaverkefni. Verkefnin sem unnin voru voru snjallsímastandur, tálguð skeið og frjálst verkefni með það að markmiði að læra og æfa að skipuleggja sig í vinnu. Einnig fengu nemendur að nýta afgangsefni í frjáls verkefni með það að markmiði að skapa og æfa sig í notkun ýmissa verkfæra. Þær kennsluaðferðir sem helst voru notaðar voru innlagnir, sýnikennsla, verklegar æfingar og umræður, ásamt sjálfstæðum vinnubrögðum. Nemendur fengu lokaeinkunn fyrir hæfni á námssviði í formi bókstafs að vori, auk þess fengu þeir einkunnir í formi tákna fyrir metanleg markmið.

7.bekkur
Í vetur voru 37 nemendur í 7.bekk. Þeim var skipt upp í 4 hópa í hringekju. Nemendur fengu 2 samfelldar kennslustundir tvisvar í viku á tímabilinu. Námsgögn voru þau tól og tæki sem henta nemendum í 5. bekk og höfðum til umráða í smíðastofunni. Stuðst var við efni af vefnum og ýmsar bækur hafðar til hliðsjónar við gerð námsefnis. Í grunninn byggðist námið upp af skylduverkefnum, en þegar nemendur kláruðu þau verkefni fengu þeir að vinna frjáls aukaverkefni. Verkefnin sem unnin voru voru kistill og frjálst verkefni með það að markmiði að læra og æfa að skipuleggja sig í vinnu. Einnig fengu nemendur að nýta afgangsefni í frjáls verkefni með það að markmiði að skapa og æfa sig í notkun ýmissa verkfæra. Þær kennsluaðferðir sem helst voru notaðar voru innlagnir, sýnikennsla, verklegar æfingar og umræður, ásamt sjálfstæðum vinnubrögðum. Nemendur fengu lokaeinkunn fyrir hæfni á námssviði í formi bókstafs að vori, auk þess fengu þeir einkunnir í formi tákna fyrir metanleg markmið.

8. -9.-10.val
Í vetur voru nemendur í trésmíðavali á unglingastigi 14. Þeim var skipt niður í 2 hópa, 1 hópar fyrir áramót og 1 eftir áramót. Hver hópur mætti einu sinni í viku í áttatíu mínútur. Námsgögn voru þau tól og tæki sem henta nemendum á unglingastigi og höfðum til umráða í smíðastofunni. Stuðst var við efni af vefnum og ýmsar bækur hafðar til hliðsjónar við gerð námsefnis. Í grunninn byggðist námið upp af skylduverkefnum. Verkefnin sem unnin voru voru vegghillur, hannaðar af hverjum nemanda fyrir sig og frjálst verkefni með það að markmiði að læra og æfa að skipuleggja sig í vinnu. Einnig fengu nemendur að nýta afgangsefni í frjáls

verkefni með það að markmiði að skapa og æfa sig í notkun ýmissa verkfæra. Þær kennsluaðferðir sem helst voru notaðar voru innlagnir, sýnikennsla, verklegar æfingar og umræður, ásamt sjálfstæðum vinnubrögðum. Nemendur fengu lokaeinkunn fyrir hæfni á námssviði í formi bókstafs að vori.

Bjarnveig Sigurborg Jakobsdóttir

Pólska

Kennari: Marzena Głodkowska
Kennt var á mánudögum og miðvikudögum í tveimur hópum, annars vegar á
yngsta stigi og hins vegar á miðstigi og fékk hvor hópur tvær kennslustundir á viku. Kennt var í húsnæði Grunnskólans á Ísafirði. Nemendur unnu mörg fjölbreytt verkefni. Mikil áhersla var lögð á skrift, lestur, lesskilning, framsögu og stafsetningu.

Marzena Głodkowska

Ýmsar valgreinar

Hræringur

Smíðar og föndur
Í vetur voru 47 nemendur skráðir í smíðar og föndur. Þeim var skipt upp í 4 hópa, 13-17 nemendur í hverjum hópi. Nemendur fengu 2 samfelldar kennslustundir einu sinni í viku á tímabilinu. Námsgögn voru þau tól og tæki sem henta nemendum á miðstigi og höfðum til umráða í smíðastofunni. Stuðst var við efni af vefnum og ýmsar bækur hafðar til hliðsjónar við gerð námsefnis. Í grunninn byggðist námið upp af einu skylduverkefni, en þegar nemendur kláruðu verkefnið fengu þeir að vinna frjáls verkefni. Verkefnið sem unnin var var dagatal, hver nemandi hannaði sitt dagatal. Einnig fengu nemendur að nýta afgangsefni í frjáls verkefni með það að markmiði að skapa og æfa sig í notkun ýmissa verkfæra. Þær kennsluaðferðir sem helst voru notaðar voru innlagnir, sýnikennsla, verklegar æfingar og umræður, ásamt sjálfstæðum vinnubrögðum. Ekkert formlegt mat er í hræring.

Leikbrúðugerð
Í vetur voru 17 nemendur skráðir í leikbrúðugerð. Þeim var skipt upp í 3 hópa, 4-7 nemendur í hverjum hópi. Hvert tímabil var ¼ úr vetri. Nemendur fengu 1 kennslustund einu sinni í viku á tímabilinu. Námsgögn voru þau tól og tæki sem henta nemendum á miðstigi og höfðum til umráða í smíðastofunni. Stuðst var við efni af vefnum og ýmsar bækur hafðar til hliðsjónar við gerð námsefnis. Í grunninn byggðist námið upp af einu skylduverkefni, en þegar nemendur kláruðu verkefnið fengu þeir að vinna frjáls verkefni. Þær kennsluaðferðir sem helst voru notaðar voru innlagnir, sýnikennsla, verklegar æfingar og umræður, ásamt sjálfstæðum vinnubrögðum. Ekkert formlegt mat er í hræring.

Bjarnveig Sigurbjörg Jakobsdóttir

Slökun og hugleiðsla

8. - 10. bekkur

Kennari: Laufey Eyþórsdóttir
Námsefni: Bókin *Snerting, jóga, slökun* og bókin *Bætt hugsun – betri líðan* ásamt efni útbúnu af kennara

Nemendur fengu 2 kennslustundir á viku að vori, fyrst í dansstofunni og síðar í umsjónarstofu 9. bekkjar. Nemendur lærðu ýmsar leiðir til að hugleiða og slaka kerfisbundið á vöðvum líkamans. Einnig voru miklar umræður og íhuganir um áhrif stress (álags) á líkamlega heilsu og vellíðan, orsakir álags og leiðir til að minnka ónauðsynlegt álag. Nemendur kynntust hugrænni atferlismeðferð ásamt því að íhuga persónuleika sinn og annarra á margvíslegan hátt. Nemendur voru afar jákvæðir gagnvart vinnunni og tjáðu sig ítrekað um hversu mikilvægt það er að læra slökun og hugleiðslu. Nemendurnir báðu kennara um að koma því áleiðis til skólastjóra að slík vinna þyrfti að vera til staðar alveg frá yngsta stigi og upp úr til að hjálpa nemendum að hafa betri stjórn á sjálfum sér og auka vellíðan sína. Þeir mæltu með að skólinn kaupi dýnusett svo hægt sé að kenna heilum bekk í einu. Einnig komu nemendur með tillögur um hvaða hluti námsefnisins gæti nýst nemendum á mismunandi aldursstigum.

Eftir að árgangurinn flutti sig vegna myglunnar var lítið um hentuga aðstöðu til að sinna slökunaræfingunum. Dýnurnar tilheyrðu skólanum ekki og farið var með þær í aðra byggingu. Einnig varð mikið meira áreiti frá umgangi annarra nemenda. Þetta þýddi setti kennslunni talsverðar skorður, en kennari breytti kennslufyrirkomulaginu til að koma til móts við breyttar aðstæður. Þetta jók álag á kennara og nemendur talsvert.

Laufey Eyþórsdóttir

Næringarfræði

8. - 10. bekkur
Kennari: Katrín Sif Kristbjörnsdóttir
Námsefni: Ráðleggingar um mataræði frá Embætti landlæknis og glærur frá kennara
Fjöldi nemenda: 20, þar af 14 stelpur og 6 strákar

Nemendur fengu 2 kennslustundir á viku á haustönn. Farið var yfir ýmis grunnatriði í næringarfræði, svo sem orkuefnin, vítamín og steinefni, sykur og koffín, umbúðalestur og næringu í íþróttum. Gerð var verkleg skynmatsæfing. Nemendur gerðu skrifleg verkefni sem tengdust námsefni hvers tíma. Í desember þreyttu nemendur lokapróf úr öllu námsefni áfangans.

Katrín Sif Kristbjörnsdóttir

Tæknilegó

Tæknilegó var kennt í hræringi fyrir 5.-7.bekk og var skipt á fjögur tímabil yfir skólaárið. 6-16 nemendur sátu kennslustundir á hverju tímabili þ.e. 8-9 vikur hvert tímabil. Fagið var einnig kennt sem valfag á haustönn fyrir nemendur 8.-10.bekkjar.
Aðalmarkmið valfags 8.-10.bekkjar var að taka þátt í tæknilegókeppni í Reykjavík, sem haldin var 10.nóvember. Hætt var við þátttöku í keppninni með stuttum fyrirvara.
Aðalviðfangsefnin voru:

- að vekja eða auka áhuga nemenda á vísindum og tækni.
- að þjálfast í grunnforritun
- að þjálfast í vinnu rannsóknarverkefna
- að þjálfa nemendur í samvinnu
- smíði á vélmenni úr tölvustýrðu Lego
- forritun vélmennisins

Fab-Lab

Kennarar: Sigurrós Eva Friðþjófsdóttir og Laufey Eyþórsdóttir
FabLab var kennt sem valfag á mið- og unglingastigi. Skráðir voru nemendur 46 nemendur á miðstigi sem skiptust í fjóra hópa og á unglingastigi var einn hópur með 10 nemendum.
Eva undirbjó kennslu vetrarins fyrir miðstig og Laufey fyrir unglingastig í samstarf við Þórarinn Breiðfjörð verkefnastjóra FabLab og samvinnan við Þórarinn gekk vel. Mánaðarlegir fundir nýttust í samstarf.
FabLab smiðjan er stafræn smiðja sem gerir fólki kleift að skapa hluti í tölvu og framleiða þá í vélunum sem eru á staðnum. Við nýttum vínylskera, laser og þrívíddaprentara, en kennararnir þurfa að fá miklu meiri tíma til að læra á stóru útsögunarvélina og rafeindafræsarann. Nemendur fá fræðslu um hugsanleg áhrif þessa á samfélagið okkar og hugsjónirnar á bakvið slíka smiðju. Farið er yfir hlutverk okkar í smiðjunni og þá ríku þörf að við hjálpumst að, sýnum þolinmæði, reynum að finna út úr hlutunum sjálf og kennum hvort öðru það sem við lærum, ásamt því að koma fram við fólkið og umhverfið af virðingu. Það tókst svakalega vel og nemendur voru okkur til sóma í þessum tímum. Þau voru virkilega þakklát fyrir að hafa fengið tækifæri til að læra á FabLab, flestir mættu tímanlega í kennslustundirnar og vildu helst ekki fara í lok tímans. Eins urðu þau mjög svekkt ef tími féll niður.
Margir vildu mæta í FabLab á almenningstímum og við hvetjum þau eindregið til að fá foreldrana með sér á almenningstíma, sem sumir gerðu! Það tekur talsverðan tíma að læra á tækin, nemendur voru mjög áhugasamir en þrátt fyrir það eiga þau erfitt með að tileinka sér vinnubrögðin.
Nemendur lærðu á Inkscape forritið og vínylskera til að gera límmiða. Í laser unnu nemendur í plexí, stein, tré og pappa þar sem mynd var röstuð eða teikning skorin út. Ekki gafst tækifæri til að kenna notkun ljós díóða sem nemendur hefðu tengt við batterí og lært svolítið í rafmagnsfræði. Nemendur lærðu aðeins um nýsköpun og þróun hugmynda. Á unglingastigi voru unnin fjögur verkefni eitt í vínylskera, eitt í laser, eitt í þrívídd og lokaverkefni en nemendur höfðu frjáls efnistök og nýttu hönnunarferli til að ákveða og útfæra hugmyndir sínar. Í ár fengum við heimsókn frá starfsnemum frá Finnlandi sem aðstoðuðu við kennsluna annað slagið og kynntu sín verkefni sem þau unnu í FabLab.
Efniskostnaði var haldið í algeru lágmarki en nemendur fengu að prenta í vínyl og þrívídd sem skapar kostnað.

Laufey Eyþórsdóttir og Sigurrós Eva Friðþjófsdóttir

Tækniráð

Kennari: Sigurrós Eva Friðþjófsdóttir

Í tækniráði voru 13 nemendur þar af 8 drengir og 5 stúlkur. Nemendur fengu eina kennslustund í viku. Verkefnin voru mismunandi, þau lærðu að gera upp snúrur, þrífa ljós, hengja, tengja og stilla ljós, nota ljósaborð og uppfæra það. Farið var í hvað þarf að hafa í huga þegar lýstar eru leiksýningar annars vegar og böll hins vegar. Þau lærðu að tengja saman hátalara og bassabox við mixer sem skólinn á og mixerinn sem félagsmiðstöðin á.

Í tækniráði fer fram mikil jafningjafræðsla.




Tækniráð sá um 6 böll í vetur, ásamt 1.des leikriti, árshátíð og böll fyrir félagsmiðstöð, en þau sömu hafa séð um uppsetningar á báðum stöðum. Nemendur tóku þátt í námskeiði hjá Þjóðleik, sem haldið var í Borgarnesi, ásamt lokahátíð Þjóðleiks sem haldin var á Hólmavík. Hópurinn var sérlega flottur í allri vinnu þetta árið. Á fundi kennara að vori var tekið sérstaklega fram hversu vel nemendur tækniráðs stóðu sig í tengslum við árshátíðarvinnu.

Varðandi tækjabúnað: Farið var yfir tvo róbóta. Á næsta ári þarf að fylgjast með venjulegu viðhaldi, snúrum og öðru. Tækin eru komin til ára sinna og þarf að uppfæra innan fárra ára. Endurnýja þarf tjöldin framan á sviðinu. Tækjalisti er inni á sameign.

Ekki mæli ég með að upptaka á árshátíðaratriðum sé í höndum þeirra sem sjá um tæknivinnu og árshátíð í heild sinni.

Sigurrós Eva Friðþjófsdóttir

6. Fagteymi

Íslenskuteymi

Teymið var skipað: Árnýju Herbertsdóttur, Örnu Sæmundsdóttur og Herdísi M. Hübner. Í upphafi vetrar var ekki gert ráð fyrir íslenskuteymi svo teymið varð ekki til fyrr en um miðjan september. Eftir það var fundað á þriðjudögum þegar teymisfundir voru – en þó urðu fundir nokkuð stopulir af ýmsum ástæðum.

Byrjendalæsi hélt áfram á yngsta stigi. Magnúsína Laufey Harðardóttir er með umsjón yfir könnunum byrjendalæsis

Lesfimipróf voru lögð fyrir alla nemendur skólans í september, janúar og maí. Margir, m.a. þeir nemendur sem höfðu ekki náð viðmiðum Menntamálastofnunar voru einnig prófaðir í nóvember og mars. Niðurstöðum er skilað inn á vef skólagáttar og er miðað við viðmið Menntamálastofnunar fyrir hvern árgang fyrir sig. Niðurstöðurnar eru einnig skráðar í Mentor. Lesskilningsprófin Orðarún af vef Mentor voru lögð fyrir í 3.-8. bekk einu sinni að hausti og einu sinni að vori.

Til stóð að skólinn tæki þátt í stöðlun stafsetningar- og lesskilningsprófa á vegum Menntamálastofnunar en vegna erfiðra aðstæðna eftir að loka þurfti hluta skólahúsnæðisins var hætt við að taka þátt í henni.

Ekki voru haldnar neinar lestrarlotur í skólanum að þessu sinni, enda stöðug áhersla á lestur í öllum bekkjum.

Framsagnarprófi var dreift til kennara 4. – 7. bekkjar í maí ásamt fyrirmælum um mat á framsögn og skráningarblaði. Ákveðið var að velja fjögur próf sem munu síðan rúlla í fyrirlögn, til þess að ekki þurfi að fara í vinnu á hverju vori með að finna efni í próf og setja upp.

Stóra upplestrarkeppnin og Snillingakeppnin voru settar í Hömrum af skólastjóra 16. nóvember á degi íslenskrar tungu. Teymið stýrði dagskránni.

Snillingakeppnin fór fram í þremur umferðum í nóvember og lauk með úrslitakeppni í sal skólans 5. desember.

Stóra upplestrarkeppnin:

Framkvæmd:

Fagstjórar í íslensku sáu um að útvega dómara í bekkjakeppnina og prenta út blöð fyrir dómarana.

Bekkjakeppnin var haldin 28. febrúar og dómarar voru Helga Björt Möller og Jón Heimir Hreinsson.

Skólakeppnin var haldin 7. mars, Rannveig Halldórsdóttir og Ingi Björn Guðnason voru dómarar fyrir hönd skólans og Helga Jóhannsdóttir fyrir hönd skólaskrifstofu.

Lokakeppnin fór fram í Hömrum 19. mars. Skóla- og fjölskyldusvið sá um undirbúning.

Margir tóku þátt í lestrarátaki Ævars vísindamanns á vorönn.

Mikið var rætt um hlutverk teymisins. Margt af því sem flokkast undir íslenskukennslu í skólanum hefur verið í umsjón annarra á síðustu árum en enginn hafði það á sinni könnu í vetur, t.d. Byrjendalæsi, Snillingakeppni og utanumhald um lestrarpróf o.þ.h..

Við teljum brýnt að íslenskuteymið verði eflt á næsta skólaári, verkefnin eru mikilvæg og býsna mörg og ef á að sinna þeim vel þarf teymið að geta unnið markvissar, funda oftar og fá skýrari ramma um hlutverk sitt. Teymið þyrfti að vera skipað a.m.k. einum kennara af hverju aldursstigi.

Hugmyndir að verkefnum sem bíða öflugs íslenskuteymis næsta vetur eru t.d. að:

- Endurskoða Læsisstefnu Ísafjarðarbæjar.
- Taka saman upplýsingar um hvaða námsefni er kennt í hverjum árgangi.
- Gera gátlista yfir hvað hver árgangur eigi að kunna í íslensku við lok skólaárs.
- Móta stefnu í skriftarkennslu á yngsta stigi.
- Gera óskalista um bókakaup til bókasafnsins.
- Skipuleggja hátíðahöld á degi íslenskrar tungu – mætti gjarnan gera meira úr þeim degi en verið hefur síðustu ár.
- Halda utan um framkvæmd lestrarprófa og væntanlegra stafsetningar- og lesskilningsprófa.
- Halda utan um framkvæmd Stóru upplestrarkeppninnar, Litlu upplestrarkeppninnar og Snillingakeppninnar – þ.e. fylgjast með að þær fari fram og aðstoða eftir þörfum, þótt bekkjarkennarar sjái að mestu leyti um framkvæmd tveggja þeirra síðastnefndu.

- Koma með tillögur um einstök þemaverkefni, s.s. skáld vetrarins, lestrarlotur o.þ.h. eftir því sem ástæða þykir til.
- Bera sig eftir að fá fulltrúa verkefnisins Skáld í skólum í heimsókn – eða aðra rithöfunda.
- Efla samstarf við Bæjarbókasafnið og skipuleggja heimsóknir þangað.
- Foreldrafélagið og Penninn/Eymundsson hafa oft haft samstarf um að safna bókagjöfum til skólans í tengslum við dag barnabókarinnar 2. apríl. Teymið gæti e.t.v. reynt að endurvekja þann sið.

Arna Björk Sæmundsdóttir

Árný Herbertsdóttir

Herdís M. Hübner

Teymi um kennslu í erlendum tungumálum

Heilsuteymi

Í teyminu voru: Katrín Sif Kristbjörnsdóttir, Ríkharð Bjarni Snorrason, Smári Rafn Teitsson og Unnur Björk Arnfjörð.

Teymið hóf störf í upphafi skólaárs og hittist sex sinnum yfir veturinn. Á fyrsta fundi voru möguleg verkefni rædd og það sem var efst á baugi var annars vegar kaffistofa starfsfólks og það sem viðkemur henni og hins vegar mötuneyti skólans.

Í nóvember hélt teymið stutt erindi á starfsmannafundi þar sem fjallað var um heilsueflandi samfélag og vinnustað. Miklar umræður sköpuðust í kjölfarið. Rætt var um tilvist skúffufyrirtækisins, tíðar kökuveitingar og aðrar óvenjur. Ákveðið var í samráði við starfsfólk að draga úr eða hætta sælgætisveitingum vegna utanlandsferða. Frekar að koma með t.d. bækur á erlendu tungumáli ef starfsfólk vill endilega koma með gjafir.

Rætt var við matráð vegna matseðils og komið með tillögur að endurbótum.

Tillögur frá heilsuteyminu varðandi áframhaldandi störf:

- Framkvæma ánægjukönnun meðal nemenda varðandi mötuneyti
- Sjálfsafgreiðsla í mötuneyti
- Hafragrautur í boði fyrir alla á morgnana
- Betri salatbar, t.d. aðskilin hólf fyrir mismunandi ávexti og grænmeti
- Auka holla valkosti fyrir starfsfólk á kaffistofu
- Draga úr sætindum á kaffistofu

Katrín Sif Kristbjörnsdóttir, Ríkharð Bjarni Snorrason
Smári Rafn Teitsson, Unnur Björk Arnfjörð

Vinaliðateymi

Markmið þessa teymis er að halda utan um vinaliðaverkefnið sem Grunnskólinn á Ísafirði er þátttakandi í. Fastir fundir eru einu sinni í mánuði en á tveggja vikna fresti er fundað með nemendum. Einnig hafa verið óformlegir fundir á skólatíma þegar þess þarf. Mætingin á

fundina mætti vera betri og langar okkur að prófa að hafa fasta fundatíma aðra hverja viku kl.9.15 á föstudögum svo að kennarar og nemendur muni frekar eftir þeim. Fjárfest var í nýju dóti í vetur m.a. stórum bláum bolta, vestum og skotboltum. Eitthvað er þó farið að minka á dótinu aftur og mætti m.a panta nýtt víkingakubba sett og fleiri skotbolta.
Vinaliðaverkefnið er metið með skólastjórnendum eftir hvert ár og það metið hvort tilgangi verkefnisins sé náð.

Meðlimir vinaliðateymis 2018-2019
Atli Freyr Rúnarsson
Árni Heiðar Ívarsson

Lausnateymi

Í teyminu voru: Bergljót Halldórsdóttir, Guðný Stefanía Stefánsdóttir, Jóhanna Ása Einarsdóttir og Kristín Ólafsdóttir.
Hlutverk teymisins er að aðstoða kennara við að finna ráð til að bæta líðan og hegðun nemenda. Teymið fundaði reglulega í vetur og margt var rætt. Sett voru upp margs konar dæmi um hegðunarvanda og reynt að finna leið sem væri hægt að nota til að bregðast við honum. Einnig hvaða leiðir væru færar innan skólans til að bæta líðan þeirra nemenda sem augljóslega líður ekki nógu vel. En ekki tókst að vinna við raunveruleg mál innan skólans þar sem enginn kennari leitaði til teymisins.

Snillingateymi

Í teyminu sátu: Auður Yngvadóttir, Erna Sigrún Jónsdóttir og Kristín Guðbjört Guðmundsdóttir fram að páskum. Teymið fundaði á teymisfundatímum. Herdís Hubner ásamt Rannveigu Halldórsdóttur voru teyminu innan handar.

Þessar bækur voru umfjöllunarefni keppninnar í vetur:

1. Af hverju ég ? eftir Hjalta Halldórsson
2. Á puttanum með pabba eftir Kolbrúnu Önnu Björnsdóttur og Völu Þórsdóttur
3. Dúkka eftir Gerði Kristnýju
4. Aukaspyrna á Akureyri eftir Gunnar Helgason
5. Ekkert að þakka eftir Guðrúnu Helgadóttur
6. Dagbók Kidda klaufa-furðulegt ferðalag eftir Jeff Kinney
7. Verstu börn í heimi eftir David Walliams
8. Skúli skelfir og íþróttadagurinn eftir Francesca Simon

Keppnin fór fram í nóvember.

Hvað	**Hvar**	**Hvenær**	**Umsjón**	**Viðstaddir**
Liðið valið	Í bekkjarstofu	Í okt.	Umsjónarkennarar	Bekkurinn
Dregið um hvaða lið mætast	Á bókasafni	16. nóvember – á Degi íslenskrar tungu. Kl. 8:20	Herdís	2 fulltrúar úr hverjum árgangi

Fyrsta umferð	Í bekkjarstofu annars keppnisliðsins	21. nóvember (miðvikudagur)	Teymi og umsjónarkennarar	Bekkirnir tveir sem eru að keppa
Undanúrslit	Í bekkjarsofum		Teymi og umsjónarkennarar	Bekkirnir sem eru að keppa
Úrslit	Í sal (matsal eða danssal)		Teymi og umsjónarkennarar	4.-7. bekkur

Verkefni teymisins voru þessi helst:

- Að skipta með sér verkum og lesa bækurnar sem valdar höfðu verið.
- Semja spurningar úr bókunum og vista á sameign ásamt svörum.
- Skipuleggja setningu keppninnar og undirbúa dagskrá á Degi íslenskrar tungu í samráði við fagstjóra í íslensku og kennara 7. bekkjar.
- Dagsetja allar umferðir keppninnar og kynna fyrir kennurum viðkomandi árganga.
- Rætt var um leiðir til að vekja athygli á keppninni og efla áhuga og komu fram ýmsar hugmyndir.
- Kennarar voru beðnir að fá nemendur til að teikna myndir af sögupersónum bókanna og einn veggur á neðri gangi var skreyttur með þeim.
- Ýmsar hugmyndir voru ræddar um hvernig hægt væri að breyta keppninni – t.d. láta nemendur sjálfa velja bækur. Nota ipad í keppninni, hafa látbragðsleik o.fl.
- Velja spurningar fyrir hverja umferð keppninnar og raða upp fyrir hverja lotu.
- Velja og kaupa bækur til verðlaunagjafa. Í þetta sinn var valin spurningabók sem vinnings- bekkurinn fékk að gjöf.
- Skipta hlutverkum á lokaumferð keppninnar – fá dómara, tímavörð og spyrjanda.
- Rætt um fyrirkomulag keppninnar næsta vetur. Ákveðið var að taka 4.bekk út úr keppninni og setja 8.bekk inn í staðinn. Tímasetning keppninnar var ekki ákveðin en við teljum að vel fari á að hafa hana annað hvort í nóvember eða febrúar.
- Kennarar ásamt bókasafnsverði völdu 10 bækur til að lesa í sumar.
- Haft var samband við skólabókasafn og bæjarbókasafn til að kynna nýja bókalistann og biðja um að eintök þessara bóka verði tiltæk í sumar.

Keppninni í ár lauk með sigri 7.KG sem mætti 4.KB í harðri viðureign. Almennt voru allir sammála um að þetta hefði gengið vel og verið skemmtilegt.

Bókalisti næsta vetrar:

- Henry og hetjurnar eftir Þorgrím Þráinsson
- Draumurinn eftir Hjalta Halldórsson.
- Ferðin til Samíraka eftir Hörpu Jónsdóttur
- Virgill litli eftir Ole Lund Kirkegaard
- Leyndarmál Lindu 1-sögur af ekki svo frábæru lífi eftir Rachel Renée Russel
- Meira af Jóni Oddi og Jóni Bjarna eftir Guðrúnu Helgadóttur
- Fíasól í hosíló eftir Kristínu Helgu Gunnarsdóttur
- Frosnu tærnar eftir Sigrúnu Eldjárn
- Mamma klikk eftir Gunnar Helgason
- Vonda frænka eftir David Walliams

Betur færi að hafa fleiri í teyminu þar sem verkefnin eru ærin.

Erna Sigrún Jónsdóttir.

Upplýsingatækni

Teymið hittist fimm sinnum í vetur. Við vorum þrjú á fyrsta fundi en eftir það bara tvö. Við tókum okkur tíma í upphafi til að skoða hvernig unnið er í öðrum skólum. Á vordögum hófum við vinnu við skjöl með markmiðum í upplýsingatækni, eitt fyrir hvert stig. Takmarkið er að skrá í þau hugmyndir af verkefnum sem taka á þessum markmiðum og smáforrit sem hægt er að nýta til þess. Markmiðið er að hafa lifandi skjal sem kennarar geta sótt upplýsingar og tengla í og bætt líka við.
Ekki náðist að ljúka þessari vinnu. Við gerum það að tillögu okkar að teymið haldi áfram næsta vetur og fái einn til tvo meðlimi í viðbót helst einn af yngsta stigi og einn af miðstigi.

Halla og Jón Hálfdán

Byrjendalæsisteymi

Í teyminu sátu: Jón Heimir Hreinsson, Helga Aðalsteinsdóttir, Katrín Björnsdóttir, Ástrún Jakobsdóttir, Marzena Głodkowska, Vala Friðriksdóttir, María Lárusdóttir, Kristín B. Oddsdóttir
Samantekt:
Í vetur hefur byrjendalæsisteymi farið í gegnum eftirfarandi smiðjur sem haldið er úti á vef Háskólans á Akureyri.

1. Lestur og lesskilningur
2. Skrift og skriftarkennsla
3. Læsi og lesmál

Við höfum meðfram deilt hugmyndum og eigin reynslu.
Góðar umræður hafa farið fram okkar í milli m.a. um lestrarstundir, heimalestur og skrift og notkun hennar í kennslustundum.
Á haustdögum fóru tveir fulltrúar úr teyminu norður á Akureyri á Læsis- og Byrjendalæsisráðstefnu. Í framhaldi af því héldu þeir kynningu á því sem þeir sáu og upplifðu.
Við erum öll sammála um gagnsemi teymisvinnunnar og teljum að þeim tíma sem í hana fer sé vel varið og reynsla okkar í vetur er að hann hafi verið hæfilegur miðað við álag í hinum venjulegu störfum.

Teymi verk- og listgreinakennara

Í teyminu eru: Bjarnveig Sigurborg Jakobsdóttir, Fríða Rúnarsdóttir, Guðlaug Jónsdóttir, Ólöf Dómhildur Jóhannsdóttir, Sigurrós Eva Friðþjófsdóttir.

Teymið fundaði nokkrum sinnum yfir veturinn. Sjá fundargerðir í teymismöppu á sameign.

Hér koma nánari upplýsingar um vinnu okkar:

- Innkaup- Stefnum á að versla inn meira á netinu t.d. Aliexpress. Óskum eftir að fá sérstaklega greitt fyrir innkaup og umsjón með stofu.

- List- og verkgreinaþing – Unnum heilmikla vinnu í sambandi við undirbúning á list- og verkgreinaþingi. Gerðum drög að dagskrá og komum okkur í samband við list-og verkgreinakennara í öðrum skólum á Vestfjörðum. Vegna dræmra undirtekta var ákveðið að setja þessar hugmyndir á „hold“. Vonumst til að slíkt þing verði haldið á komandi tímum.
- Námsmat- Ræddum um einkunnargjöf í 10. bekk þar sem gefin er sameiginleg einkunn fyrir verkgreinar og svo listgreinar og þykir okkur þetta ekki lýsandi fyrir vinnu nemenda þrátt fyrir að þetta sé samkvæmt fyrirmælum aðalnámskrár. Vonum að þessu verði breyst.
- Endurmenntun fyrir list-og verkgreinakennara. Skortur á námskeiðum fyrir þennan hóp og eigum við erfitt með að sækja námskeið suður þar sem það er oft seinni parta eða nokkrum sinnum í viku og væri gott ef þessum hópi væri sinnt betur í sveitafélaginu. Hefðum einnig áhuga á námsferðum erlendis í okkar fögum.
- Fjöldi nemenda í hópum. Gæta þarf að fjölda nemenda í hópum í list-og verkgreinum – hringekju og ekki síður í hræringi og samsetningu á þeim hópum. Miðað við aðstöðu og það að kennslan verði fagleg teljum við að hámarksfjöldi í hópi séu 12 nemendur.
- Passa þarf upp á að til séu nægilega mörg tæki og tól fyrir þann fjölda sem er í hópunum t.d. tölvur í fab lab.
- Við vildum hafa meira samstarf og samvinnu á milli list-og verkgreinanna en eigum erfitt með að koma því við vegna hringekjuformsins og erum ekki allar að kenna sömu hópunum.
- Hlutfall list-og verkgreinatíma á unglingstigi. Gott væri að fá að vita sem allra fyrst hvernig þessum málum verður háttað. Vonum að aukinn tímafjöldi á unglingastigi komi ekki niður á fagmennsku í kennslu á yngsta stigi, þ.e. að umsjónarkennarar verði ekki látnir í auknum mæli kenna yngstu börnunum þessar greinar.

Teymið óskar eftir því að starfa áfram næsta vetur.

7. Ýmsar skýrslur

Bókasafn Grunnskólans á Ísafirði



Starfsemi bókasafnsins veturinn 2018-2019 var með hefðbundnu sniði.

Opnunartíminn á Skólasafninu var lengdur í vetur og nýr starfsmaður ráðinn.

Safnkosturinn er allur skráður í tölvukerfið Gegni. Útlán bóka fer einnig í gegnum þetta kerfi.

Á haustin og vorin eru ákveðnir álagstímar á bókasafninu, þegar afgreiðsla og skil bóka/námsbóka stendur yfir.

Allar námsbækur og gögn frá Menntamálastofnun koma á bókasafnið til skráningar og/eða plöstunar eftir því sem við á. Útlán námsbóka til 7.-10. bekkjar fer í gegnum bókasafnið. Skil á þeim mættu hins vegar vera betri og eru alltaf þónokkrar bækur sem þarf að afskrifa, vegna þess að þær skila sér ekki frá nemendum.

Það þyrfti að gera átak í því að gera nemendur ábyrgari fyrir því að skila því sem þau fá að láni.

Mikil heimilda- og verkefnavinna fer alltaf fram á bókasafni og er það gert í samstarfi við kennara í hverri grein eða árgangi fyrir sig.

Frístund hjá nemendum í 1.-4. bekk hefur verið á skólabókasafninu, nú fimmta árið í röð og tekist vel. Í vetur hefur frístundin verið með aðeins öðru sniði en venjulega. 3.-4. bekkur hafa verið frá 11-1.40 og 1.-2. bekkur frá 11.40-12.20. Tímalengdin og skiptingin hefur hentað mun betur heldur en fyrra fyrirkomulag, þ.e. 1.-4. bekkur í klukkustund. Hingað koma að hámarki 8-10 nemendur til að lesa, spila, teikna, spjalla og gera verkefni. Þetta lífgar mikið upp á starfið á bókasafninu.

Starfið á bókasafninu hefur líka verið töluvert öðruvísi en aðra vetur að því leyti að frá því í mars hefur 3. bekkur haft sína bekkjarstofu á bókasafninu, vegna myglunnar í Gaggó. Sú samnýting hefur gengið vonum framar. Af þeim ástæðum var frístund hjá 1.-2. bekk breytt og hafa þau ekki verið hér frá þeim tíma.

Mikið og gott samstarf hefur alltaf verið við Bæjarbókasafnið. Nemendur hafa t.d. farið í heimsóknir á Bæjarbókasafnið á vorin í tengslum við sumarlestur. Einnig hafa kennarar fengið töluvert af bókum í millisafnaláni frá safninu.

Í vetur tók skólasafnið þátt í Lestrarátaki Ævars vísindamanns eins og undanfarin ár, frá 1.janúar-1.mars Lestrarátak Ævars vísindamanns tókst vel og var gríðarlega góð þátttaka í því. Nú máttu foreldrar einnig taka þátt og voru þónokkrir sem gerðu það. Fjöldi miða sem skiluðu sér voru 304, þannig að nemendur hafa lesið 912 bækur í tengslum við Lestrarátakið (það þarf að skrifa þrjár bækur á hvern miða). Þátttakendur voru úr flestum árgöngum skólans.

Bókasafnsfræðingur fór á eitt námskeið í vetur á vegum Landskerfis bókasafna. Það var haldið í Háskólasetri Vestfjarða þ. 25. sept. Námskeiðið bar heitið, Hvað er að frétta?, og fjallaði um val á nýju bókasafnskerfi sem bókasöfn í landinu standa frammi fyrir og einng voru kynnt og skoðuð ný atriði og breytingar á núverandi bókasafnskerfi, Gegni.

Bókasafnadagur var haldinn 16. nóvember. Þátttakendur voru Grunnskólinn á Ísafirði, Menntaskólinn á Ísafirði og Bókasafnið á Ísafirði. Yfirskrift dagsins var, Geimverur á bókasöfnum. Opið hús var á öllum stöðum frá kl. 15-18. Upplestur og léttar veitingar voru í boði í Grunnskólanum og Menntaskólanum. Á Bókasafninu var boðið upp á fyrirlestur hjá Sævari Helga Bragasyni (Stjörnu-Sævari), sem bar yfirskriftina: Eru til aðrar geimverur? Sævar heimsótti einnig 8. bekk í náttúrufræðitíma og spjallaði við þau um heima og geima. Við skipuleggjendurnir voru mjög ánægðar með daginn og vonumst til þess að framhald verði á þessu.

Bókasafnsfræðingur fór á ráðstefnu í Aarhus 2.-5. júní, ásamt fleiri bókasafnsfræðingum á Ísafirði. Ráðstefnan ber yfirheitið, Next Library. Þar verður fjallað um bókasöfn framtíðarinnar.

Bókasafnsfræðingur sér um innkaup á bókum til safnsins. Fjármagn til bókakaupa var stórbætt á þessu almanaksári og vonandi að það horfi til betri tíma með bókakaup. Barna- og unglingabækur hafa verið að hækka í verði og því dýrara að búa safnið bókakosti til yndislestrar fyrir nemendur.

Bókagjafir hafa verið þónokkrar frá hinum ýmsu velunnurum skólabókasafnsins í bæjarfélaginu. Kunnum við þeim hinar bestu þakkir fyrir. Það er gott að vita af því að fólk hugsar hlýtt til okkar, þegar við þurfum á því að halda.

Aðföng:

Veturinn 2018-2019 voru keyptir eða gefnir titlar alls; 355

Þar af voru gefnir titlar og titlar fyrir úthlutunarkvóta frá Menntamálastofnun 93.

Þannig að þeir titlar sem skólasafnið keypti fyrir eigið fjármagn voru 262. Afskrifaðir titlar voru 117 (var m.a. verið að grisja gamlar bækur).

(Inni í þessum tölum eru; skáldsögur, fræðibækur)

Opnunartími:

Safnið er opið mánudaga-föstudaga frá kl. 8-16. þ.e. 40 tímar á viku.

Starfsfólk í vetur:

Carolon Ursula Kraus bókavörður

Kolbrún Guðjónsdóttir bókavörður

Rannveig Halldórsdóttir bókasafnsfræðingur

Rannveig Halldórsdóttir

Nemendaverndarráð

Haldnir voru 9 fundir um málefni 16 barna eða 4,5 % nemenda. Fundina sátu að jafnaði frá skólanum skólastjóri, aðstoðarskólastjóri, deildarstjórar og námsráðgjafi. Einnig sátu fundina fulltrúi barnaverndar, skóla- og tómstundasviðs og skólahjúkrunarfræðingur. Til viðbótar voru

fundir með barnageðteymi þar sem fjallað var um málefni barna með sérstaklega erfið frávik. Þeir fundir voru 7 yfir skólaárið. Þá fundi sátu fulltrúar heilsugæslu, skólahjúkrunarfræðingur, námsráðgjafi og skólastjóri (fyrri hluta árs) og deildarstjóri sérkennslu (seinni hluta árs).

Beiðnir um sérfræðiþjónustu sem fóru fyrir nemendarverndarráð fyrir skólaárið voru 22 talsins. 16 þeirra voru til sálfræðinga, 3 til talmeinafræðings, 2 vegna endurmats, 1 ósk um ráðgjöf.

Nemendaverndarráð er einnig líka starfandi sem eineltisteymi og komu fjórar tilkynningar um einelti, tvær þeirra var sama málið þar sem tveir aðilar tilkynntu hvorn annan. Eineltisteymi mat það svo að um samskiptavanda væri að ræða og kom með ráð og tillögur til umsjónarkennara til að vinna með hann. Ein tilkynning reyndist á misskilningi byggð og eitt mál verður tekið aftur upp í haust.

Elísabet Lorange kom og var með sjálfstyrkingarnámskeið í 8. bekk og einnig kom hún að 5. bekk.

Skólaráð

Skólaráð var stofnað við GÍ í október 2009. Skólaráð er samráðsvettvangur skólastjóra og skólasamfélags um skólahald. Skólaráð tekur þátt í stefnumörkun fyrir skólann og mótun sérkenna hans. Skólaráð fjallar um skólanámskrá skólans, árlega starfsáætlun, rekstraráætlun og aðrar áætlanir um skólastarfið. Fulltrúar í skólaráði eru skipaðir í tvö ár í senn, tveir fulltrúar kennara, einn fulltrúi annars starfsfólks, tveir fulltrúar foreldra, tveir fulltrúar nemenda og skólastjóri. Fulltrúar sl. vetur voru Kristín Oddsdóttir kennari, Guðný Stefanía Stefánsdóttir kennari, Rannveig Halldórsdóttir bókasafnsfræðingur, Elfa Hermannsdóttir foreldri, Petra Hólmgrímsdóttir foreldri, Sveinbjörn Orri Heimisson nemandi, Sigrún Aðalheiður Jóhannsdóttir nemandi, Guðmundur Kristjánsson fulltrúi úr nærsamfélaginu og Sveinfríður Olga Veturliðadóttir skólastjóri. Ráðið fundaði fjórum sinnum yfir veturinn og voru helstu verkefni að fara yfir skólanámskrá, starfsáætlun og skóladagatal. Einnig voru kynnt fyrir ráðinu önnur verkefni í skólanum svo sem sjálfmatstækið Gæðagreinar, drög að reglum um skólasókn ofl.

Fjárhagsáætlun skólans

Fjárhagsáætlun grunnskóla Ísafjarðarbæjar er hluti af fjárhagsáætlun bæjarins. Framsetningin er samkvæmt fyrirmynd um reikningsskil sveitarfélaga nr. 790/2001. Áætlun þessi er svokölluð rammaáætlun þar sem tekjum og gjöldum er skipt í bundna og óbundna liði. Heimilt er að breyta upphæðum óbundinna liða þannig að ef einn útgjaldaliður hækkar verður annar að lækka á móti til að kostnaður samtals hækki ekki umfram viðmiðunarmörk áætlunarinnar. Fjárhagsár skólans er almanaksárið eins og í öllum almennum rekstri.
Endurskoðuð áætlun fyrir árið 2018 var 667.873.707 kr. Þegar upp er staðið var staðan í árslok 691.040.302 eða 23.166.595 kr.yfir áætlun. Þessi mismunur er aðallega vegna launa og launatengdra þátta.
Eftirfarandi verkefni og búnað þarf að hafa í huga við næstu fjárhagsáætlunargerð:

- Endurnýjun á nemendahúsgögnum, 3-4 kennslustofur á ári.
- Kaupa þarf 2-3 skjávarpa á ári þar sem þeir ganga úr sér.
- Einnig 2-3 tölvur fyrir starfmenn.
- Gera ráð fyrir ipada í einn árgang, endurnýjun á ipödum á yngsta stigi og endurnýjun á nokkrum ipödum fyrir kennara.

Kaffistofa starfsmanna þarfnast gagngerrar endurnýjunar.
Endurnýja þarf skrifborðsstóla í vinnuherbergi.
Hjólagrindur vantar við skólann.
Pússa og lakka þarf gólfið á sviðinu.
Ný tjöld vantar í salinn.
Kaupa tvær harmonikkuhurðir.

Starfsmarkmið 2018-2019

1. **Að halda áfram að efla lestrarfærni og stærðfræðikunnáttu nemenda á öllum skólastigum.**

Leiðir: Ennþá verður unnið samkvæmt aðgerðaráætlun Stillum saman strengi, sem tekur til læsis- og stærðfræðináms í öllum árgöngum. Áhersla verður á að nemendur lesi heima að minnsta kosti fimm daga vikunnar í samstarfi við foreldra sem verða hvattir til að sinna heimalestri af ábyrgð. Unnið verður með niðurstöður skimana með markvissum hætti. Aukið verður við lesefni á bókasafni og upplestrarhátíðum gert hátt undir höfði. Lögð verður áhersla á að viðhalda starfsþróun kennara hvað lestrarkennslu varðar.
Mat:. Fylgst verður með niðurstöðum úr samræmdum prófum, lesfimiprófum og prófum skólans. Tekið verður saman hversu hátt hlutfall nemenda nær viðmiðum ársins.
Samantekt: Nemendur GÍ eru um eða yfir landsmeðaltali í samanburði Skólagáttar í lesfimi nema í örlítið undir í 3. bekk. Í 10. bekk munar allnokkru eða 24 orðum á mínútu. Þessar niðurstöður koma ekki á óvart því niðurstöður í 9. bekk í fyrra voru á svipuðum nótum.

2. **Aukin áhersla verður lögð á samskipti og forvarnir**

Unnið verður með uppbyggileg samskipti í öllum árgöngum.
Leiðir: Lögð verður áhersla á að unnið sé markvisst með Uppbyggingarstefnu í öllum árgöngum. Skilgreina skal hlutverk og gera bekkjarsáttmála fyrir ákveðinn tíma og að tilteknum tíma liðnum skal endurmeta bekkjarsáttmálana. Einnig verður leitað eftir samstarfi við aðila utan skólans til að vinna að forvörnum og uppbyggilegum samskiptum með nemendum. Áhersla verður lögð á að fjalla um rafræn samskipti með nemendum og mikilvægi þess að þar sýni nemendur fulla ábyrgð. Einnig verður lögð áhersla á að hafa foreldra með í þessari vinnu.
Mat: Skólinn tekur þátt í könnunum Skólapúls og gerir einnig eigin kannanir á samskiptum og líðan nemenda. Sömu kannanir hafa verið gerðar til nokkurra ára og því hægt að bera niðurstöður saman milli ára
Samantekt: Samkvæmt könnunum Skólapúlsins líður börnunum okkar svipað öðrum nemendum á landinu en samband nemenda við kennara er ekki nógu gott. Tengslakannanir voru lagðar fyrir alla árganga og brugðist við þar sem þurfti að grípa inn í.

3. **Teymiskennsla til að efla samstarf kennara í þágu nemenda**

Leiðir: Formlegt verkefni um teymiskennslu þar sem kennarar þriggja árganga fá leiðsögn til að færa samstarf sitt yfir í formlega teymisvinnu fer fram í skólanum í vetur.
Mat: Kennarar leggja mat á gæði samstarfs.
Samantekt: Teymiskennsla í tveimur af þremur þessara árganga gekk mjög vel en ekki sem skyldi í einum þeirra og voru ýmsir þættir nefndir, svo sem að stundatöflurnar pössuðu illa saman, húsnæðið ekki hentugt og fleira.

4. **Að halda áfram að efla notkun upplýsingatækni í skólastarfinu.**

Leiðir: Upplýsingatækni og notkun á fjölbreyttum miðlum verður áfram sett í forgang. Í 1.-4. bekk eru fjórar til fimm spjaldtölvur í hverjum bekk og í 5.-10. bekk verður hver nemandi

með sína spjaldtölvu. Lögð er áhersla á fjölbreytta vinnu bæði með spjaldtölvur og tölvur í öllum bóklegum greinum. Nemendur í eldri bekkjum eiga að kunna að skila verkefnum á fjölbreyttan hátt bæði í gegnum Mentor og Google Classroom. Áhersla verður á að upplýsingatækni eigi sinn sess í öllum námsgreinum en sé ekki kennd sem sérstakt fag.
Mat: Samantekt á notkun Google Classroom í gegnum umsjónarkerfi þeirra. Umræður með kennurum í lok skólaárs.
Samantekt:
Grunnskólinn á Ísafirði er með ókeypist aðgang að G-suite sem er hugsað fyrir skóla. Í kerfinu eru útbúin netföng sem enda öll á @grisa.isafjordur.is. Allir kennarar eru með netfang, í 1.-4. bekk eru árganganetföng og síðan hafa allir nemendur í 5.-10. bekk sitt eigið netfang sem er einnig Apple-id.
Í vetur voru 330 virkir aðgangar í kerfinu. Helsta notkunin er á gmail, classroom, drive, docs, slides og photos. Nemendur eru hvattir til að geyma allt sitt á sínum aðgangi því þar höfum við mikið geymslupláss, mun meira en í icloud.
Hægt er að skoða notkun í kerfinu 6 mánuði aftur í tímann. Samantekt úr tveimur mánuðum sýndi mikla notkun á helstu verkfærunum. Tölurnar segja meðalfjölda einstaklinga á dag sem fer inn í kerfið.

	janúar	mars
gmail	32	50
drive	53	105
classroom	92	110

Nemendur á yngsta stigi hafa ekki notað classroom, það er þó til aðgangur fyrir hvern árgang og hægt að útbúa möppur fyrir hvern nemanda og vista þar verkefni sem þeir vinnu.
Í 5. bekk byrja nemendur að nota kerfið því þá er hver og einn með sinn eigin aðgang. Notkunin eykst svo jafnt og þétt og er mest á unglingastigi þar sem hópar bæði fá námsefni og verkefni afhent í gegnum kerfið og skila þar verkefnum. Kennarar á unglingastigi nota kerfið mjög mikið til að úthluta námsefni og verkefnum sem ekki eru á bókum og spara þannig ljósritun.
Samkvæmt Zuludesk sem er kerfi sem heldur utan um spjaldtölvur í eigu skólans þá eru mest notuðu smáforritin: Nearpod, iMovie, Zuludesk-student, classroom, drive og Keynote.

5. Að fylgjast sérstaklega vel með mætingum nemenda og vekja athygli foreldra á þeim.

Leiðir: Halda utan um skráningar nemenda í Mentor, senda ástundun til forráðamanna í annarri hverri viku.
Mat: Samantekt á mætingum í Mentor og mætingar ársins bornar saman við mætingar undanfarinna ára.
Samantekt: Sjá niðurstöður í kaflanum um forföll nemenda.

6. Að efla tengsl nemenda og kennara

Leiðir: Kennarar halda reglulega bekkjarfundi með nemendum sínum um samskipti.
Mat: Niðurstöður Skólapúlsins bornar saman við niðurstöður fyrri ára.
Samantekt: Niðurstöður Skólapúlsins benda til þess að samband nemenda við kennara séu ekki í nógu góðum farvegi og niðurstöður ársins í ár eru heldur verri en síðasta ár.
Stjórnendur fóru inn í alla árganga á unglingastigi og ræddu við nemendur um hvað það væri sem mætti fara betur. Nemendur voru almennt ánægðir en þó voru undantekningar þar sem þeir voru ekki ánægðir með samskipti sín við kennara. Þeir nefndu að þeim finndist kennarar tala niður til sín, virða ekki skoðanir þeirra og kennararnir geri mannamun.

7. **Að taka fyrstu skrefin í innleiðingu Gæðagreina sem er sjálfsmatsaðferð sem ætlað er að breyta vinnulagi við sjálfsmat og þróun umbóta**

Leiðir: Sérstakt matsteymi kennara og annarra starfsmanna verður stofnað. Einnig verða nokkrir matsfundir allra starfsmanna yfir veturinn.
Mat: Niðurstöður gæðagreina
Samantekt: Sjá niðurstöður í sjálfsmatsskýrslu skólans.

8. **Ný persónuverndarlöggjöf**

Leiðir: Starfsfólk og nemendur fá kynningu á persónuverndarlöggjöfinni og fræðslu um það hvaða breytingar hún hefur á starf allra í skólanum
Mat: Samantekt á starfsmannafundi í lok skólaárs.
Samantekt: Ekki náðist að ræða þetta á starfsmannafundi í lok skólaárs en þetta hefur oft verið rætt á fundum starfsmanna. Vel hefur gengið að vinna eftir nýju löggjöfinni, t.d. hvað varðar leyfi á myndatökum nemenda, vistun og frágangur í persónumöppur og stýrir nýr ritari þeirri vinnu.

Samræmd próf

Samræmd könnunarpróf í 7. bekk fóru fram 20.og 21. og í 4. bekk 27. og 28.september. Prófin voru rafræn og var prófað í tvennu lagi, annar bekkurinn í einu. Nokkrir nemendur með stuðningsúrræði voru í öðrum stofum. Þetta fyrirkomulag gafst vel og próftakan gekk vel í báðum þessum árgöngum. Samræmd próf í 9. bekk fóru fram 11. 12. og 13. mars og gekk fyrirlögn prófanna vel. Heildarniðurstöður árganganna eru eftirfarandi:

Normaldreifðar einkunnir þar sem landsmeðaltal er 30, 4. bekkur

	GÍ	Landið
Stærðfræði	29,1	30
Íslenska	27,6	30

Normaldreifðar einkunnir þar sem landsmeðaltal er 30 7. bekkur


	GÍ	Landið
Stærðfræði	29,7	30
Íslenska	29,8	30


Niðurstöður samræmdra prófa í GÍ í 9.bekk 2019


Hæfnieinkunnir


	Íslenska			Stærðfræði			Enska		
	Landið %	Skóli fj	Skóli %	Landið %	Skóli fj	Skóli %	Landið %	Skóli fj	Skóli %
A	9,0%	0	0,0%	8,0%	0	0,0%	9,1%	1	4,0%
B+	13,2%	1	4,8%	12,1%	2	8,7%	13,5%	0	0,0%
B	32,8%	5	23,8%	31,6%	10	43,5%	36,0%	10	40,0%
C+	11,3%	4	19,1%	13,4%	5	21,7%	11,1%	2	8,0%
C	30,8%	7	33,3%	32,0%	4	17,4%	27,0%	10	40,0%
D	3,0%	4	19,1%	2,9%	2	8,7%	3,3%	2	8,0%
Heild		21			23			25	

Á hæfnieinkunnum má sjá að færri nemendur í GÍ fá A en landsmeðaltalið segir til um og fleiri nemendur fá D en landsmeðaltalið.


Hæfnieinkunnahlutföll
Stærðfræðihluti
9. árgangur
Grunnskólinn á Ísafirði, mars 2019
Skólinn
Allt landið
100
80
60
40
20
0
A
B+
B
C+
C
D



Hæfnieinkunnahlutföll
Íslenskuhluti
9. árgangur
Grunnskólinn á Ísafirði, mars 2019
Skólinn
Allt landið
100
80
60
40
20
0
A
B+
B
C+
C
D



Hæfnieinkunnahlutföll
Enskuhluti
9. árgangur
Grunnskólinn á Ísafirði, mars 2019
Skólinn
Allt landið
100
80
60
40
20
0
A
B+
B
C+
C
D



Forföll nemenda

Samkvæmt því sem skráð hefur verið í mentor hefur ástundum nemenda við skólann verið sem hér segir skólaárið 2018-2019.
Nemendur hafa komið 1814 sinnum of seint eða 5 skipti að meðaltali á hvern nemanda. Fjarvistir úr kennslustundum hafa verið 1320 eða að meðaltali 3,6 fjarvistir á hvern nemanda. Leyfisdagar hafa verið 2881 eða að meðaltali 7,8 dagar á hvern nemenda og veikindadagar 2482 eða 7,7 dagar á hvern nemanda. Fjarvistir eldri nemenda eru mun meiri en þeirra yngri eins og sjá má á eftirfarandi myndum.





Forföll starfsfólks

Samkvæmt skráningum eru veikindadagar starfsmanna 885, veikindadagar vegna barna 97 og leyfisdagar 468. Alls gerir þetta 1450 fjarverudaga. Ef tekið er tillit til langtímaveikinda, það er veikinda sem vara lengur en 30 daga samfellt eru fjarverudagar starfsfólks samtals 1217 eða að meðaltali 17,1 dagar á hvern starfsmann frá miðjum ágúst til 13.júní. Fjarverudagar skiptast í veikindi, veikindi barna, leyfi af persónulegum ástæðum og leyfi vegna annarra starfa fyrir skólann. Að frádregnum langtímaveikindum, yfir 30 samfelldum dögum, eru meðaltalsveikindi 9,1 dagur á hvern starfsmann. Leyfisdagar starfsmanna eru alls 468 eða 6,6 dagar á hvern starfsmann að meðaltali. Þetta er fyrir utan námsleyfi sem voru 50 dagar og önnur störf fyrir skólann sem voru 88 dagar. Kennslustundir sem felldar voru niður vegna forfalla kennara voru 272 eða tæplega 10% og sett var á forfallakennsla í 90% tilvika. Samkvæmt þessu má segja að 12 % starfsmanna hafi verið frá, af einhverjum orsökum, en á síðasta skólaári voru það um 10 % starfsmanna sem voru frá á hverjum degi. Það segir sig sjálft að þetta setur mark sitt á skólastarfið.

Samstarf Grunnskólans og leikskólanna

Samstarf Grunnskólans og leikskólanna er í nokkuð föstum skorðum. Nemendur í væntanlegum 1. bekk koma í þrjár skólaheimsóknir. Fyrst koma þeir með kennurum sínum í leikskólanum og skoða skólann. Í næstu heimsókn fá þeir að sitja kennslustund með nemendum í 1. bekk og hafa umsjónarkennarar 1. bekkja séð um það. Í þriðju og síðustu heimsókninni sem er í lok skólaársins, koma nemendur með foreldrum sínum og hitta verðandi kennara sína. Þeir hafa unnið með þeim ákveðin verkefni og meira að segja verið sett fyrir verkefni til að vinna að sumrinu. 7. bekkingar og verðandi 1. bekkingar áttu svo skemmtilegan dag saman í lok skólaársins. Leikskólanemendurnir á Tanga hafa borðað í mötuneyti skólans eftir að Tangi opnaði í kjallara Tónlistarskólans.
Á vorin eru skilafundir þar sem aðilar leikskólans skila upplýsingum varðandi nemendur og gengi þeirra til grunnskólans.

Starfsmannasamtöl

Starfsmannasamtöl eru vettvangur fyrir skoðanaskipti og eiga að bæta tengsl starfsmanns og yfirmanns. Tilgangur með starfsmannasamtölum er að gefa stjórnendum og starfsmönnum tækifæri til að ræða starfið og gagnkvæmar væntingar. Að starfsmaður verði betur búinn undir

að takast á við framtíðarverkefni. Að huga að þroska starfsmanns og þróun viðfangsefna hans til lengri tíma. Að meta þörf á fræðslu.
Allir starfsmenn skólans eiga rétt á slíku viðtali og geta óskað eftir að koma í viðtal til ákveðins stjórnanda að öðru leyti skipta stjórnendur með sér verkum.

Aðkeypt þjónusta

Skólinn fær sérfræðiþjónustu af Skóla- og tómstundasviði Ísafjarðarbæjar varðandi greiningar og stuðning við nemendur og starfsfólk. Einnig keypti skólinn þjónustu Tungumálavers Laugalækjarskóla fyrir nemendur sem læra annað tungumál en dönsku. Túlkaþjónusta er keypt af Fjölmenningarsetri og einnig þarf stundum að kaupa þjónustu iðnaðarmanna vegna ýmissa smáverkefna.

Skrifstofa Grunnskólans á Ísafirði

Ritari á skrifstofu skólans er einn, Agnes Kristín Aspelund í 100 % starfi. Ný aðstaða fyrir ritara var útbúin í vetur og er hún nú í aðalanddyri skólans. Skrifstofan er opin alla daga frá 7:45 til 15:45.
Helstu verkefnin á skrifstofunni hafa verið símsvörun, móttaka og upplýsingagjöf bæði til nemenda, foreldra, samstarfsmanna og gesta. Ritari skráir forföll nemenda. Einnig sér hann um skjalavörslu samkvæmt persónuverndarlögum.Ritari hefur einnig umsjón með skrifstofuvörum skólans, s.s. ritföngum og pappír sem og innkaupum á þeim sem, einnig sér hann um innkaup á ritföngum nemenda.

8. Samvinna og tengsl við aðila utan skólans

Grunnskólinn á Ísafirði hefur átt gott samstarf við ýmsa aðila utan skólans. Þeir voru helstir í vetur:
Bakarinn: Nemendur í 10. bekk fóru í starfskynningu.

Barna og unglingageðdeild Landspítala (BUGL): Nemendum með alvarleg hegðunar-vandkvæði eða tilfinningalega erfiðleika er vísað á BUGL til greiningar og/eða meðferðar.

Bílaverkstæði SB: Nemendur í 10. bekk fóru í starfskynningu.

Bæjarbókasafnið: Bekkir fóru í heimsókn yfir allan veturinn. Nemendur kynntu sér sumarlestur bókasafnsins og skráðu sig mörg til leiks.

Dægradvöl: Nemendur í 1. 2. og 3. bekk geta sótt Dægradvölina eftir að skóla lýkur.

Fablab: Kennsla fer fram í valgreinum bæði á mið- og unglingastigi. Fablab og

Fasteignir Ísafjarðarbæjar ehf: Er eigandi alls húsnæðis og sér um viðhald og endurnýjun á því.

Ferðaþjónusta fatlaðra: Sér um akstur fyrir fatlaða nemendur skólans.

Félagsmiðstöðin Djúpið: Er rekin af íþrótta- og tómstundaráði bæjarins. Mikið samstarf er við félagsmiðstöðina, t.d. Samfés söngvakeppnin, 1. des hátíðin og ýmislegt annað félagsstarf nemenda. Nemendaráð skólans starfar í tengslum við félagsmiðstöðina og skipuleggur starf hennar í samstarfi við forstöðumann.

Foreldrafélag G.Í.: Hefur boðið upp á námskeið fyrir foreldra og sýningar fyrir nemendur sem og styrkt skólann með góðum gjöfum. Foreldrafélagið hélt Halloween skemmtun í haust og vorhátíð með leiktækjum, andlitsmálun og grilluðum pylsum í júníbyrjun.

3x Technology: Buðu nemendum í 10. bekk í kynningu.

Eimskip/Flytjandi: Nemendur í 10. bekk fóru í starfskynningu.

Eyrarskjól: Nemendur í 10. bekk fóru í starfskynningu.

Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins (GRR): Börn með alvarlega námserfiðleika og þroskafrávik fá í flestum tilvikum greiningu á GRR.

Grunnskólar Ísafjarðarbæjar: Samstarf milli grunnskóla í Ísafjarðarbæ er með ýmsum hætti. Sameiginleg námskeið fyrir kennara og starfsfólk skólanna hafa verið haldin. Skólastjórnendur funda um það bil einu sinni í mánuði ásamt sviðsstjóra skóla-og tómstundasviðs.

Grunnskóli Bolungarvíkur hélt íþróttahátíð þar sem nemendur víða af Vestfjörðum öttu kappi.

Hárgreiðslustofan Ametyst: Nemendur í 10. bekk fóru í starfskynningu.

Háskóli Íslands - menntavísindasvið: Skólinn tekur árlega á móti kennaranemum í æfingakennslu.
Heilbrigðisstofnun Vestfjarða: Heilsugæsla skólans er á vegum heilbrigðisstofnunar og er hjúkrunarfræðingur í hlutastarfi við skólann. Nemendur í 10. bekk fóru í starfskynningu.

Hólar í Dýrafirði: Tóku á móti 3. bekk í sveitaferð 2019

HSV: Samstarfsaðili vegna frístundar – íþróttaskólinn.

Ísfirðingafélagið í Reykjavík: Hefur í mörg ár veitt útskriftarnema peningaverðlaun fyrir lofsverða ástundun og virka þátttöku í félagsstarfi.

Ísafjarðarhöfn: Nemendur í 10. bekk fóru í starfskynningu.

Ísafjarðarkirkja: Skólaslit GÍ fara ávallt fram í kirkjunni. Nemendur í 7. bekk tóku til í kirkjugarðinum á vorverkadegi.

Íslandsbanki: Tók á móti nemendum í 9. bekk og fræddi þá um fjármál.

Íslandssaga og Klofningur: Nemendum í 1. bekk var boðið í heimsókn og þeim sýnd fiskvinnslan, hausþurrkunarstöðin og beitningarskúr.

Kampi: Nemendur í 10. bekk fóru í starfskynningu.

Kiwanis klúbburinn á Ísafirði: Færir 1. bekkingum reiðhjólahjálma.

Kvenfélagið Hlíf: Veitir nemendum í 10. bekk viðurkenningar fyrir verk- og listgreinar. Styrkti einnig skólann með peningagjöf til kaupa á leiktjöldum.

Landsbanki: Tók á móti nemendum í 9. bekk og fræddi þá um fjármál.

Listaskóli Rögnvaldar: Nám við skólann fæst metið sem val í 8., 9. og 10. bekk.

Leikskólarnir Eyrarskjól, Sólborg og Eyrarsól: Grunnskólinn og leikskólarnir hafa með sér samstarf sem miðar að því að viðhalda góðum tengslum og samvinnu á milli skólastiganna. Elstu nemendur leikskólanna koma í skólaheimsóknir á vorin.

Lögreglan: Tekur nemendur í 10. bekk í starfskynningu.

Melrakkasetrið í Súðavík: Tóku á móti 2. og 9. bekk að vori.

Menntaskólinn á Ísafirði: MÍ býður 10. bekkingum í námskynningu. Námsráðgjafi og áfangastjóri M.Í. komu í heimsókn í G.Í. og kynntu skólann.

Muurikka.is: Hefur lánað Muurikka pönnunar og tekið nemendur í starfskynningu.

Náttúrustofa Vestfjarða, Bolungarvík: 5. bekkur fór í vorferð og vann verkefni

N1: Nemendur í 10. bekk fóru í starfskynningu.

Raggagarður: 2. og 9. bekkur fóru saman í garðinn að vori.

Rauði kross Íslands hélt námskeið fyrir nemendur 10. bekkjar. Bryndís Friðgeirsdóttur og Auður Ólafsdóttir sáu um fræðsluna. Var með eitt námskeið um Börn og umhverfi í Hræring (vali á miðstigi).

Rótarý – klúbbur Vestfjarða: Veitir nemendum í 8.-10. bekk viðurkenningar fyrir ástundun og framfarir.

Safnahúsið: Tekur á móti öllum árgöngum, bæði á bókasafnið og ýmsar sýningar.

Safn Jóns Sigurðssonar á Hrafnseyri: Tekur á móti 8. bekk á hverju ári.

Sigríður Sigurjónsdóttir dýralæknir: Nemendur í 10. bekk fóru í starfskynningu

Sjóferðir Hafsteins og Kiddýjar fluttu nemendur og fararstjóra á Hesteyri vegna haustferðar 10. bekkjar.

Sjúkraþjálfun Vestfjarða: Nemendur í 10. bekk fóru í starfskynningu.

Skíðasvæði Ísafjarðarbæjar: Gott samstarf er á milli skíðasvæðisins og skólans vegna skíðaferða nemenda.

Skógræktarfélag Ísafjarðar: Nemendur í 6. bekk hafa gróðursett plöntur í vorferð og sett niður um 150 plöntur frá Yrkjusjóði.

Skólabúðirnar að Reykjum Hrútafirði: Nemendur í 7. bekk hafa farið í mörg undanfarin haust í skólabúðirnar.

Skóla- og tómstundasvið: Hefur rekstrarlegt og faglegt eftirlit með starfsemi skóla Ísafjarðarbæjar. Skóladeild veitir eftirfarandi sérfræðiþjónustu; einstaklingsþjónusta - greining og úrræði. T.d. sálfræðileg og kennslufræðileg greining námsvandamála og greining samskipta og hegðunarvandamála. Sérkennsluráðgjöf og aðstoð við áætlanagerð. Handleiðsla og ráðgjöf til starfsfólks skóla og foreldra.

Slökkvilið Ísafjarðarbæjar: Slökkviliðsmenn heimsækja 3. bekkinga og eru með eldvarnafræðslu. Samstarf vegna rýmingaræfinga og starfskynninga. Sér um eldvarnareftirlit í skólanum. 4. bekkur fékk að skoða slökkvistöðina, máta sig í alla bíla og fara á rúntinn á slökkvibílnum.

List fyrir alla: Að þessu fengum við verkið ,,Giltitrutt“.

Tónlistarskóli Ísafjarðar: Mikið samstarf er á milli skólanna. Tónlistarskólinn býður Grunnskólanum á nemendatónleika og nemendur frá tónlistarskólanum spila oftast nær á útskrift skólans. Grunnskólinn fær mjög oft aðgang að Hömrum, sal tónlistarskólans. Dagur íslenskrar tungu er haldinn 16. nóvember þar sem allir nemendur koma saman í hópum. Lokakeppni stóru upplestrarkeppninnar í 7. bekk er haldinn í Hömrum. Nám í skólanum er metið sem val í 8.-10.
bekk.

Tæknideild Ísafjarðarbæjar: Samstarf við umhverfis-og garðyrkjufulltrúa vegna vorverkadags.

VáVest: Stýrihópur um vímuefnaforvarnir. Skipulagði sjálfstyrkingarfræðslu frá foreldrahúsi.

Verslunin Nettó: Samstarf vegna nemenda.

Vestfirskar ævintýraferðir: Sjá um áætlunarakstur og skólaakstur, ásamt akstri í ýmsar ferðir á vegum skólans.

Vélsmiðja Þrastar Massa, samstarf vegna nemanda á vorönn.

Þjónustumiðstöð Ísafjarðarbæjar/áhaldahús: Starfsmenn þjónustumiðstöðvar aðstoða við margskonar flutninga og önnur tilfallandi verkefni.

Lýkur hér þessari yfirferð yfir helstu atriði skólastarfins veturinn 2018-2019. Svona samantekt getur aldrei verið tæmandi en er vonandi góð heimild um skólastarfið í heild sinni.

Sveinfríður Olga Veturliðadóttir, skólastjóri